

Lionsklúbburinn Agla, Borgarnesi

Númer klúbbs:	4075-0055813
Stofndagur Lionessukl Öglu	20.jan.1987
Stofndagur:	20. apríl 1994
Fjöldi stofnfélaga:	32
Stofnskrárhátíð:	7. október 1994
Fundartími:	1 þriðjudag kl.19.30
Fundarstaður:	Hótel Borgarnes
Netfang	bjornh@isl.is , eða gaa@simnet.is

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Elfa Hauksdóttir
Ritari	Steinunn Árnadóttir
Gjaldkeri	Íris Hlíðkvist Bjarnadóttir

Þegar klúbburinn hóf verðarstarfið voru virkir félagar 31. Á starfsárinu hætti 1 félagi og annar kom inn þ.a. fjöldinn var óbreyttur frá hausti.

Fjáraflanir:

Aðalfjáröflun klúbbsins er dansleikur fyrsta vetrardag, Geirmundarballið. Einnig er gefið út blað í desember sem sent er inn á hvert heimili í héraði og er allnokkur ágóði af því. Ýmsar minni fjáraflanir eru einnig eða það sem kemur inn á borð hjá okkur hverju sinni.

Verkefni:

Þetta árið ákvað stjórnin að styðja einstaklinga í héraði sem eiga við veikindi eða erfðleika að stríða. Einnig eigum við fósturbarn í Ungverjalandi sem við styrkjum. Borgarbyggð bauð Lkl. Öglu að sjá um verkefni fyrir sig en það var að velja fallegast garð og götu í Borgarnesi svo og fallegasta sveitabýlið í Borgarbyggð. Á hverju hausti er eldri borgurum boðið til skemmtunar á Hótel Borgarnesi.

Félagsstörf:

Félagsstarfið í vetur gekk mjög vel. Var oft brugðið á leik og fór siðameistari á kostum. Við fengum til okkar nokkra fyrirlesara: Karítas Skarphéðinsdóttir flutti fyrirlestur um sjálfsstyrkingu kvenna, Svanhildur B. Svansdóttir kynnti starfsemi sína, umdæmisstjóri heiðraði okkur einn fund með nærveru sinni og sagði frá starfi sínu svo fátt eitt sé nefnt.

Þrettándagleði var haldin í Lyngbrekku. Farið var í mjög vel heppnaða ferð til Prag þar sem konur skemmtu sér vel í mat og drykk og í skóbúðum. Leikhúsferð var farin. Sáum við "Ég er mín eigin kona". **Sveltifundur** var haldinn í Óðali sem stendur reyndar ekki alveg undir nafni og vel heppnuð óvissuferð var farin á heimaslóðir formanns eða til Stykkishólms.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	María Eyþórsdóttir
Ritari	Dóra Sigríður Gísladóttir
Gjaldkeri	Jónína Ingólfssdóttir

Lionsklúbbur Akraness

Númer klúbbs:	4075 021285
Stofndagur:	22. apríl 1956
Fjöldi stofnfélaga:	15
Stofnskrárfundur:	20. október 1956
Fundartími:	1. og 3. þriðjudagur kl. 19:00
Fundarstaður:	Lionshúsið Suðurgötu 108

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Jósef H Þorgeirsson
Ritari	Benjamín Jósefsson
Gjaldkeri	Sigurvin Sigurjónsson
Meðstjórnendur	Guðmundur Pálmason og Ólafur Grétar Ólafsson

Í upphafi starfsársins voru 31 félagar, en í lok starfsársins 29. Tveir félagar sögðu sig úr klúbbum.
Mæting á fundum var í meðallagi.

Fjáraflanir:

Fjáraflanir starfsársins voru þessar: Leiga á ljósakrossum í kirkjugarðinum, dreifing sorpdagatala í samvinnu við Lkl. Eðnu, sala á jóladagatölum, vöktun á áramótabrennu fyrir Akraneskaupstað.

Verkefni:

Að venju var haldið bocciamót fyrir íþróttafélag fatlaðra, Þjót, þar sem Lkl. Akraness sá um dómgæslu, veitingar og verðlaunagrip. Þá var veitt framlag í Alþjóðahjálparsjóð Lions.

Einnig var fjölskylda styrkt vegna andláts. Í tilefni af 50 ára afmæli klúbbsins var eftirtöldum aðilum veittur styrkur á afmælifundi klúbbsins þann 22. apríl 2006. Björgunarfélagið, Tónlistarskólinn, Íþr.fél.Þjótur, Dvalarheimilinu Höfða. Þá voru gefin tæki á Sjúkrahúsið.

Heildarupphæð styrkja og tækja var u.þ.b. kr. 1.800.000.-

Félagsstörf:

Haldnir voru 14 fundir á starfsárinu. Á marga fundina mættu fyrirlesarar og fræddu féлага um hin ýmsu málefni. Að venju var farið í lokaferð, að þessu sinni um Borgarfjörð og endað á lokafundi í Fossatúni.

Leikhúsferð var farin ásamt félögum í Lkl. Eðnu og mökum.

Jólafundur var haldinn í Garðakaffi á Safnasvæðinu ásamt Lkl. Eðnu.

Lkl. Akraness hélt 50 ára afmælishátíð í Hafnarfirði með jafnöldrum sínum, Lkl. Hafnarfjarðar og Lkl. Keflavíkur. Á undan var farið í heimsókn til forseta ÍslandsáBessastöðum.

Lkl.Akraness hélt 51.umdæmisþing ásamt Lkl. Eðnu og var það mikið átak fyrir féлага beggja klúbba.

Valdimar Þorvaldsson félagi í Lkl. Akraness gengdi starfi umdæmisstjóra í umdæmi 109B á starfsárinu, og Benjamín Jósefsson gengdi starfi svæðisstjóra á svæði 3.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Benjamín Jósefsson
Ritari	Ófeigur Gestsson
Gjaldkeri	Jón H. Þórarinnsson

Benjamín Jósefsson, ritari

Lionsklúbbur Akureyrar

Númer klúbbs:	4075 021316
Stofndagur:	10. mars 1956
Stofnskrárhátíð	10. mars 1956
Fjöldi stofnfélaga:	16
Fundartími:	2. og 4. fimmtudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Sólbrekka, Spítalavegur 11A

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Valdimar Brynjólfsson
Ritari	Sigurður Halldórsson
Gjaldkeri	Bjarni Kristjánsson

Í byrjun starfsárs voru félagar 21 og einn hætti.

Fjáraflanir:

Fjáraflanir: Seld voru jóladagatöl eins og undanfarin ár, hagnaður af því var kr. 488.100,- Dreifing bóka fyrir bókaforlag kr. 63.000,-

Verkefni:

Sjálfsbjörg iðjuþjálfun (tækjakaup barnasal)	100.000
Íþróttafélagið Akur	50.000
Íþróttafélagið Eik	50.000
LCIF vegna alþjóðlegs sjónverndaráttaks (Campaign SightFirst 2)	50.000
Verkefnasjóður Lions á Íslandi	50.000
Væntanlegt framlag í líknardeild FSA.	100.000
Áætlaður kostnaður v/unglingaskipta	100.000

Samtals: 500.000

Verkefnisskýrsla, vinnustundir:

Ástjórn	126 tímar @2.000 kr.	252.000
Dreifing afmælisrits	72 tímar @2.000 kr.	144.000
Merking og dreifing Jóladagatala	80 tímar @2.000 kr.	160.000

Samtals: kr. 556.000

Félagsstörf:

Þetta starfsár snérist aðallega um afmælið, klúbburinn varð 50 ára á árinu. Gefið var út veglegt rit af því tilefni og hátíð haldin 10. mars. Fengnir voru fyrirlesarar á fundi sem mæltist vel fyrir.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Eyþór Karlsson
Ritari	Jón M. Jónsson
Gjaldkeri	Reynir Karlsson

Lionsklúbburinn Ásbjörn, Hafnarfirði

Númer klúbbs:	4072 021286
Stofndagur:	26. mars 1973
Fjöldi stofnfélaga:	26
Fundartími:	1. og 3. fimmtudagur hvers mán. kl. 19:00
Fundarstaður:	Gaflinum, Hafnarfirði.

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður Halldór Kristjánsson

Ritari Örn Gunnarsson

Gjaldkeri Þorvaldur Karlsson

Í upphafi starfsársins voru félagar 48. Fimm félagar gengu úr klúbbum, einn gekk inn þannig að við erum 43 í lok starfsárs. Mæting á starfsárinu u. þ. b. 70%

Fjáraflanir:

Tvær meginfjáraflanir voru á starfsárinu. Sú fyrri var okkar árlega jóladagatalasala, hin er okkar árlega bjórhátíð sem alltaf er í byrjun mars. Samtals skiluðu þessar fjáraflanir klúbbum kr. 1.140.000.-.

Verkefni:

Starf klúbbsins hefur verið með hefðbundnum hætti í vetur. Einu sinni í mánuði héldum við bingó fyrir aldraða að Hrafnistu í Hafnarfirði, ásamt Lkl. Kaldá. Framlag vegna bingókvöldanna var kr. 409.500 - Fjölgreinanámi við Lækjarskóla var gefin rafsúðuvél, kr. 100.000 -. Lækur, dagvistun fólks með geðraskanir kr. 130.000. - Dagvistun fyrir heilabilaða við Strandgötu í Hafnarfirði kr. 500.000.- LCIF vegna fellibylsins Katrínar kr. 21.000.- LCIF vegna Sight First II (\$ 2.000) u.þ.b. 140.000.- í tengslum við að tveir félagar voru sæmdir Melvin Jones viðurkenningu. Samtals kr. 1.300.500.- Klúbburinn mun í júlí í sumar, ásamt klúbbum á svæði 6 í A-umdæmi standa að unglingsbúðum sem að þessu sinni verða í gamla Lækjarskóla í Hafnarfirði.

Félagsstörf:

Fastur fundarstaður í ár var Gaflinn í Hafnarfirði. Stjórnin fór nýjar leiðir í nefndaskipan. Fólst hún í því að fækka nefndum, gera þær stærri og virkari. Góð reynsla var af þessari breytingu. Auk þess að vera á okkar fasta fundarstað, Gaflinum héldum við haustfagnað á Hótel Örk, jólafund í Golfskála Keilis og Þorablót í Hótel Stykkishólmur. Vorum makar okkar með á þessum fundum. Auk þess héldum við fundi í Hafnarborg, sameiginlegan fund með Lkl. Fold í Sóltúni 20 og lokafund starfsársins í Skíðaskálanum í Hveradölum. Við fengum marga góða gesti á fundi klúbbsins, sem fluttu okkur bæði fróðleg og skemmtileg erindi. Fram undan er gróðursetning í skógræktarreit klúbbsins í byrjun júní og sumarferð í lok júní.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður Helgi Jón Harðarson

Ritari Ólafur Vilhjálmsson

Gjaldkeri Atli Ólafsson

Fyrir hönd Lkl. Ásbjarnar

Örn Gunnarsson, ritari.

Lionsklúbburinn Baldur

Númer klúbbs:	4072-021305
Stofndagur:	24. október 1953
Fjöldi stofnfélaga:	12
Fundartími:	3. fimmtudagur hvers mánaðar
Fundarstaður:	Kaffi Reykjavík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Ólafur Ó Johnsson
Ritari	Oddur Eiríksson
Gjaldkeri	Markús Alexandersson

Meðstjórnendur: Birgir S. Bjarnason, Arnar Gíslason

Í upphafi starfsárs voru 31 félagi, einn gekk úr klúbbum og þrjú góðir félagar létust á árinu. Klúbburinn telur því í dag 27 féлага og meðal aldur félaga er 57ár. Að jafnaði var mæting um 68%

Fjáraflanir:

Helsta fjáröflun klúbbsins er perusala til fyrirtækja en hún var frekar döpur á síðasta ári.

Verkefni:

Klúbburinn styrkti Lyngásheimilið með tölvubúnaðargjöf að upphæð um 300.000 kr. Einnig sinnti klúbburinn uppgræðslu átaki sínu að Baldurshaga við Hvítárvatn með að sá áburði og grasfræi undir leiðsögn Landgræðslunnar á svæðið.

Félagsstörf:

Félagstörf voru með hefðbundnum hætti. Klúbburinn er með einn fund í mánuði sem yfirleitt er haldinn á Kaffi Reykjavík – 3ja fimmtudag í mánuði kl. 18:00. Tveir fundir á starfsárinu eru heimsóknir í fyrirtæki. Auk þess hefur klúbburinn staðið fyrir aukafundum sem eru þá aðrar upptökur eins og fjölskyldu-keila, heimsókn í listasafn, ofl.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður:	Birgir S. Bjarnason
Ritari:	Ásgeir Eiríksson
Gjaldkeri:	Arnar Gíslason
Varaformaður	Einar Þorsteinsson

Lionsklúbbur Álftaness (Bessastaðahrepps)

Númer klúbbs:	4072-044760
Stofndagur:	28. mars 1985
Fjöldi stofnfélaga:	23
Stofnskrárhátíð:	18. maí 1985
Fundartími:	1. og 3. fimmtudag í mánuði kl. 19:00
Fundarstaður:	Samkomusalur Íþróttahús Bessastaðahrepps

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Sigtryggur Jónsson
Ritari	Jörundur Jökulsson
Gjaldkeri	Richard Hansen

Fjáraflanir:

Helstu fjáraflanir klúbbsins eru Skötuveisla 23. desember og tókst sérlega vel þetta árið. Skötuveislan er orðin fastur liður hjá bæjarbúum. Hitt er Þorablót sveitafélagsins sem við höldum með Kvennfélaginu um 300 manna veisla. Svo eru smærri verkefni svo sem blómasala, uppsetning jólasería ofl.

Verkefni:

Að þessu sinni styrktum við félagasamtök innan sveitafélagsins til ferðalaga ofl
Tókum þátt í móttöku erlendra unglunga sem okkur þótti takast sérlega vel.

Félagsstörf:

Félagsstarfið stendur í mikklum blóma. Við fórum í heilmikla jeppaferð frá Höfðabrekku, héldum konukvöld út í bæ og fórum rúmlega 60 saman til Kúbu 20. mars í 8 daga, þar héldum við að sjálfsögðu Lionsfund, stórkostlegt upp lifelsi það.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Bragi Guðmundsson	Varaformaður: Jóhann Þór Kolbeins
Ritari	Einar Rafn Ingvaldsson	
Gjaldkeri	Guðmundur Örn Böðvarsson	

Lionsklúbburinn Bjarmi

Númer klúbbs:	4075 021320
Stofndagur:	2. mars 1975
Fjöldi stofnfélaga:	17
Fundartími:	2. og 4. miðvikudagur kl 21
Fundarstaður:	Lionssalurinn, Hafnarbraut 5

Stjórn yfirstandi starfsárs:

Formaður	Pétur Danielsson
Ritari	Eggert Karlsson
Gjaldkeri	Guðmundur Gíslason

Fjáraflanir:

Perusala í október, jóladagatöl í nóvember og sala á páskaliljum á skírdag. Einnig voru nokkrar tekjur af því að losa söfnunargáma með fernum og dagblöðum fyrir sveitarfélagið. Annað árið í röð tíndu Lionsmenn ásamt fjölskyldum sínum rusl með þjóðvegi 1 í Vestur-Húnavatnssýslu og þágu greiðslu fyrir frá Vegagerðinni.

Verkefni:

Nýju safnaðarheimili Hvammstangakirkju færðar 300 þúsund krónur að gjöf til kaupa á húsgögnum. Heilbrigðisstofnun Hvammstanga veittur styrkur til tækjakaupa. Fjölskyldu sem átti um sárt að binda vegna fráfalls fyrirvinnu veittur styrkur.

Félagstörf:

Félagsstarf með hefðbundnum hætti, jólafundur og þorablót með gestum og skemmtiatriðum. Konukvöld og lokafundur. Umhverfisátak í samvinnu við Vegagerðina og Húnaþing vestra, safnað rusli með þjóðvegi 1 og Hvammstangabraut og losaðir gámar með fernum og dagblöðum. Fjölskyldugrillveisla að lokinni ruslatínslu í maí. Fulltrúar klúbbsins mættu á svæðisfund og Lionsþing.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Einar Esrason
Ritari	Guðmundur Jónsson
Gjaldkeri	Guðmundur Haukur Sigurðsson

Lionsklúbburinn Björk, Sauðárkróki

Númer klúbbs:	4074 055750
Stofndagur:	26. maí 1994
Stofnskrárhátíð	5. nóvember 1994
Fjöldi stofnfélaga:	21
Fundartími:	1. miðvikudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Ólafshús

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Margrét Guðmundsdóttir
Ritari	Anna Guðbrandsdóttir
Gjaldkeri	Anna Sigríður Friðriksdóttir

Í upphafi starfsárs voru félagar 22, tvær konur gengu í klúbbinn á starfsárinu. Félagar því 24.

Fjáraflanir:

Verkefni:

Fyrir jólin voru þremur fjölskyldum færðar peningagjafir að fjárhæð kr. 70.000. Framlag í LCIF v/flóðasöfnun (USA) kr. 30.000. Framlag í Verkefnasjóð Lions kr. 11.500. Framlag í SightFirst II kr. 58.800. (800 \$) Grunnskólanum á Hólum gefnar kr. 40.000 v/kaupa á leiktækjum á skólalóð.

Í samstarfi við Lionsklúbb Sauðárkróks voru haldin jólaböll fyrir íbúða Sauðárkróks og nágrennis. Hefðbundið jólatrésball fyrir fjölskyldufólk og síðan unglíngaball um kvöldið.

Gáfum eitt MedicAlert merki. Litabækur gefnar í Árskóla. Dvalarheimili aldraða sótt heim þann 1. maí en þar aðstoðaði Geirmundur Valtýsson okkur við að skemmta eldri borgurum.

Félagsstörf:

Fundir voru vel sóttir og var fræðslu og skemmtiefni á flestum fundum.

Sameiginleg árshátíð allra klúbba í Skagafirði var haldin í Miðgarði fyrsta vetrar dag og tókst hún vel. Einnig héldu klúbbarnir sameiginlega námskeið fyrir féлага. Haldin var fjölskylduhátíð ásamt Lionsklúbb Sauðárkróks í Ljósheimum þar sem boðið var upp á veitingar og Bingó og var það vel sótt.

Héldum eitt fönðurkvöld fyrir klúbbfélaga. Lokafundur var haldinn 12. maí. Að venju var þetta óvissuferð sem endaði á Steinsstöðum en þar var fundað og síðan spjallað framm á nótt því hluti af hópnum gisti á staðnum.

Á næsta starfsári eiga Bjarkirnar að leggja til svæðisstjóra og hefur Ásta Búadóttir tekið það að sér.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Sigurborg Guðjónsdóttir
Ritari	Sigrún Marta Gunnarsdóttir
Gjaldkeri	Ragnheiður Guttormsdóttir

Lionsklúbbur Blönduóss

Númer klúbbs:	4075 – 021321
Stofndagur:	3. maí 1959.
Fjöldi stofnfélaga:	20
Fundartími:	2. og 4. þriðjudag kl. 19
Fundarstaður:	Hótel Blönduós, nema annað sé ákveðið

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Kristófer Sverrisson
Ritari	Jón A. Sæbjörnsson
Gjaldkeri	Ómar Ragnarsson

Fjáröflun:

Fjáröflun var með hefbundnu sniði, perusala og blómasala um jól.

Verkefni:

Lionsklúbbur Blönduóss hefur verið virkur í styrkveitingum til hinna ýmsu líknar- og menningarmála.

Félagsmiðstöðin Skjólíð var styrkt til sjónvarpskaupa.

Keyptar voru litabækur fyrir 3ja bekk grunnskóla vegna brunavarna.

Farið var í skólana á Blönduósi og Húnavöllum.

Hollvinasamtök heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi fékk styrk.

Félagsstarfið:

Nokkrir fyrirlesarar voru fengnir á almenna félagsfundum í vetur.

Fundir voru á þriðjudögum tvisvar í mánuði og voru matarfundir kl. 19. á Hótel Blönduós.

Heimsókn í Lkl. Skagastrandar í febrúar á TROSKvöld.

Í mars fórum við og skoðuðum Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkrók, og á fund með Lkl. Sauðárkróks.

Sviðamessa var haldin í Húnaveri og komu Lionsfélagar og gestir frá Lkl. Skagastrandar.

Konukvöld var í desember og einn nýr félagi tekinn í Lkl. Blönduóss.

Lokafundur var 28. apríl í veiðihúsinu Flóðvangi í Vatnsdal og voru konur okkar með.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Magnús Ólafsson
Ritari	Hans Vilberg Guðmundsson
Gjaldkeri	Valbjörn Steingrímsson

Kristófer Sverrisson formaður

Lionsklúbbur Bolungarvíkur

Númer klúbbs:	4075-021322
Stofndagur:	15.maí 1959
Fjöldi stofnfélaga:	24
Fundartími:	2. og 4.miðvikudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Finnabær

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Finnbogi Bjarnason
Ritari	Bjarni H Ingólfsson
Gjaldkeri	Baldur Smári Einarsson

Fjáraflanir:

Verkefni:

Félagsstörf:

Engin starfsemi var í klúbbum á starfsárinu.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður
Ritari
Gjaldkeri

Finnbogi Bjarnason, formaður

Lionsklúbbur Borgarness

Númer klúbbsins:	4075-02187
Stofndagur:	2. apríl 1957
Fjöldi stofn félaga:	15
Stofnskrárhátíð:	20. september 1957
Fundartími:	2. og 4. þriðjudag hvers mánaðar kl. 19:00
Fundarstaður:	Hótel Hamar

Stjórn þessa árs

Formaður	Stefán Skarphéðinsson
Ritari	Skúli G. Ingvarsson
Gjaldkeri	Stefán Logi Haraldsson
Stallari	Gísli Sumarliðason
Siðameistari	Sveinn G. Hálfðánarson

Í upphafi starfsársins voru félagar 36, þrír nýir félagar voru teknir inn í klúbbinn. Þeir eru: Bernhard Þór Bernhardsson, Stefán Sveinbjarnarson og Þórður Sigurðsson. Einn félagi, Árni Guðjónsson, flytur nú til Danmerkur næstu fimm árin. Valdimar Þorvaldsson var umdæmisstjóri í 109 B og Benjamín Jósefsson var svæðisstjóri á svæði 3.

Fjáraflanir:

Leikfangahappdrætti var í desember. Herrakvöld (sjávarréttakvöld) var haldið í mars og var happdrætti og málverkaupþöð aðal fjáröflun þess. Þá hafa félagar sett saman pappakassa í vingerðinni í Borgarnesi og til stendur að merkja nokkur bílastæði í Borgarnesi.

Verkefni:

Tveir félagar í Lionsklúbbi Borgarness tóku þátt í unglingskiptaverkefni fjöllumdæmisins, þeir Skúli G. Ingvarsson og Stefán Skarphéðinsson. Skúli tók á móti norskum pilti og Stefán tók á móti stúlku frá Austurríki og annarri frá Sviss.

Eldri borgurum var boðið á skemmtun á Hótel Borgarnesi á þjónustudegi Lions í samvinnu við Lionsklúbbinn Öglu. Þá var vistmönnum á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi færður glaðningur á aðfangadag og barnakór söng við undirleik Jóns Þ. Björnssonar, eins félaga okkar úr Lionbandinu. Styrkur var veittur til sunddeildar Skallagríms vegna Lionssundmótsins. Lögreglunni í Borgarnesi verða færð 2 hjartastuðtæki til að hafa í lögreglubifreiðum. Þá lagði klúbburinn 7.000- dollara í Sight first verkefnið númer 2. Þá var tveimur fjölskyldum færður styrkur.

Félagsstarfsemin:

Haldnir voru tveir klúbbfundir og tveir stjórnarfundir að meðaltali í hverjum mánuði frá september og fram í maí. Nýr fundarstaður var að Hótel Hamri. Skötufundur var haldinn á Þorláksmessu í hádeginu og flutti sr. Geir Waage hugvekju. Á flestum fundum voru flutt erindi um hin ýmsu efni og umdæmisstjórinn Valdimar Þorvaldsson mætti á fund hjá klúbbum. Farið var í leikhúsfærð í desember og sáum við Himnaríki eftir Árna Íbsen. Haldið var herrakvöld eins og áður hefur komið fram. Þá foru félagar ásamt mökum til Færeyja 21. til 24 apríl. Færeyjaferðin þótti takast mjög vel og var það ekki síst hinum góða leiðsögumanni Davíð Samúelssyni að þakka. Lokafundurinn var haldinn í Veiðihúsinu að Grímsá. Þar voru tilnefndir sjö nýir Melvin Jones félagar.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Páll S. Brynjarsson
Ritari	Kristmar Ólafsson
Gjaldkeri	Ingi Tryggvason

*f.h. Lionsklúbbs Borgarness
Stefán Skarphéðinsson*

Lionsklúbbur Búðardals

Númer klúbbs:	4075 021288
Stofndagur:	6. desember 1963
Fjöldi stofnfélaga:	16
Fundartími:	1. og 3. fimmtudagur kl. 20:30
Fundarstaður:	Rauðakrosshúsið, Vesturbraut 12, Búðardal

Núverandi stjórn:

Formaður	Jóhannes Haukur Hauksson
Ritari	Þorsteinn Jónsson
Gjaldkeri	Sæmundur Jóhannsson

Fjáraflanir:

Fyrir jólin var seldur jólavarningur líkt og undanfarin ár. Séð um hátíðahöld 17. júní gegn greiðslu frá Dalabyggð. Gengist var fyrir hleðslu slökkvitækja sem klúbburinn fékk styrk fyrir fyrir hvert hlað.

Verkefni:

Hjálparsjóður Lions styrktur. Nemendum á svæði klúbbsins færðar litabækur vegna brunavarna. Haldin jólatrésskemmtun. Íþróttasamband fatlaðra styrkt. Fjölskyldan í Sælingsdal styrkt vegna húsbruna. Styrkur verður veittur til Hjúkrunarheimilisins Fellsenda þegar nýtt hús verður vígt síðar í sumar. 17. júní hátíðahöld og verkefni um hleðslu slökkvitækja (sjá að ofan).

Félagsstarf:

Sameiginlegir fundir með Reykhóladeild; fyrsti fundur vetrarins í Bjarkalundi, fyrirfram blótaður Þorri í Dalsbúð, saltkjötsveisla á Reykhólum og árshátíð að Laugum. Ýmsir gestir heimsóttu klúbbinn og héldu erindi og klúbburinn heimsótti Heilsugæslustöðina í Búðardal.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Þorsteinn Jónsson
Ritari	Guðbrandur Ólafsson
Gjaldkeri	Björn Anton Einarsson

Stjórn Reykhóladeildar fyrir næsta starfsár:

Formaður:
Ritari:
Gjaldkeri:

Lionsklúbbur Dalvíkur

Númer klúbbs:	4075-021323
Stofndagur:	27. apríl 1960
Fjöldi stofnfélaga:	18
Stofnskrárhátíð:	15. október 1960
Fundartími:	1. og 3. fimmtudagur kl. 21:00
Fundarstaður:	Safnaðarheimili Dalvíkurkirkju

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Jón Kristinn Arngrímsson
Ritari	Árni R Óskarsson
Gjaldkeri	Guðmundur S Óskarsson

Í upphafi starfsárs voru 19 félagar og var sú tala óbreytt út starfsárið.

Fjáraflanir:

Perusala, útgáfa á auglýsingablaði, sala jóladagatala.

Verkefni:

Félagar settu upp jólatré við Dalvíkurkirkju og hefur sá siður haldist síðan 1961. Heimsókn á Dalbæ, heimili aldraðra, á þjónustudaginn 8.október og staðið var fyrir skemmtun þar ásamt Lkl. Sunnu.

Við höfum styrkt verkefnasjóð Lions, Íþróttasamband fatlaðra og Hjálparsjóð Lions. Gefin voru verðlaun og lögð fram vinna við skíðamót “Skíðað gegn vímu” í samvinnu við Skíðafélag Dalvíkur og einnig við Sundmót Lions í samvinnu við Sundfélagið Rán.

Verðlaun voru gefin í Dalvíkurskóla fyrir góðan námsárangur. Klúbburinn gaf einnig öllum fermingarbörnum í prestakallinu áritaðar sálmaþækur. Klúbbfélagar sáu um veitingar eftir eina messu í Dalvíkurkirkju í vetur að beiðni sóknarprests. Hin árlega Vorkoma Lkl. Dalvíkur verður haldin um hvítasunnuhelgina. Þar verða til sýnis myndlist o.fl.

Félagstörf:

Á nokkra fundi hafa verið fengnir gestir með söng og gamanmál, einnig hafa félagar séð um skemmtiefni.

Fórum í heimsón til Hofsós til að hitta féлага í Lkl Höfða.

Haldinn jólafundur þar sem mökum er boðið.

Héldum sameiginlegt þorablót með Lkl Sunnu.

Seinni fundurinn í maí er konukvöld og á þeim fundi verður Sigurður Valdimar Bragason gerður að Melvin Jones féлага.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Gunnþór Sveinbjörnsson
Ritari	Kristján Þórhallsson
Gjaldkeri	Símon Páll Steinsson

Árni R Óskarsson, ritari

Lionsklúbbur Djúpavogs

Númer klúbbs:	4072 021324
Stofndagur:	6. janúar 1973
Fjöldi stofnfélaga:	26
Stofnskrárhátíð:	7. apríl 1973
Fundartími:	1. og 3. mánudagur kl. 21:00
Fundarstaður:	Hótel Framtíð

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Erlingur Gunnarsson
Ritari	Eðvald S Ragnarsson
Gjaldkeri	Ragnar Eiðsson

Félagatala 8

Fjáraflanir:

Sala á jóladagatölum.
Sala á perum.
Sala á blómum á konudag.

Verkefni:

Jólagjafir handa einstæðingum.
Efsti bekkur Grunnskóla DjúpavogsStyrktur til náms og skemmtiferða.

Félagstörf:

Einn félagi gerður að Melvin Jones féлага.
Konukvöld haldið 28. apríl.
Farið á svæðisfundi samkvæmt nýrri svæðisskipan.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Erlingur Gunnarsson
Ritari	Eðvald S. Ragnarsson
Gjaldkeri	Ragnar Eiðsson

Eðvald S. Ragnarsson ritari

Lionsklúbburinn Eðna, Akranesi

Númer klúbbs:	4075 059760
Stofndagur:	20. maí 1997 (áður Lin. Akraness)
Fjöldi stofnfélaga:	36
Stofnskrárhátíð:	15.nóv 1997
Fundartími:	2. þriðjudagur kl: 19:30
Fundarstaður:	Lionshúsið Suðurgötu 108

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Sigrún Björnsdóttir
Ritari	Jónína Líndal Sigmarsdóttir
Gjaldkeri	Sigurveig Runólfssdóttir

Í upphafi starfsárs voru starfandi 35 félagar. Félagar í lok starfsárs eru 35. Mæting á fundum er mjög góð.

Fjáraflanir:

Þann 6. nóv síðastliðin stóð núverandi fjáröflunarnefnd fyrir minningartónleikum um Akurnesinginn Karl Sighvatsson tónlistarmann, sem hefði orðið 55 ára í september. Tónleikarnir voru í Bíóhöllinni á Akranesi.

Núna í febrúar vorum við með sölu á happadrættismiðum sem fjáröflunarnefnd sá um.

Verkefni:

Við eigum fösturson á Indlandi, sem klúbburinn sinnir vel. Auk reglulegra peningasendinga, sendum við góðar jólagjafir til hans og barnanna á heimilinu. Einnig munum við senda honum kveðjur og gjöf á afmælinu hans.

Styrkur veittur einstæðri móður nú fyrir jólin. Tónlistarskólinn á Akranesi fékk peningagjöf sem nam upphæð innkomu á minningartónleikana um Karl Sighvatsson.

Félagsstörf:

Markmið okkar í vetur var að hafa skemtilega og lifandi fundi í vetur og hlúa að innra starfi í klúbbum .

Við eignuðumst einn Melvin Johns féлага á árinu og var Þóra Björk Kristinsdóttir þess heiðurs aðnjótandi var þessi athöfn gerð á 25 ára afmæli klúbbsins nú í janúar.

Á fundum vetrarins hafa verið flutt fræðsluerindi. Einnig skemmtiatriði og söngur.

Höfum við einnig gert töluvert að því að fara með fundina á aðra staði t.d. á veitingarhús og hefur það mælst vel fyrir.

Gestir heimsóttu okkur á flesta fundi.

Leikhúsférfé var farin ásamt félögum í Lkl. Akraness og mökum.

Jólafundur var haldinn í Garðakaffi ásamt Lkl. Akraness.

Unglingaskiptinn voru síðaslið sumar og tóku 3 konur í okkar klúbb að sér unglunga og gekk það alveg ljómandi vel fyrir sig.

Umdæmisstjórn okkar Valdimar Þorvaldson kom til okkar í heimsókn 14. mars síðastliðin.

Undirbúningsnefnd fyrir fjöllumdæmisþingið nú í júní er í fullum undirbúningi og hafa allir meðlimir klúbbsins fengið verkefni.

Síðasti fundur vetrarins verður 29. apríl n.k. Þá fara fram stjórnarskipti, en síðan verður haldið í óvissuferð.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Sólrun Guðleifsdóttir
Ritari	Rósa Mýrdal
Gjaldkeri	Karen Jónsdóttir

Jónína Líndal Sigmarsdóttir, ritari

Lionsklúbburinn Eik, Garðabæ

Númer klúbbs: 4072-048171
Fjöldi stofnfélaga: 49

Stofndagur (Lin.) 17. apríl 1985
Stofnskrárhátíð (Lin.) 17. september 1985
Stofnskrárhátíð (Lkl.) 18. febrúar 1988
Fundartími 1. og 3. þriðjudagur, kl. 19:00
Fundarstaður Garðaberg, Garðatorgi 5

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður Steinunn Jóhannsdóttir
Ritari Guðrún H. Össurardóttir
Gjaldkeri Anna G. Torfadóttir

Félagar voru 39 í upphafi starfsárs, einn félagi það um flutning yfir í klúbb í USA. Félagar eru því 38.
Mæting er 98%.

Fjárafliar:

Sala á litabókum um brunavarnir. Útburður á Safnaðarblaðinu, lokun Vídalínskirkju á kvöldin, útbúin og borin fram súpa, brauð og álegg fyrir kirkjugesti Vídalínskirkju að lokinni messu 5 sunnudaga í vetur. Útbúnir sælgætiskransar og seldir í Smáralind. Sala á kertum og servíettum.

Dreifing á auglýsingum fyrir Hamborgarabúllu Tómasar, Hafnarfirði.

Verkefni:

Skemmtikvöld fyrir aldraða í Holtsbúð ásamt aðventukrans sem var færður Holtsbúð að gjöf: kr. 50.595.-. Litabækur fyrir 6 ára börn í 4 skóla í Garðabæ 150 stk. samtals kr. 30.000.-.

Leisertæki til notkunar við sjúkraþjálfun á Vífilstöðum. Tækið kostar rúmar 300 þús.krónur.

Hlutur Lkl. Eikar er 150.800.- á móti Kvenfél.Garðabæjar, en þær lögðu fram helming upphæðarinnar.

Borð í félagsheimili aldraðra kr. 19.800.-. Uppstoppaðir fuglar gefnir í skólanna, 4 stk. í Flatarskóla og 4 stk. í Hofstaðaskóla. kr. 60.000.-. Unglingaskiptabúðir í Ungverjalandi, einn unglingur kr. 59.000.-. Aðstoð við spilakvöld aldraðra í Garðabæ. Aðstoð við skráningu aldraðra í tómstundastarfi á hin ýmsu námskeið sem í boði eru. Vímuvarnarhlaup 11 ára barna kr. 45.000.-.

Undirbúningur unglingskiptabúða í Hafnarfirði í júlí 2006.

Félagsstörf:

Á öllum fundum vetrarins hefur verið fræðsluefni, söngur og skemmtiatriði og ýmsir gestir hafa komið. Farið var í óperuna í október. Guðmundur Rafnar Valtýsson umdæmisstjóri kom á októberfund. Farið var í heimsókn í Bókasafn Garðabæjar. Þar tók á móti okkur Oddný Björgvinsdóttir, bókasafnsfræðingur. Á nóvember fundi var farið í heimsókn á Veðurstofu Íslands undir leiðsögn Einars Sveinbjörnssonar veðurfræðings. Eldri félagi kom í heimsókn á desemberfund og mælti með að eldri félögum yrði boðið oftast að koma inná fund og þarafleiðandi boðin innganga í klúbbinn. Janúarfundur var haldinn í Fjölbrautarskóla Garðabæjar. Það var makafundur og gestur fundarins var Margrét Tómasdóttir, skátahöfðingi Íslands.

Á apríl fundi var gestur okkar Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur hjá Sorpu.

Konur kvöldsins hafa verið kosnar á fundum og það hafa verið félagar sjálfir sem komið hafa í pontu og sagt nánar frá lífshlaupi sínu og sinna. Þetta hefur fallið í góðan jarðveg og konur kynnst nánar.

Grillferð var farin í maí til Hveragerðis og gróðursetningarferð í Smalaholtið einnig í maí.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður:	(P) Hjördís Sigurðardóttir	Varaformaður:	(VP) Laufey Jóhannsdóttir
Ritari:	(S) Ingibjörg Steingrimsdóttir	Vararitari:	(VS) Erna Aradóttir
Gjaldkeri:	(T) Guðrún Á. Eggertsdóttir	Varagjaldkeri:	(VT)Guðbjörg Stephensen

Lionsklúbburinn Eir, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072 048030
Stofndagur (Lin):	14. apríl 1984
Fjöldi stofnfélaga:	46
Stofnskrárhátíð:	(Lkl) 12. janúar 1988
Fundartími:	1. og 3. mánudagur kl. 19:00
Fundarstaður:	Lionsheimilið, Sóltúni 20

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Margrét Níelsen
Ritari	Viktoría Ísaksen
Gjaldkeri	Kristín Thorarensen

Félagar voru 38 í upphafi starfsárs þar af einn ævifélagi. Einn lést á árinu og tveir hættu í lok starfsárs.

Fjáraflanir:

Frumskýning kvikmyndarinnar “Good night and good luck” og fjáröflun í formi penna- og merkjasölu fyrir Krabbameinsfélagið.

Verkefni:

Búið er að úthluta styrkjum úr líknar- og verkefnasjóði. Farið var í heimsóknir á Hjúrunarheimilið Skjól sex sinnum í vetur, færðum vistmönnum góðgerðir með kaffinu og tókum lagið ásamt tveimur hlómlistarmönnum. Söfnuðum birkifræi og gáfum Lafndgræðslu ríkisins. Gróðursetning fyrirhuguð í Heiðmörk 12.júní.

Félagsstörf:

Ýmislegt hefur verið gert í vetur. Fyrri fundur hvers mánaðar að vana í Lionsheimilinu en seinni fundur utan heimilisins. Góðir gestir hafa heimsótt okkur og miðlað af margskonar fróðleik okkur til ánægju þar mætti nefna, Guðmund Bjarnason lækni, hann fræddi okkur um heilsuvernd og mataræði. Á jólafundi okkar flutti Auður Eir jólahugleiðingu á sinn einlæga hátt. Jóhannes Kári Kristinsson augnlæknir frá Augnlæknastöðinni Sjonlag í Garfarvogi var með fróðlegt erindi um leiser tækni í augnlækningum. Farið var í skemmtilegar útivistarferðir. Lokafundur var óvissuferð um Suðurlands undirlendið sem farið var 24.maí.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Helga Lára Guðmundsdóttir
Ritari	Sigurhanna Gísladóttir
Gjaldkeri	Eyrún Kjartansdóttir

Viktoría Ísaksen, ritari

Lionsklúbburinn Embla

Númer klúbbs:	4072-049375
Stofndagur:	9. mars 1989
Fjöldi stofnfélaga:	31
Stofnskrárhátíð:	28. apríl 1989
Fundartími:	2. og 4. þriðjudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Hótel Selfoss

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Ragnheiður Ágústsdóttir
Ritari	Kristín Björnsdóttir
Gjaldkeri	Unnur Einarsdóttir

Fjáraflanir:

Þrif og blómasala.

Verkefni:

Við tókum að okkur þrif á íbúðarblokk þrifum 17 íbúðir, þrifum einnig Tónlistaskóla Árnesinga. Í haust skárum við hvönn fyrir Ævar Jóhannesson og fluttum hana í Kópavoginn er þetta ársvisst hjá okkur.

Í nóvember og mars héldum við diskótek fyrir vistmenn Sambýlanna á Selfossi og nágrenni að loknum dansi buðu Emblur uppá veislukaffi.

Við styrkjum stúlku í SOS barnaþorpi, gáfum í hjálparsjóð Selfosskirkju 50.000 fyrir jólin.

Félagsstörf:

Starf okkar hófst með gönguferð um Þrastarskóg og að lokinni göngu var haldinn fundur í Hafsteinsstofu þar var kynnt starf vetrarins og fyrirverandi félagi gékk til liðs við okkur aftur. Fundir okkar hafa verið haldnir í Hótel Selfoss og höfum við fengið fyrirlesara má nefna Kristjönu Stefánsdóttir ásamt undirleikara fluttu þau okkur nokkur lög af nýjum disk. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson las nokkrar Romsur. Umdæmisstjóri Guðmundur Rafnar Valtýrsson kom til okkar. Félagar hafa sagt ferðasögur frá Ástralíu og Kúbu. Hungurfundur þar var fönðrað fyrir jólin og jólalögin sungin einnig gönguferð á milli jóla og nýárs í umsjón skemmtinefndar, Hallgrímur Magnússon svæfingalæknir hélt fyrirlestur um náttúrulækningar, Hildur Hákonardóttir sagði okkur frá matargerð úr jurtum, Kristjana unglingskiptastjóri kom á einn fund hjá okkur, þar sem við sendum unglings sumar til Tyrklands. Fundur í Rauðahúsinu á Eyrarbakka þar gengu til liðs við okkur tveir nýir félagar.

Þorrablót héldum við líka.

Sameiginlegur fundur var með Lkl.Selfoss þar sem Gunnar pólfari sagði okkur frá ferð sinni á Pólinn. Í vor fengum við Foldarkonur og maka í heimsókn alltaf jafn gaman að hitta þær. Í júní byrjum förum við í Emblulundinn okkar og gróðursetjum tré. Við erum 29 félagar starfandi í vetur.

Í vetur höfum við haft svæðisstjóra á svæði 4 Guðmundu Auðunsdóttur, einnig umdæmisritara Kristínu Þorfinnsdóttir. Við höfum verið duglegar að mæta á svæðisfundi sem hafa verið fróðlegir og skemmtilegir.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Arnfríður Kristín Ólafsdóttir
Ritari	Þuríður Fjóla Pálmarsdóttir
Gjaldkeri	Margrét Lúðvígsdóttir

Ragnheiður Ágústsdóttir formaður.

Lionsklúbburinn Engey, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072 050382
Stofndagur:	1. mars 1990
Fjöldi stofnfélaga:	37
Stofnskrárhátíð:	6. október 1990
Fundartími:	2. / 4. mánudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Lionsheimilið við Sóltún

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Ína H. Jónasdóttir
Ritari	Helga Tryggvadóttir
Gjaldkeri	Halldóra Þorvaldsdóttir

Í upphafi starfsárs voru 24 félagar. Tveir bættust við á árinu, þannig að félagar eru 26 í lok starfsárs.

Fjáraflanir:

Klúbburinn tók þátt í pennasölu Krabbameinsfélagsins og var ágóði kr. 233.536,-. Við héldum flóamarkað í Lionsheimilinu í október og var ágóði kr. 70.000,-. Við vorum með harðfisksölu og ágóði kr. 15.000,-.

Verkefni:

Klúbburinn hefur styrkt dreng í SOS barnaþorpi í nokkur ár. Framlag í Menningarsjóð Lions/Orkester Norden kr. 15.000,-. Framlag í LCIF sjóðinn USD 1.000,- sérmerkt Sight First II. Barna- og ungl.geðdeild Landspítalans – BUGL var styrkt með framlagi kr. 200.000,-. Fatnaður af flóamarkaði að verðmæti kr. 681.700,- var gefinn í Konukot og Karlaathvarf, Miklubraut 20. Fatnaður að verðmæti kr. 172.000,- var sendur til Namibíu og Kúbu. Umhverfisverkefni, eins og undanfarin ár, er ræktun landskika í Heiðmörk. Í febrúar fóru klúbbfélagar í heimsókn í hjúkrunarheimilið Skógarbæ. Þar var boðið upp á skemmtiatriði, Seljurnar kvennakór í Breiðholti sungu og síðan var boðið upp á kaffi og heimabakaðar tertur.

Félagsstörf:

Starfið í vetur hefur gengið mjög vel og fundarsókn góð. Fundir hafa yfirleitt verið í Lionsheimilinu, en stöku sinnum farið á veitingahús. Jólafundur var haldinn á heimili formanns veitinganefndar. Einnig höfum við farið í kvikmyndahús og göngutúr. Á hverju ári förum við í Heiðmörk og sinnum landskikanum okkar. Þorrablót var haldið í janúar og þótti vel heppnað. Fyrirhuguð er vorferð 20.-21. maí til Keflavíkur og Reykjaness og verður þar lokafundur vetrarins.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Guðrún Þorvaldsdóttir
Ritari	Heiðrún Rútsdóttir
Gjaldkeri	Hildur Maríasdóttir

Lionsklúbbur Eskifjarðar

Númer klúbbs:	4072 021235
Stofndagur:	21. mars 1965
Fjöldi stofnfélaga:	20
Fundartími:	2. og 4. fimmtudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Slysavarnahúsið á Eskifirði

Stjórn yfirstandi árs

Formaður	Ásbjörn Guðjónsson
Ritari	Tómas Valdimarsson
Gjaldkeri	Gísli Benediktsson

Í upphafi árs voru félagar 17, einn bættist við en tveir hættu í lok starfsárs þannig að við verðum 16.

Fjáraflanir:

Perusala, jóladagatöl og fermingarskeyti.

Verkefni:

Styrkur til sjúkraþjálfara í Hulduhlíð, LCIF.
Íþróttafélag fatlaðra styrkt.

Félagsstörf:

Konukvöld.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Einar Björnsson
Ritari	Guðni Óskarsson
Gjaldkeri	Gísli Benediktsson

Lionsklúbbur Fáskrúðsfjarðar

Númer klúbbs:	4072-021326
Stofndagur:	21. júní 1966
Fjöldi stofnfélaga:	26
Fundartími:	1. og 3. þriðjudagur kl: 19:30
Fundarstaður:	Ekki fastur

Stjórn þessa starfsárs.

Formaður	Albert Kemp
Ritari	Friðmar Gunnarsson
Gjaldkeri	Smári Júlíusson

Fjáraflanir:

Sala á fermingarskeytum sem gekk vel.

Verkefni:

Styrkur til kaupa á tækjum vegna hjúkrunarheimilis kr. 100.000,-
Styrkur til einstaklings sem varð fyrir brunatjóni.
Tveir einstaklingar fengu jólagjafir, en sá siður er árviss.
Farið í heimsókn á dvarlarheimilið Uppsali með bingó og upplestur úr bókum.

Félagsstörf:

Umdæmisstjóri Guðmundur Rafn Valtýsson kom í heimsókn.
Mætt var á þrjá svæðisfundi og einn samfund.

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður	Agnar Jónsson
Ritari	Hermann Steinsson
Gjaldkeri	Halldór Snjólaugsson

Albert Kemp, formaður

Lionsklúbburinn Fjölnir, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072 021306
Stofndagur:	4. maí 1955
Fjöldi stofnfélaga:	13
Fundartími:	2. og 4. þriðjudag í mán. sept.-maí kl 19:00
Fundarstaður:	Lionsheimilið Sóltúni 20

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Þórhallur M Einarsson
Ritari	Ottó Schopka
Gjaldkeri	Ásgeir Eyjólfsson

Þegar klúbburinn hóf vetrarstarfið voru virkir félagar 20. Á starfsárinu bættust við einn virkur félagi og einn stuðningsfélagi. Þeir höfðu báðir áður verið félagar í klúbbum. Á starfsárinu lést einn félagi. Í lok starfsárs eru virkir félagar því 20 og einn stuðningsfélagi.

Fjáraflanir:

Engin hefðbundin fjáröflun fór fram á árinu. Klúbburinn átti í líknarsjóði í upphafi starfsárs um um 1,5 millj. kr. og hafði talsverðar vaxtatekjur af þeirri upphæð.

Verkefni:

Langtímaverkefni klúbbsins er stuðningur við Krýsuvíkursamtökin sem reka meðferðarheimili fyrir vímuefnaneytendur í Krýsuvík. Á 20 ára afmæli samtakanna nú í vor afhenti klúbburinn formlega tölvuver til afnota fyrir vistmenn heimilisins en það er mjög vel útbúið tölvum, sem klúbburinn fékk hjá Landsbankanum, en leggja þurfti í nokkurn kostnað við frágang á þeim. Þá stunda klúbbfélagar fræsöfnun á hverju hausti og senda til Landgræðslunnar í Gunnarsholti. Klúbburinn hefur samþykkt þátttöku í “Sight First” verkefninu og mun gerast svokallaður “model-klúbbur” en í því felst að klúbburinn mun leggja fram til verkefnisins um USD 8.000 á næstu þrem árum. Tveir félagar, þeir Guðmundur Ingólfsson og Sigurður Eggertsson, voru gerðir að Melvin Jones félögum á starfsárinu.

Félagsstörf:

Klúbburinn hélt 15 fundi á árinu auk lokafundar með mökum í vorferð klúbbsins. Mæting var mjög góð á árinu, að jafnaði 80-90%. Jólafundur var mjög fjölsóttur, alls mættu 46, en líknarsjóður klúbbsins býður jafnan ekkjum látinna félaga á jólafundinn og mættu 10 ekkjur að þessu sinni. Þá sóttu nokkrir félagar Krýsuvíkursamtökin í tilefni af 20 ára afmælinu en þar var fjölmenn móttökuathöfn og tók formaður Lkl. Fjölnis við viðurkenningarskjali fyrir öflugan stuðning klúbbsins við samtökin. Vorferð klúbbsins var farin á Hótel Heklu á Skeiðum og var hún jafnframt lokafundur og konukvöld. Fyrirlesarar á fundum klúbbsins í vetur voru Ása L. Aradóttir, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni, Guðmundur Rafnar, umdæmisstjóri, Ólafur G. Einarsson, fyrrverandi alþingismaður og Magnús Skarphéðinsson, formaður Sálarrannsóknarfélags Rvk.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Heimir Br. Jóhannsson
Ritari	Sigurður Sigurðsson
Gjaldkeri	Wolfgang Stross

Lionsklúbburinn Fjörgyn, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072 050538
Stofndagur:	14. maí 1990
Fjöldi stofnfélaga:	29
Stofnskrárhátíð:	1. desember 1990
Fundartími:	2. og 4. fimmtudagur kl 19:00
Fundarstaður:	Lionssalurinn í Grafarvogskirkju

Stjórn þessa árs:

Formaður	Guðmundur Helgi Gunnarsson
Ritari	Helgi Sigurbjartsson
Gjaldkeri	Gestur Már Þórarinnsson

Félagar nú eru 30, þar af einn stuðningsfélagi. Einn félagi tók sér leyfi í upphafi starfsárs.

Verkefni:

Aðalverkefni klúbbsins í vetur voru Stórtónleikar í Grafarvogskirkju þann 10. nóvember 2005. Fjölmarginir listamenn lögðu okkur lið og gáfu allir sitt framlag. Tónleikarnir tókust afar vel. Hagnaður var um 1.3 milljónir sem rann til Barna og unglingsdeildar Landspítala. Húsaleiga til Grafarvogskirkju var 150.000. Annar kostnaður t.d. leiga á hljóðkerfi og auglýsingar nam hundruðum þúsunda.

Einnig afhentum við Barnaspítala Hringsins speglunartæki til að skoða nef og háls ungbarna. Verðmæti þeirrar gjafar er um 1 milljón. Við heimsóttum hjúkrunarheimilið Eir ásamt félögum í Lkl. Úlfari þar sem boðið var upp á skemmtiatriði og veitingar á eftir.

Félagsstörf:

Fundir hafa verið tvisvar í mánuði að öllu jöfnu. Þó var ákveðið að hafa öðru hvoru svonefnda léttu fundi þar sem gert var eitthvað annað en hefðbundin fundarstörf. Við höfum m.a. farið í keilu og gókart.

Á starfsárinu náðist samkomulag við safnaðarnefnd Grafarvogssóknar um að klúbburinn hafi til umráð sal á 2.hæð Grafarvogskirkju til ágúst 2012 (þetta var gert í framhaldi af vinnu klúbbfélaga við parketlögningu í kirkjunni á vormánuðum 2005).

Héldum hefðbundinn jólafund með konunum í desember í safnaðarsal kirkjunnar og herrakvöldið á bóndadaginn í Framheimilinu þar sem gestir voru um 180 og tókst afar vel. Páskabingóíð var á sínum stað þar sem félögum úr Lkl Úlfari var boðið að vera með. Stjórnarskiptaferð með mökum út í bláinn var í maí. Í ferðinni var stofnfélögum afhent 15 ára starfsmerki og Þór Steinarssyni var veitt Progressive Melvin Jones viðurkenning.

Klúbbfélagar fara ásamt mökum til Barcelona í september næstkomandi.

Stjórn næsta árs:

Formaður	Einar Þórðarson
Ritari	Andrés Ásmundsson
Gjaldkeri	Hreinn Ólafsson

Reykjavík maí 2006

Helgi Sigurbjartsson, ritari

Lionsklúbburinn Fold, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072-050539
Stofndagur:	16. maí 1990
Fjöldi stofnfélaga:	27
Stofnskrárhátíð:	1. desember 1990
Fundartími:	3. mánudagur, kl 19:00
Fundarstaður:	

Stjórn þessa árs :

Formaður	Rannveig Ingvarsdóttir
Ritari	Sigrún Anna Stefánsdóttir
Gjaldkeri	J. Sóley Gunnarsdóttir

Í upphafi starfsárs voru 28 virkir félagar, tvær hættu og ein kom inn.

Þannig að nú eru 27 félagar starfandi í Lionsklúbbum Fold í Reykjavík.

Fjáröflun:

Árleg pökkun á söfnunarbaukum fyrir Hjálparstofnun Kirkjunnar og gaf hún okkur kr.396.000.-

Seldum penna fyrir Krabbameinsfélag Íslands og var ágóðinn af þeirri sölu kr. 87.250.-

Sáum um kaffiveitingar í Grafarvogskirkju þegar Lkl. Fjörgyn hélt tónleika og var innkoman kr. 69.765.-

Við sáum um þjónustu í Lionsheimilinu í vetur fyrir klúbbfundi og aðrar upptökur andvirði þeirrar vinnu var kr. 270.000.-

Verkefni:

Sáum um veitingar í Lionsheimilinu þegar alþjóða forseti kom í heimsókn í ágúst

Árlega er haldið þorablót í Skálatúni sem metið er á 30 klst.

Við styrkjum SOS hjálparsjóðinn með eitt barn á hverju ári.

Styrktum veikt barn til Boston kr. 100.000.

Styrktum ungling til Kínafarar.

Við gáfum BUGL kr. 300.000 sem notað verður í uppbyggingu á aðstöðu barnanna.

Þjónuðum á Þorablóti hjá Lionsklúbbum Fjörgyn.

Gróðursetning verður farin í júní.

Greiddum í verkefnasjóð Lions 500 kr. pr. féлага.

Félagsstörf:

Félagsfundur er þriðja mánudag í mánuði.

Útivistarfundir eru að meðaltali einu sinni í mánuði. Við byrjuðum á að fara til Budapest í afmælisferð í haust.

Farnar hafa verið nokkrar gönguferðir um Reykjavík á árinu.

Einnig höfum við heimsótt Bergvík glerverksmiðju á Kjalarnesi.

Heimsóttum Lionsklúbbinn Emblur á Selfossi.

Fengum Lionsklúbbinn Ásbirninga í heimsókn til okkar í vetur.

Við erum með þrjá féлага í klúbbum sem gegna störfum fyrir fjöllumdæmis- og umdæmisstjórn.

Stjórn næsta árs:

Formaður	Rósa Valtýrsdóttir
Ritari	Arndís Jónsdóttir
Gjaldkeri	Eygló Grímsdóttir

Sigrún Anna Stefánsdóttir, ritari lkl. Fold

Lionsklúbburinn Freyr

Númer klúbbs:	4072 021307
Stofndagur:	29. febrúar 1968
Fjöldi stofnfélaga:	35
Stofnskrárhátíð	4. maí 1968
Fundartími:	1.og 3. mánudagur kl. 18:45
Fundarstaður:	Sunnusal Hótel Sögu

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Gunnar Kr Gunnarsson
Ritari	Jón V Halldórsson
Gjaldkeri	Magnús Tryggvason

Fjáraflanir:

Innflutningur og sala jóladagatala á Stór-Reykjavíkursvæðinu utan Hafnarfjarðar, dreifing, eftirlit og uppgjör á 97 útsölustöðum. Lionsklúbbum á landsbyggðinni eru seld dagatöl í heildsölu þeim til fjáröflunar og þökkum við þeim samstarfið.

Verkefni:

Freyr var fyrsti klúbbur í Evrópu til að klára Sight First II verkefnið, US \$ 400 pr. féлага. Síðan var bætt um betur og bætt við US \$ 100 pr. féлага. Önnur verkefni sem Freyr kom að á árinu voru: Unglingaskipti á svæði 7. Ýmiss verkfæri til Ásgarðs. Verkefnasjóður Lionsumdæmisins. Fjórir Lazy-Boy stólar til Sængurkvennadeildar LSH. Tvö reiðhjól ætluð fötluðum fyrir skammtímavistunina á Móaflöt. Nettengin á Grensásdeild LSH R-2. Tæki og húsgögn á sex sambýli Styrktarfélags vangefinna. Íþróttasamband fatlaðra. Þvagblöðrumælir fyrir Hrafnistu. Styrkur við útvarpsþátt um vímuvarnir á útvarpi Sögu. Ýmiss tæki fyrir Ljósið styrktarfélag krabbameinsgreindra. Vatnaskógur tæki og vinna við hreinætisaðstöðu fyrir fatlaða. Slysavarnardeild kvenna á Seltjarnarnesi. Einn farmur af áburði í Þristinn borinn á við Suðurstrandarveg nálægt Þorlákshöfn.

Félagsstörf:

Félagar í klúbbum eru 26 og einn heiðursfélagi, óbreytt á starfsárinu. Klúbburinn hefur elst en býr að góðum grunni góðra féлага. Mæting er um 58% en félagar leggja fram gríðarlega vinnu í stóru og flóknu verkefni til fjáröflunar sem er sala og innflutningur jóladagatala.

Fyrirlesarar voru 4 á árinu og reið Jón Bjarni Þorsteinsson stór-Lion á vaðið með erindi um stöðu aldraðra og ræddi hvað hefði áunnist fyrir þá og hvað við gætum gert sjálf til að eiga góða daga seinni part ævinnar. Konum féлага var í fyrsta sinn boðið á fund hjá okkur af þessu tilefni. Auður Guðjónsdóttir flutti erindi um mænuskaðaða en Freyr hafði árið áður styrkt verulega sjónvarpsmynd hennar ásamt Lkl. Seltjarnarness, dótturklúbbi Freys, sem líka styrktu myndina og sátu fundinn. Ólafur Magnússon framkv.stj. Íþróttasambands fatlaðra heimsótti okkur og sagði frá fjölbreyttu starfi sambandsins. Síðasti gestur Freys var Guðmundur Hallvarðsson stjórnarformaður Hrafnistu sem fræddi féлага og konur þeirra um stöðu aldraðra, hver er staðan á vistrýmum fyrir aldraða, þar virðast margar nýjar hugmyndir í fæðingu. Freyr hefur greitt andvirði þriggja vistrýma á Hrafnistu og hafa ráðstöfunarrétt á þeim. Síðasti fundur ársins, sá albesti um árabíl, var haldinn á vinnusvæði, mötuneyti, Ásgarðs í Mosfellbæ. Óskar “stórkokkur” eldaði súpu og félagar hans buðu upp á ýmislegt góðgæti með henni. Greiddu félagar fullt verð fyrir glaðninginn sem rann til Leikfélags Ásgarðs. Formannsveisla var haldin að venju á heimili formanns. Í vorbyrjun heimsóttum við Skógarmenn í Vatnaskóg til að skoða framkvæmdir við hreinlætisaðstöðu sem Freyr hafði kostað. Staðurinn og starfsemin stórkostleg þar sem boðið er upp á nánast allt sem æskunni dettur í hug að gera. Frábært að sjá gleðina og ákafann í starfi ungu strákanna í leik og gaman að sjá og heyra hvernig umsjónarmenn staðarins sinna sínu starfi faglega og af áhugamennsku.

Að venju verður farin fjölskylduferð, núna í Þórsmörk um Jónsmessuna og að sjálfsögðu verður einnig merkingarferð á dagskrá í sumar, ekki enn vitað hvert verkefnið verður.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Halldór Gísli Sigurþórsson
Ritari	Sverrir Helgason
Gjaldkeri	Magnús Tryggvason

Lionsklúbburinn Fylkir

Númer klúbbs:	4072 033733
Stofndagur:	02. febrúar 1977
Fjöldi stofnfélaga:	20
Stofnskrárhátíð	30. apríl 1977
Fundartími:	1. miðvikudagur 21:00
Fundarstaður:	Hótel Kirkjubæjarklaustur

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Arnar Sigurðsson
Ritari	Gísli Kjartansson
Gjaldkeri	Baldur Þ Baldursson

Fjáraflanir:

Verkefni:

Félagsstörf:

Starf klúbbsins hefur verið með hefðbundnum hætti og mæting ágæt. Í upphafi starfsárs voru félagar 10. Einn félagi mun segja sig úr klúbbum og verðum við því bara 9 næsta ár. Farið var út að borða á jólahlaðborð eins og vant er. Greitt var í Alþjóðahjálparsjóð Lions, LCIF.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Ómar Jónsson
Ritari	Gísli Kjartansson
Gjaldkeri	Lárus Valdimarsson

Lionsklúbbur Garðabæjar

Númer klúbbs:	4072 021292
Stofndagur:	4. maí 1972
Fjöldi stofnfélaga:	30
Stofnskrárhátíð	16.sept 1972
Fundartími:	2 og 4 þriðjudagur klukkan 19.30
Fundarstaður:	Kirkjuhvoll, Safnaðarheimili Garðaprestakalls

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður Hinrik Hoe Hermannsson

Ritari Árni Geir Þórmarrsson

Gjaldkeri Ólafur Ellertsson

Í upphafi árs voru 19 félagar virkir og 1 stuðningsfélagi.

Fjáraflanir:

Loka Vídalínskirkju á kvöldin.

Sjá um meðlæti á svokölluðum “Súpumessum”.

Sjá um uppröðun stóla og borða fyrir menningartónleika á Garðatori.

Sjá um og reka veitingarekstur á menningartónleikum.

Grilla pylsur á fjölskyldudögum Garðasóknar

Verkefni:

Bingó fyrir eldri borgara í Garðabæ.

Hlúð var að góðursetningareit okkar við Vífilstaðarvatn, og þar komið fyrir borði með bekkjum.

Félagsstörf:

Annar hver fundur haldinn með hefðbundnu sniði, þar sem fundað er í félagheimili Garðasóknar, þá pöntum við heitan mat utan úr bæ, og fáum yfirleitt góðan fyrirlesar (gest), hinn fundurinn er haldinn úti í bæ, þar sem við heimsækjum fyrirtæki eða stofnanir og fræðumst um starfsemi þeirra.

Jólafundur var haldinn með mökum, þar sem boðið var upp á Jólahláðborð og einn af félögunum hélt jólahugvekju, til að koma öllum í gott jólaskap.

Vorferð klúbbsins var ferð til Færeyja.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður Jón M. Björgvinsson

Ritari Árni Geir Þórmarrsson

Gjaldkeri Ólafur Ellertsson

Hinrik Hoe Hermannsson

Formaður.

Lionsklúbburinn Garður

Númer klúbbs:	4072 046068
Stofndagur:	18. apríl 1986
Fjöldi stofnfélaga:	21
Fundartími:	2. og 4. hvern miðvikudag kl. 20.30
Fundarstaður:	Efra-Sandgerð, Lionshúsið í Sandgerði

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Pálmi Hannesson
Ritari	Þórhallur Steinarsson
Gjaldkeri	Anton Hjörleifsson

Félagafjöldi í byrjun starfsárs 10, einn nýr kom inn á þessu starfsári þannig að félagafjöldinn er 11

Fjárafliarir:

Ákveðið var í haust að hvíla klúbbinn á fjáröflunum þetta starfsárið

Verkefni:

Í byrjun sumars var eins og mörg undanfarin ár farið í Gerðaskóla og átta ára börnum færðir reiðhjólahljálmar að gjöf. Í desember færðum við ungum hjónum í Garðinum 50.000.- vegna veikinda barns sem þau hafa þurft að fara með erlendis til lækninga. Á 20 ára afmælisfundi klúbbsins sem haldinn var 18. apríl var samþykkt að leggja sem samsvarar 5000 dollurum í Sjónverndarátakið og gera klúbbinn um leið Model-klúbb.

Félagsstörf:

Starfði í vetur hefur verið á léttum nótum, sameiginlegur fundur með Lkl. Sandgerðis í haust þar sem umdæmisstjóri Guðmundur Valtýsson var í heimsókn, þá héldum við sameiginlegan jólafund í gamla fjósinu á Nesjum, eftir áramótin heimsóttum við þá féлага í Lkl. Hafnarfjarðar og var það virkilega góður fundur. Í byrjun maí héldum við í viking til Kaupmannahafnar, tilefnið var 20 ára afmæli klúbbsins, stoppuðum við í Kaupmannahöfn í fimm daga og tókst sú ferð í alla staði mjög vel

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Pálmi Hannesson
Ritari	Jenný K. Harðardóttir
Gjaldkeri	Þórhallur Steinarsson

Pálmi Hannesson
Formaður

Lionsklúbburinn Geysir

Númer klúbbs:	4072 043774
Stofndagur:	8. apríl 1984
Fjöldi stofnfélaga:	25
Fundartími:	1. og 3. miðvikudagur kl. 20:30
Fundarstaður:	Bergholt, Reykholtshverfi

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Gylfi Haraldsson
Ritari	Sigurður Guðmundsson
Gjaldkeri	Kristófer Tómasson
Siðameistari	Jón Sveinsson

Fjáraflanir:

Verkefni:

Félagsstörf:

Í vetur hefur starfsemin verið með hefðbundnum hætti. Við höldum fundina yfileitt í Bergholti í Reykholtshverfi og voru þeir haldnir 1. og 3. miðvikudag í mánuði kl. 20:30.

Svæðisstjóri Guðmunda Auðunsdóttir kom á annan fundinn okkar haustið 2005. Hún sagði það mikilvægt að hafa fundina skemmtilega.

Í nóvember fengum við Sólveigu Pétursdóttur félagsmálastjóra í uppsveitum Árnassýslu til að segja okkur frá starfi sínu.

Í desember fengum við Guðmund Rafnar umdæmisstjóra á fundinn.

Í febrúar var fundur í Skálholti í boði Bernharðs Guðmundssonar og fór hann með okkur um sýningu um Brynjólf Sveinsson biskup.

Sameiginlegur fundur Lionsklúbba Skjaldbreiður, Laugardals og Geysis var haldinn í Úthlíð í mars í boði Lionsklúbbsins Geysi.

Í apríl höldum við opinn fund um orkumál og fengum prófessor Braga Árnason til að flytja erindi.

Stefnt er því að fara til Klausturs 20.mái og skoð safnið á Skógum í leiðinni.

Við keyptum húsgögn fyrir nemendur Reykholtsskóla.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Gunnar Sverrisson
Ritari	Ólafur Stefánsson
Gjaldkeri	Elvar Ólafsson
Siðameistari	Gylfi Haraldsson

Með Lionskveðju

Sigurður Guðmundsson, ritari

Lionsklúbbur Grindavíkur

Númer klúbbs:	4072-021291
Stofndagur:	16. febrúar 1965
Fjöldi stofnfélaga:	17
Stofnskrárhátíð:	1. maí 1965
Fundartími:	2 og 4. miðvikudagur kl: 19.30
Fundarstaður:	Veitingahús Jennýjar Sjávarperlan í Grindavík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Halldór Ingvason
Ritari	Arnbjörn Gunnarsson
Gjaldkeri	Helgi Einarsson

Félagafjöldi í byrjun starfsárs 26. Tveir nýjir gegnu í klúbbinn og einn gamall hóf aftur störf.

Helstu fjáraflanir:

Kúttmagakvöld og útbuður jólapakka og skiluðu bæði verkefni vel.

Verkefni:

Gefið var hjartastuðtæki á heilsugæslustöðina í Grindavík, ein rödd í orgelsjóð kirkjunnar, sem deilist á fjögur ár. Eitt þúsund dollarar í sjónverndaráttak Lions, 20 dollara pr féлага í LCIF og 20 dollara pr féлага í alþjóðahjálparsjóð Lions.

Félagsstarfið:

Félagsstarfið var nokkuð hefðbundið, konukvöld, kirkjufundur, þorralót og kúttmagakvöld. Fengnir voru fyrirlesarar á nokkra fundi og í lok apríl var farið til Kaupmannahafnar.

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður	Gunnar Vilbergsson
Ritari	Gunnlaugur Ú Gunnlaugsson
Gjaldkeri	Pétur Gíslason

Arnbjörn Gunnarsson, ritari

Lionsklúbbur Grundarfjarðar

Númer klúbbs:	4075 021292
Stofndagur:	28. janúar 1972
Fjöldi stofnfélaga:	22
Fundartími:	4 miðvikudagur hvers mánaðar
Fundarstaður:	Hótel Framnes Grundafirði

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður Jóhann Þór Ragnarsson

Ritari Dóra Haraldsdóttir

Gjaldkeri Pálmi Jónsson

Félagafjöldi í upphafi starfsárs 26, þar af einn séréttindafélagi, tveir félagar fluttu í burtu og hættu, sex nýir félagar gengu í klúbbinn og er nú félagafjöldinn alls 30.

Fjáraflanir:

Fermingaskeytasala, dósa- og flöskusafnanir, jóladagatala- og jólatrjáasala og súpusala á Grundarfjarðardögum. Klúbbfélagar skiptust á að sjá um matseld á fundum og seldu.

Verkefni:

Formlegir fundir haldnir einu sinni í mánuði, auk þess dósa- og flöskusafnanir, fermingaskeytasafnir, uppsetning jólatrés, jólatrés- og jóladagatalasala,

Aðstoðað við árshátíð eldri borgara á Snæfellsnesi.

Strákahópurinn kr. 100 þús. og Krabbameinsfélag Snæfellsnes kr. 50 þús. úr Líknarsjóðnum og Heilsugæslustöðinni Grundarfirði færð heyrnmælingatæki, púlsmæli með súrefnismælingu og fullkomið hjartastuðtæki.

Félagsstörf:

Allir formlegir fundir voru matarfundir og var mökum boðið að vera með.

Árlegt Kúttmagakvöld þar sem gestum er boðið. Ýmis fræðslu- og skemmtiefni flutt á fundunum. Starfsárinu slitið með fjölskyldudegi og grilli.

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður Hulda Vilmundardóttir

Ritari Jóna B. Ragnarsdóttir

Gjaldkeri Þorkell G. Þorkelsson

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar

Númer klúbbs:	4072 021293
Stofndagur:	14. apríl 1956
Fjöldi stofnfélaga:	15
Fundartími:	2. og 4. fimmtudagur kl. 19.00
Fundarstaður	Haukahúsið Ásvöllum Hafnarfirði

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Guðjón Þórir Þorvaldsson
Ritari	Gissur V Kristjánsson
Gjaldkeri	Ásgeir Jónsson

Í upphafi starfsárs voru félagar 33 talsins. Tveir félagar gengu í klúbbinn á tímabilinu. Annar þeirra var áður í klúbbnum, en hinn er nýr félagi. Í lok starfsársins eru því 35 félagar í klúbbnum.

Fjárafliar:

Sala á Gaflaramerkinu er aðalfjáröflun Lionsklúbbs Hafnarfjarðar eins og verið hefur undanfarin ár. Þetta starfsár var St. Jósefsspítali styrktur. Veittur var styrkur vegna kaupa á tæki til að hreinsa áhöld sem notuð eru við augnaðgerðir á spítalanum. Styrkur, kr. 50.000, var veittur til níu ára hafnfirskis drengs sem fór í heilaaðgerð til Boston. Annar 50.000 króna styrkur var veittur endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðinni *Ljósið* fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Auglýsingatekjur sem Lionsklúbbur Hafnarfjarðar fær af auglýsingum sem birtar eru í 40 ára afmælisblaði klúbbsins munu allar fara sem styrkur við SightFirst II verkefni Lionshreyfingarinnar.

Verkefni og félagsstarf:

Lionsklúbbur Hafnarfjarðar sá um skemmtikvöld fyrir aldraða eins og fyrr, þar sem félagar sáu um veitingar og skemmtiatriði. Tveir félagar voru tilnefndir sem Melvin Jones félagar í klúbbnum í vetur. Þetta starfsár komu fjöllumdæmisstjóri (Geir Hauksson) og varaumdæmisstjóri umdæmis 109A (Björgúlfur Þorsteinsson) frá Lionsklúbbi Hafnarfjarðar. Kiwanisklúbburinn Eldborg í Hafnarfirði heimsótti klúbbinn og endurgalt með því heimsókn Lionsklúbbs Hafnarfjarðar frá síðasta vetri til þeirra. Jólafundur Lionsklúbbs Hafnarfjarðar var haldinn í Fjörugarðinum í desember, en þar mættu eiginkonur félaga einnig. Á þessum fundi var Jóhannes Viðar Bjarnason veitingamaður í Fjörukránni útnefndur Gaflari ársins 2005 og hann fékk Gaflarastyttuna afhenta. Einn almennur fundur vetrarins var einnig haldinn í Fjörukránni í janúar. Gróðursetningarferð var farin í reit klúbbsins við Kaldárselsveg eins og undanfarin ár. Í sumar tekur klúbburinn þátt í alþjóðlegum unglingskiptum, sem klúbbarnir á svæði 6 í umdæmi 109A sjá um að þessu sinni hér á landi.

Á hverjum fundi í vetur var dregið í happdrætti sem er til styrktar ferðasjóði klúbbsins. Farið var í skemmtiferð með eiginkonum til Prag í Tékklandi um páskana. Lionsklúbbur Hafnarfjarðar átti 50 ára afmæli 14. apríl 2006 og laugardaginn 4. febrúar var haldið glæsilega upp á afmælið í Haukahúsinu á Ásvöllum. Þar var haldin afmælishátíð sameiginlega með Lionsklúbbi Keflavíkur og Lionsklúbbi Akraness, sem einnig fögnuðu 50 ára afmæli á þessu ári. Lionsklúbburinn Þór, sem er föðurklúbbur afmælisklúbba þriggja, tók einnig þátt í hátíðinni 4. febrúar. Vegna afmælis klúbbsins var gefið út veglegt 40 síðna afmælisblað sem klúbbfélagar báru sjálfir út í öll hús í Hafnarfirði.

Ýmsir gestir komu á fundi hjá klúbbnum á starfsárinu og fluttu erindi eins og venja hefur verið.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Ívar Þórarinsson
Ritari	Jakob Kristjánsson
Gjaldkeri	Haukur Þorvaldsson

Jóhannes Örn Oliversson

Lionsklúbburinn Harpa, Stykkishólmi

Númer klúbbs:	4075-055732
Stofndagur:	6.apríl 1994
Fjöldi stofnfélaga:	26
Stofnskrárhátíð:	28.okt.1994.
Fundartími:	1. fimmtudagur kl. 20.00
Fundarstaður:	Lionshúsið í Stykkishólmi

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Anna Sigríður Guðmundsdóttir
Ritari	Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir
Gjaldkeri	Guðrún Anna Gunnarsdóttir

Í upphafi starfsárs voru 29 félagar, 1 félagi fluttist milli klúbba þannig að í lok starfsárs eru félagar því 28.

Fjáraflanir

Súkkulaði- og vöfflusala á dönskum dögum. Vörutalningar í Bónus. Kökubasarar fyrir jól og páska. Penna- og lyklakippusala fyrir Krabbameinsfélag Íslands.

Verkefni:

Skemmtikvöld og kökuveisla fyrir eldri borgara í samvinnu við karlklúbbinn. Auk veittra styrkja til einstaklinga var sjúkrahúsinu fært hjartastuðtæki og peningur veittur í orgelsjóð kirkjunnar. Haldið var áfram að greiða með fösturdóttur klúbbsins í gegnum SOS-barnaþorp.

Félagsstörf:

Haldnir voru ýmiskonar fræðslu- og skemmtifundir á árinu. Má þar telja sameiginlegan fund með karlklúbbum þar sem undæmisstjórinn Valdimar Þorvaldsson kom og svaraði spurningum og kynnti starf sitt, sameiginlegan jólafund með karlklúbbum þar sem komið var saman ásamt mökum, matast og skiptst á skemmtiefni. Haldinn var sameiginlegur fundur með kvennaklúbbum á Snæfellsnesi í Klifi Ólafsvík.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Árný Ingibjörg Ólafsdóttir
Ritari	Kolbrún Jónsdóttir
Gjaldkeri	Kristín Ósk Sigurðardóttir

Steinunn I. Magnúsdóttir, ritari

Lionsklúbbur Hornafjarðar

Númer klúbbs:	4072-021330
Stofndagur:	9.nóvember 1966
Fjöldi stofnfélaga:	29
Stofnskrárhátíð:	21.janúar 1967.
Fundartími	2. og 4. miðvikudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Pakkhúsið, við Víkurbraut

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Unnsteinn Guðmundsson
Ritari	Guðbrandur Jóhannsson
Gjaldkeri	Hannes Ingi Jónsson

Fjárafliar: Verkefni: Félagsstarf:

Úrdráttur úr skýrslu stjórnar á aðalfundi klúbbsins 26. apríl.

Ég vil byrja þennan písil með því að minnast Óla Björgvinssonar sem lést í desember, við minnumst hans með hlýhug og þökkum góðum félaga vel unnin störf og fyrir samfylgdina.

Starfsemi vetrarins hófst af fullum krafti í september. Lagt var upp með að hafa léttleika í starfi okkar. Mæting vetrarins var frábær, góð fundaraðstaða okkar í Pakkúsinu og þjónusta Kaffi-Hornsins í mat og drykk til fyrirmyndar.

Við höfðum þá ánægju í vetur að taka sex nýja félaga inn í klúbbinn. Því fylgir mikil gleði að taka inn nýjann félag hvaðþá þegar þeir eru sex. Ég býð þá enn og aftur velkomna í hópinn ásamt eiginkonum.

Í febrúar fórum við í fjölskylduferð að Smyrlabjörgum en ætlunin hafði verið að veiða niður um ís í vötnum ofanvið Smyrlajörg. Breyttist ætlunin í skemtilega fjöruferð að Sævarhólaklettum með Sigurbirni Karlssyni þar sem lítið var um ís á vötnum í febrúarblíðunni. Enduðum í súkkulaðisamsæti hjá Laufeyju og Sigurbini í lok ferðar og áttum þar notalega samverustund.

Okkar fjáröflun var ýmiskonar, sala jóladagatala og auglýsingadagatala svo og Kúttmagakvöldið okkar. Allt gekk vel og félagarnir eru ávalt tilbúnir að gera það sem gera þarf, þegar þarf. Kúttmagakvöldið var skemtilegt og klúbbnum og okkar félögunum til sóma.

Kvikmyndaleikur var ný fjáröflun hjá okkur og fóru nokkrir félagar í Napoleonsbúninga og léku í franskri auglýsingamynd, fékk klúbburinn launamiða þessu til staðfestingar eftir áramótin, enda buið að greiða kr. 150,000,- fyrir viðvikið.

Fjáröflun vetrarins hefur gengið mjög vel. Höfum að venju lagt okkar til góðra málefna.

Við lögðum til röntgenmyndavélarsöfnunar Heilsugæslustöðvarinnar kr. 300,000,-. Við afhentum hjartastuðtæki í Sundlaug Hafnar og í Flosalaug Örafum og að tillögu Líknamefndar höfum við svo greitt nokkra tugi þúsunda til fólks sem hefur haft litlu úr að spila.

Klúbburinn verður 40 ára 9. nóvember n.k. Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Lionsfélagar með sínum fjölskyldum fóru um bæinn að hreinsa rusl, ræddu um sjóvarnir við Óslandstjörn, minnisvarða um Jón Eiríksson konferensráð, um stærsta andapoll í heimi og fleira. Afmælisnefndin er að störfum. Það verður haldið uppá afmælið og það verður gaman. Stefnt er að hópferð okkar félaganna í tilefni afmælisins.

Vorið er komið og félagsstarf tilheyrir eiginlega vetrinum. Til stendur að hafa tvo létta fundi, til viðbótar á okkar starfsári og þá í Lionslundinum eða annarsstaðar úti vorinu. Verður til þeirra boðað þegar verður komið hlýtt vor.

Eitt atriði þarf ég að nefna sem er grunnurinn, eða kanski einkenni okkar klúbbs. Það er annarsveggar glaðværð og hinsveggar velvild félaganna hvers til annars.

Markmið stjórnarinnar fyrir vetrarstarfið var einfalt: Að hafa gaman saman. Fjöldi féлага í lok starfsárs 28.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Þorsteinn Sigurjónsson	Varaformaður Sigurbjörn Karlsson
Ritari	Páll Björnsson	
Gjaldkeri	Sigurjón Steindórsson	

*F.h. Stjórnar Lionsklúbbs Hornafjarðar starfsárið 2005-2006
Unnsteinn Guðmundsson, formaður.*

Lionsklúbbur Hólmavíkur

Númer klúbbs:	4075 021329
Stofndagur:	21. febrúar 1961
Fjöldi stofnfélaga:	16
Fundartími:	2. þriðjudag kl. 19:30
Fundarstaður:	Hús kvenfélagsins á Hólmavík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður:	Þorsteinn Sigfússon
Ritari:	Ásdís Leifsdóttir
Gjaldkeri:	Jón E Alfreðsson

Félagar í upphafi starfsárs voru 16, einn gekk í klúbbinn en tveir hættu og var því félagatala 15 í lok starfsárs. Mæting á starfsárinu er um 65-70%.

Fjáraflanir:

Fjáröflun hefur verið með hefðbundnum hætti. Ljósaperur voru seldar í nóvember sem og jóladagatöl. Þá sá klúbburinn um matseld og framreiðslu á ættarmóti um sumarið og seldi djúpsteiktar rækjur á Hamingjudögum á Hólmavík.

Verkefni:

Félagar söfnuðu jólapósti og báru hann út á Þorláksmessu í gervi jólasveina. Einnig útveguðu Lionsfélagar jólatré og settu upp við kirkjuna að venju. Þá gaf klúbburinn að venju verðlaun fyrir góðan námsárangur í Grunnskólanum á Hólmavík. Einnig unnu þeir ýmsar lagfæringar á sæluhúsinu á Steingrímsfjarðarheiði og fjarlægðu allt rusl í kringum húsið. Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík var færð að gjöf skoðunarbekkur og sundlaug Hólmavíkurbrepps var færð að gjöf hjartastuðtæki. Þá tók klúbburinn á móti 14 ungmennum vegna unglingaskipta Lionsklúbba og dvöldu þeir í þrjá daga á Hólmavík. Einnig var tekið á móti Lionsklúbbi Hafnarfjarðar en þeir ásamt mökum dvöldu í Bjarnarfirði á Ströndum.

Félagsstörf:

Einn fundur var haldinn að meðaltali í mánuði auk vinnufunda. Jólafundur var haldinn á Café Riis þar sem félagar ásamt mökum snæddu hefðbundinn jólamat. Þá gaf Lionsklúbburinn út fréttabréf sem borið var út til allra íbúa í umdæminu. Í apríl 2006 mætti Valdimar Þorvaldsson umdæmisstjóri 109B og meðlimur í Lionsklúbbi Akraness á fund og kynnti fyrirhugaðan umdæmisfund þann 22. apríl á Akranesi sem og alþjóðaðingnið sem haldið verður í Boston í júlí.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður:	Jóhann B. Arngrímsson
Ritari:	Lýður Jónsson
Gjaldkeri:	Sigurður Vilhjálmsson
Verkefni:	

Ásdís Leifsdóttir
ritari.

Lionsklúbburinn Hrærekur

Númer klúbbs:	4075-021331
Stofndagur:	29. feb. 1972
Fjöldi stofnfélaga:	24
Stofnskrárhátíð:	13. maí 1972
Fundartími:	1. miðvikudagur kl. 20:00
Fundarstaður:	Sólrún matsalur

Stjórn þessa árs:

Formaður	Jóhannes Jakobsson
Ritari	Baldvin Haraldsson
Gjaldkeri	Reynir Gísli Hjaltason

Félgar voru 14 í upphafi starfsársins. Þrír félgar hættu á árinu, svo í lok starfsársins voru 11 félgar.

Fjáröflun:

Tekjur af leiðarlýsingu.

Félagsstörf og önnur verkefni:

Fastur liður er að sjá um leiðarlýsingu í Stærra-Árskógskirkjugarði. Haldin var jólatrésskemmtun í samvinnu við kvenfélagið. Eldri borgarar fengu jólagjafir og heimsóknir. Ungur maður fékk styrk vegna slyss og vinna var látin í té vegna banaslyss.

Fundir voru með hefðbundnum hætti.

Stjórn næsta árs:

Formaður	Pétur Sigurðsson
Ritari	Baldvin Haraldsson
Gjaldkeri	Reynir Gísli Hjaltason

Baldvin Haraldsson, ritari

Lionsklúbbur Húsavíkur

Númer klúbbs:	4075-021332
Stofndagur:	5. mars 1965.
Fjöldi stofnfélaga:	18
Stofnskrárhátíð:	24. apríl 1965
Fundartími:	1. og 3. fimmtudagur kl. 19.00
Fundarstaður:	Lionshúsið Bakki

Stjórn þessa árs:

Formaður	Birgir Þór Þórðarson
Ritari	Sveinn Freysson
Gjaldkeri	Óskar Birgisson

Félagar í upphafi starfsárs 25 félagar, einn félagi lést, í maí eru félagar 24.

Fjáraflanir:

Fjáraflanir eru leiga á ljósakrossum í kirkjugarðinum á Húsavík, sala á fermingarskeytum, sala jóladagatala sem seld eru á Húsavík, Kópaskeri, Raufarhöfn og víðar.

Verkefni:

Verkefni eru nokkuð í föstum skorðum. Uppsetning á jólatré við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Dvalarheimilinu Hvamm, hreinsunaráttak í landi Húsavíkur, ásamt fleiri félagasamtökum.

Styrkir veittir Björgunarsveitinni Garðari og einnig einstaklingum.

Þátttaka í Sigth First II og lagðir 200\$ á féлага í það verkefni.

Félagsstörf:

Sextán reglulegir fundir og fjórir vinnufundir og einn heimsóknarfundur og lokafundur sem átti að vera óvissuferð, var frestað. Þá var vistheimilið í Árbót heimsótt. Jólafundur með gestum og velunnurum ásamt heimsókn Lionsfélaga úr Lkl. Þengli. Heimsókn Þengilsmanna endurgoldin í janúar. Mökum boðið á Heimaréttarkvöld á Hótel Reynihlíð, Lionsheimilið Bakki málað að innan. Málning að utan stendur til á næstu vikum.

Stjórn næsta árs:

Formaður	Haukur Logason
Ritari	Pétur Helgi Pétursson
Gjaldkeri	Tryggvi Finnsson

Birgir Þór, formaður

Lionsklúbbur Hveragerðis

Númer klúbbs:	4072-021294
Stofndagur:	22. janúar 1970
Stofnskrárhátíð	18. apríl 1970
Fjöldi stofnfélaga:	20
Fundartími:	2. og 4. mánudag kl. 19.30
Fundarstaður:	Hótel Örk

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Sveinn Pálsson
Ritari	Axel Wolfram
Gjaldkeri	Birgir S. Birgisson

Fjáraflanir:

Verkefni:

Félagsstörf:

Starfsemi klúbbsins hefur verið með minnsta móti þetta starfsár, en við lifðum af og unnum okkar hefðbundnu verkefni sem eru jólaball, vorfagnaður og vegvísir.

Ákveðið var að klúbburinn mundi styrkja að þessu sinni sambylí fatlaðra sem verið er að reisa hér í Hveragerði, þar verða 5 vistmenn á aldrinum 18-20 ára.

Hefðbundin stjórnarskiptaferð var farin í vor, farið var austur á Kirkjubæjarklaustur og var þetta hin ágætasta ferð í alla staði.

Fyrirhugað er að gróðursetja í svæði sem klúbburinn hefur til þeirra afnota inn í dal.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Sölvi Ragnarsson
Ritari	Sigurlína Hreinsdóttir
Gjaldkeri	Kristinn G Kristjánsson

Axel Wolframn, ritari

Lionsklúbburinn Hængur, Akureyri

Númer klúbbs:	4075 021317
Stofndagur:	6. mars 1973
Fjöldi stofnfélaga:	23
Fundartími:	1. og 3. fimmtudagur kl 19:00
Fundarstaður:	Áin, félagsheimil Hængs - Skipagötu 14

Stjórn þessa árs

Formaður	Gunnlaugur Björnsson
Ritari	Jón Heiðar Árnason
Gjaldkeri	Jón Bragi Gunnarsson

Í upphafi starfsársins voru félagarnir 30. Fjórir nýjir félagar gengu í klúbbinn þannig að nú í lok starfsársins eru Hængsfélagar 34 talsins.

Fjáraflanir:

Klúbburinn gaf út að venju Jólblaðið sitt Leo og var það 32. árgangur þess ágæta blaðs. Hagnaður af útgáfunni að þessu sinni losaði miljónina og fer allur í verkefnasjóð.

Verkefni:

Lang viðamesta verkefni klúbbsins síðastliðin 24 ár er Hængsmótið, opið íþróttamót fatlaðra og keppt er í boccia, borðtennis og lyftingum. Keppendur koma alls staðar frá af landinu. Mótið í ár tókst mjög vel og lauk að venju með glæsilegu lokahófi. Fyrir jólin voru bæði Mæðrastyrksnefnd og Hjalpræðishernum færðar fjárupphæðir til að létta undir með þessum aðilum við jólaaðstoð, sem þau veita síðan til þurfandi fólks og fjölskyldna. Stúlknakór Akureyrarkirkju fékk styrk og Íþróttafélagið Akur fékk styrk fyrir sitt fatlaða fólk. Félag psoriasis- og exemsjúklinga var veitt fé til ljósalampakaupa og Göngudeils SÁÁ, sem og Sambýlið Bakkahlíð 39 fengu peningastyrki. Þá var einnig veitt fé, sem gengur til Sight First II verkefnisins. Í endaðan desember tókum við Lionsfólk þátt í, ásamt öðrum félögum og samtökum, stofnun Líknarfélagsins Bjarma ehf. sem hefur það að markmiði sínu að koma upp líknardeild hér á Akureyri.

Félagsstörf:

Vetrarstarfið var með nokkuð hefðbundnu sniði að venju. Haldnir voru 16 almennir fundir auk nokkuð margra vinnufunda og þá sérstaklega kringum Jólblaðið LEO og Hængsmótið. Fjögur konukvöld voru haldin, í október var inntökufundur og vígsla á nýju félagsheimili. Þar var gestur okkar svæðisstjóri og frú ásamt fræðara kvöldsins Braga Bergmann. Jólafundur var 16. des. og þar fór séra Sólveig Halla á kostum sem fræðari kvöldsins. Daginn eftir var svo jólaball fyrir börnin og tókst mjög vel. Þorrafundur var 20. jan. fræðari þar var Birgir Sveinbjörnsson og var stórgóður. Síðasta konukvöldið og inntökufundur var síðan 24. mars. Auk þessara fræðara heimsóttu okkur Jón Hjaltason sagnfræðingur og útgefandi og Gestur Einar leikari og útvarpsmaður. Þá var farið í heimsókn til Jóns Arnþórssonar í Iðnaðarsafnið og annar fundur var haldinn um borð í Húna II, sem er gamall trébátur og liggur hér við bryggju. Þá héldum við einn opinn kynningarfund um Lions og starfsemi Hængs og tókst hann mjög vel. Um Jónsmessuna verður svo að venju farin fjölskylduferð og stefnan í ár sett á Papey, s.l. sumar var farið í Drangey sem var mjög góð ferð.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Viðar Þór Pálsson
Ritari	Guðjón H. Sigurðsson
Gjaldkeri	Árni Sigurðsson

Akureyri, 18. maí 2006
f.h. Lkl. Hængs, Gunnlaugur Björnsson

Lionsklúbburinn Höfði, Hofsós

Númer klúbbs:	4075 030135
Stofndagur:	15. desember 1974
Fjöldi stofnfélaga:	18
Stofnskrárhátíð:	mars 1975
Fundartími:	1. og 3. þriðjudagur kl. 21
Fundarstaður:	Félagsheimilið Höfðaborg

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Pálmi Rögnvaldsson
Ritari	Páll Magnússon
Gjaldkeri	Snæbjörn Guðbjartsson

Félagar voru 23 í byrjun starfsárs. Einn nýr félagi kom aftur í klúbbinn þannig að 24 félagar voru þetta starfsár.

Fjárafilanir:

Fjárafilanir voru hefðbundnar, svo sem perusala, blómasala á konudaginn og hin vinsæla sala á kryddsíld sem félagar leggja niður í 1 og ½ kg. fötur

Verkefni:

Farið hefur verið með eldri borgara á klúbbsvæðinu í dagsferð annað hvert ár, en í ár var brugðið út af vananum og var boðið uppá samkomu í Höfðaborg með hádegismat, skemmtiatriðum, kaffi og dans, og mættu um 110 manns.

Jólasveinar fóru um svæðið að venju fyrir jólin. Farið var í skólana á svæðinu ásamt slökkviliðsstjóra og börnum kynntar brunavarnir og afhentar litabækur. Boðið var uppá sætaferð á unglíngadansleik sem Lkl. Bjarkir og Lkl. Sauðárkróks stóðu fyrir á Sauðárkrók, milli jóla og nýárs.

Skagafjarðardeil RKÍ var fært 500.000 kr styrkur vegna staðsetningar sjúkrabíls á Hofsósi. 25.000 kr var veitt til vímuvarna. LCIF 15.000 kr og Sight first II 100.000 kr framlag

Félagsstörf:

Fengnir voru ýmsir fyrirlesarar á fundi, með fræðslu og skemmtiefni. Lkl. Dalvíkur kom í heimsókn. Jólahlaðborð var haldið með Lkl. Skagafjarðar, einnig skiftust klúbbarnir á heimsóknum, haldinn saltkjötsfundur og farið saman í Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki.

Nokkrir félagar sóttu námskeið í félagsmálum á vegum Lions á Sauðárkróki. Þá tók klúbburinn þátt í að halda fund um karlaheilsu, ásamt Lkl. Skagafjarðar og Lkl. Sauðárkróks.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Haraldur Þór Jóhannsson
Ritari	Bjarni Maronsson
Gjaldkeri	Björn Þór Haraldsson

Páll Magnússon, ritari

Lionsklúbbur Ísafjarðar

Númer klúbbs:	4075- 021333
Stofndagur:	25.júní 1957
Fjöldi stofnfélaga:	29
Fundartími:	2.og 4. þriðjudagur kl. 19:30
Fundarstaður:	Hótel Ísafjörður

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Eiríkur Kr. Jóhannsson
Ritari	Ólafur B. Halldórsson
Gjaldkeri	Þráinn Eyjólfsson

Félagar á starfsárinu voru 19. Einn félagi var tekinn inn á árinu þannig að félagar eru 20. Einn félagi sagði sig úr klúbbum. Þannig að félagar eru 19.

Fjáraflanir:

Voru með hefðbundnum hætti, skötuverkun og sala á henni fyrir Þorláksmessu. Þá var verkuð ýsa til herslu og fylltist hjallurinn okkar. Eins og vænta mátti er þetta sá allra besti harðfiskur sem framleiddur hefur verið í dag. Sú nýbreytni var tekin upp að farið var úti að pakka steinbítiskinnum sem er herramannsmatur. Auk sölu á skötu, harðfiski og kinnum voru seld jóladagatöl fyrir aðventuna.

Verkefni:

Þar er fyrst að nefna að klúbburinn gaf kr. 500.000 í söfnun fyrir sneiðmyndataeki fyrir Heilsugæslustöðina í Ísafjarðarbæ. Leikskólum bæjarins og í Súðavík var afhent peningaupphæð fyrir jólin sem notuð var til kaupa á leiktækjum.

Haldin var árleg kvöldskemmtun á Hlíf dvalarheimili aldraða á Ísafirði þann 10.mars 2006. Var hún vel sótt að vanda. Þar var boðið upp á skemmtan og bingo spilað. Veitingar voru allar framleiddar af félögum í klúbbum, pönnukökur af ýmsum gerðum, kleinur, flatkökur og fl. með kaffinu. Síðan var stiginn dans undir harmonikkuleik eins félaga.

Þá voru gefnar litabækur í grunnskólann í framhaldi af brunavarnarátaki slökkviliðsins í bænum.

Félagsstörf:

Fundarhöld voru með hefðbundnum hætti, fimm dagskrárfundir þar sem fengnir voru fyrirlesarar. Þar var farið í hin ýmsustu mál og sköpuðu þau oft fjórlegar umræður. Fundir um félagsmál, jólafundur, konukvöld og lokafundur með stjórnarskiptum þann 5. maí. Alls voru haldnir 17. fundir á starfsárinu.

Þá ákvað klúbburinn að gerast Model Club í næsta Sight First II verkefninu sem verið er að hrinda af stað.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Bjarndís Friðriksdóttir
Ritari	Ernir Ingason
Gjaldkeri	Gylfi Gunnarsson

Lionsklúbburinn Kaldá

Númer klúbbs	4072-052921
Stofndagur	25. febrúar 1986
Fjöldi stofnfélaga	51
Stofnskrárhátíð	24. maí 1986
Fundartími	2. þriðjudagur í mánuði kl. 19:00 og síðasti fimmtudagur í mánuði kl. 20:00
Fundarstaður	Gaflinn, Dalshrauni og Hrafnista Hafnarfirði.

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður Helga Ragnheiður Stefánsdóttir

Ritari Guðrún Bjarnadóttir

Gjaldkeri Agla Hreiðarsdóttir

Félagar eru 40, þar af 2 stuðningsfélagar.

Fjáraflanir:

Sala jólakorta.

Verkefni:

Gáfum sambýlunum í Hafnarfirði jólagjafir fyrir kr. 5.000,- hver.

Styrktum Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar kr. 80.000,- og 12 sporahúsið áfangameimili fyrir áfengissjúka kr. 50.000,-.

Kaffikanna á deild D 11 krabbameinsdeild á Landspítala kr. 67.000,-.

Dagdeild fyrir Alzheimersjúklinga hjólaborð kr. 22.000,- og útigriill. Geðdeild deild 33C hornsófi í setustofu sjúklinga kr. 50.000,-. Sængurkvennadeild 22A lazyboy stól fyrir konur til brjóstgjafa. Skammtímvastun fyrir fjölfötluð börn Móaföt Garðabæ tvímenningshjól kr. 119.000,-. Handverkshúsið Ljósið Neskirku Félag krabbameinssjúkra og aðstandendur þeirra þurkara og fl. kr 70.000,-. Heislugæsla Hafnarfjarðar nýja mjaltavél 240.000,-. Afhent í sumar. Sambýlið Blikási Hafnarfirði kr. 150.000,- ásamt palla gerð í lóð. Sólarluggatjöld í sambýlið Einibergi.

Greitt var í LCIF

Bingó voru haldinn sex sinum á Hrafnistu í Hafnarfirði í samstarfi við Lkl. Ásbjörn og voru gefnir vinningar og jólagjafir.

Félagsstörf:

Auk reglulegrar funda á Gaflinum hafa fundir verið í tengslum við bingóið og einn hefðbundinn fundur á Hrafnistu.

Einn fundur fór fram í Lækjarskóla þar sem jólakortunum var pakkað fyrri söluna.

Fundur út í bláinn var ferð í Útvarphúsið og borðuðum svo á Kringlukránni.

Þar voru tveimum elstu félögum okkar, þeim Ragnheiði Kristinsdóttur og Erlu Jónsdóttur, færðar sérstakar þakkir fyrir að vinna klúbbum okkar vel og þeim færðar Melvin Jones skjöldurinn. Jóna fundurinn var haldin í Skútunni og var glæsilegur hattafundur.

Á þessu starfsári varð klúbburinn 20 ára og að því fóru 25 félagskonur til Danmerkur í afmælisferð af þessu tilefni. Á uppstigningardag fóru félagskonur á bæjarrölt og skoðuðu sýninguna "Kvika úr báru" í Hafnarborg og heimsóttu listakonuna Sigrúnu Guðjónsdóttur (Rúnu).

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður Elísabet Guðmundsdóttir

Ritari Guðrún Júlíusdóttir

Gjaldkeri Kristín Edvardsdóttir

Guðrún Bjarnadóttir ritari

Lionsklúbbur Keflavíkur

Númer klúbbs:	4072 –021295
Stofndagur:	7. apríl 1956
Fjöldi stofnfélaga:	16
Stofnskrárhátíð:	30. júní 1956
Fundartími:	2. og 4. miðvikudagur kl. 19:00
Fundarstaður:	Flughótel, Hafnargötu 57, 230 Keflavík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Jóhann Einvarðsson
Ritari	Eyjólfur Eysteinnsson
Gjaldkeri	Sigurbjörn Björnsson

Fjáraflanir:

Herrakvöld haldið í Golfskálanum í Leiru.

Verkefni:

Styrkveitingar þessa starfsárs verða ákveðnar á lokafundi, sem haldinn verður í Berlín í byrjun júní.

Félagsstörf:

Haldnir hafa verið 16 fundir á starfsárinu og lokafundur sá 17. verður haldinn í Berlín í byrjun júní.

Fundir voru haldnir með formlegum hætti á Flughóteli. Á fundunum voru rædd ýmis félagsmál og ýmsir fluttu fyrirlestra eða annað fræðsluefni. Þar bar hæst, að félagar fluttu sjálfir mikið af þeim. Haraldur Sigurðsson, augnlæknir fræddi okkur um ýmis vandamál augnanna, m.a. um gláku, augnbotna o.fl. Guðmundur G. Þórarinnsson, verkfræðingur flutti mjög áhugavert erindi á jólafundinum. Á þann fund komu einnig 6 nemendur úr Tónlistaskóla Reykjanesbæjar. Guðmundur R. Valtýsson, umdæmisstjóri kom á fund til okkar. Félagar úr Lionsklúbb Sandgerðis komu í heimsókn. Starfsárið einkenndist þó fyrst og fremst af 50 ára afmæli klúbbsins. Vegleg afmælishátíð var haldin í Hafnarfirði í samstarfi með Lionsklúbbunum á Akranesi og Hafnarfirði ásamt Þór úr Reykjavík, en þessir 4 klúbbar fögnuðu allir 50 ára starfi á árinu auk þess, að Þór er móðurklúbbur hinna 3ja. Þessi hátíð tókst í alla staði mjög vel en hún hófst með móttöku Forseta Íslands á Bessastöðum. Einn af stofnendunum Hörður Guðmundsson var kjörinn Melvin Jones félagi, en aðrir starfandi stofnendur hafa þegar fengið þá viðurkenningu. Helsta fjáröflun klúbbsins er árlegt herrakvöld, þar sem sjávarréttir eru á borðum, einkum kútmagar, sem félagar verka sjálfir. Hafsteinn Guðnason einn féлага okkar hefur stjórnað þeirri vinnu með miklum skörungsskap í fjölmörg ár. Daganna 1. til 8. júní n.k. verður farið til Berlínar í tilefni af afmæli klúbbsins, 19 félagar ásamt mökum og nokkrum gestum taka þátt í ferðinni.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Eyjólfur Eysteinnsson
Ritari	Jón Ólafur Jónsson
Gjaldkeri	Hermann Friðriksson

Lionsklúbburinn Keilir

Númer klúbbs:	4072 030837
Stofndagur:	4.apríl 1975
Stofnskrárhátíð:	11. október 1975
Fjöldi stofnfélaga:	23
Fundartími:	1. og 3. þriðjudagur kl 20.30
Fundarstaður:	Lionsheimilið Sólvellir, Vogum

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Ríkharður V. Reynisson
Ritari	Ólafur S. Kristmundsson
Gjaldkeri	Stefán Albertsson

Fjárafliar:

Sala á jóladagatölu var aðalfjáröflun ársins sem endranær. Og var þeim dreift í nær allar verslanir og söluturna á Suðurnesjum.

Í Vatnsleysustrandarhreppi var gengið í hvert hús og var félögum vel tekið. Þá voru seld blóm fyrir páskana, sem einnig er föst venja í klúbbum, sem og skötuveisla á síðasta laugardegi fyrir jól.

Klúbburinn tók þátt í Fjölskyldudeginum hér í Vogunum og sá um dansleik í félagsheimilinu þá um kvöldið og gaf vel í kassann. Fyrir um daginn bauð klúbburinn upp á kaffi og tertur að tilefni 30 ára afmæli klúbbsins, og voru margir sem komu og þáðu veitingar.

Verkefni:

Klúbburinn hefur í nokkur ár styrkt tvö börn til skólagöngu á Indlandi, en voru þau komin á aldur og var ákveðið að taka tvö ný inn í staðinn. Nokkrir einstaklingar fengu styrk á árinu og einnig nokkur félagasamtök sem sent höfðu okkur bréf.

Önnur verkefni: (Húsamál) Til stóð að gera við hús klúbbsins en klúbbum var tjáð að honum yrði sagt upp lóð undir húsið vegna skipulagsmála og var hætt við allar framkvæmdir sem til stóð að gera á síðasta sumri. Kom staðfesting á því um áramót, staða mála er svo nú að klúbburinn gerði samning við bæjarfélagið að við losuðum húsið að vori og skaffa þeir lóð undir hús sem byggingarfélagið í Vogum gefur klúbbum. Haldnir voru nokkrir aukafundir út af þessum málum.

Félagsstarf:

Félagsstarf var gott í vetur eins og venjulega. Klúbbar sóttir heim og boðnir heim. Skemmtikvöld voru haldin að vanda. Fastir liðir eins og þorablót og sviðaveisla voru á sínum stað. Lokakvöldið var haldið í Barcelona, en þangað fóru 12 félagar og makar. Haldinn var aukafundur eftir heimkomu vegna sjónverkefnisins Sight First II og var ákveðið að gerast aðili að því.

Stjórn næsta starfsárs

formaður	Bergur Álfþórsson
ritari	Rannveig Stefánsdóttir
gjaldkeri	Ríkharður V Reynisson

Ólafur Kristmundsson, ritari

Lionsklúbburinn Kolgríma

Númer klúbbs: 0472-053296
Stofndagur: 7. nóvember 1986
Fjöldi stofnfélaga: 35
Fundartími: 1. og 3. mánudagur hvers mán. kl.20:00
Fundarstaður: Ýmsir staðir

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður Ágústa Baldursdóttir.
Ritari Ólafía Hansdóttir
Gjaldkeri Kristín Gísladóttir
Félagar eru 11.

Fjáraflanir:

Jólblað með kveðjum og auglýsingum.

Verkefni:

Starfsemi klúbbsins hefur verið með hefðbundnum hætti, t.d. styrkjum við stúlku á Indlandi sem býr í þorpi á vegum SOS. Einnig styrkjum við einstaklinga sem eiga við veikindi að stríða með peningagjöfum.

Klúbburinn gaf peninga til Heilbrigðisstofnunar Suðausturlands til kaupa á röntgentækjum.

Félagsstörf:

Við höldum nokkra fundi sameiginlega með Lionsklúbbi Hornafjarðar.

Fyrirhuguð er óvissuferð, dagsetning ekki komin.

Fundirnir hjá okkur eru ýmist matar eða kaffifundir og mælist það vel fyrir.

Enginn fór á þingið í vor, því það reynist erfitt að fá varastjórn, núverandi stjórn er búin að sitja lengi.

Stjórn næsta árs:

Formaður Ágústa Baldursdóttir
Ritari Ólafía Hansdóttir
Gjaldkeri Kristín Gísladóttir

Ólafía Hansdóttir
ritari.

Lionsklúbbur Kópavogs

Númer klúbbs:	4072-021297
Stofndagur:	13. maí 1959
Fjöldi stofnfélaga:	26
Stofnskrárhátíð:	23. maí 1959
Fundartími:	2. og 4. miðvikudagur kl. 19:00
Fundarstaður:	Lundur, Auðbrekku 25, Kópavogi.

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Tómas Guðmundsson
Ritari	Magnús Björgvinsson
Gjaldkeri	Sæmundur Alfreðsson
Siðameistari:	Pétur Sveinsson

Í upphafi starfsárs voru félagar 44. Tveir gengu í klúbbinn og voru því félagar 46 í lok starfsársins. Þeir voru: Kolbeinn Gíslason sem gekk aftur í klúbbinn eftir stutta fjarveru og Örn Þorsteinsson. Mæting á fundi var að meðaltali 85 %.

Fjáröflun:

Eins og undanfarin ár hefur klúbburinn aflað fjár með útleigu á borðum, sem hann á með Lionsklúbbunum Ýr og Muninn. Sameiginlega sáu klúbbarnir um uppsetningu borða og niðurtekt vegna landsfundar Sjálfstæðisflokksins og lagði Lkl. Kópavogs fram um 160 vinnustundir. Önnur fjáröflunarverkefni klúbbsins á þessu starfsári var sala á ” Húsbréfum” þ.e.a.s. pappírsvörum og bókunarpappír (filmum) í félagssjóð. Í styrktarsjóð var einnig dálítið selt af bókinni „Sögu Kópavogs”.

Verkefni:

Eins og undanfarin ár styrkti klúbburinn fatlaðan ungling til dvalar í sumarþúðum í Noregi. Að þessu sinni var það Vala Guðmundsdóttir sem fór í þessar sumarþúðir

Félagsstörf:

Á starfsárinu voru haldnir 16 félagsfundir og 16 stjórnarfundir. Gestir og fyrirlesarar á fundum klúbbsins í vetur voru 8. Þeir voru: Sigurjón Sigurðsson sem fjallaði um íþróttalækningar. Pétur Eysteinnsson sem fjallaði um Avion Group. Einar Gunnlaugsson sem fjallaði um Helliðsvirkjanir. Sr. Magnús Björn Björnsson flutti okkur jólahugvekju í léttum dúr. Guðmundur Rafnar Valtýsson umdæmisstjóri í umdæmi 109 A fjallaði um Lionsstarfið. Þórður Pálsson fjallaði um íslenska flugstjórnarsvæðið og verkefni Flugmálastjórnar erlendis. Stefán Jökull Sveinsson fjallaði um starfsemi Actavis. Björn Guðmundsson fjallaði um Lionsstarfið. Konukvöld voru haldin 13. nóvember 2005 og 24. mars 2006.

Skemmtikvöld fyrir aldraða Kópavogsbúa var haldið með Lkl. Muninn í Lundí, félagsheimili klúbbanna. Farið verður í hefðbundna vorferð innanlands í byrjun maí.

Næsta stjórn:

Formaður	Ólafur Briem	Varaformaður	Gísli H. Guðmundsson
Ritari	Skúli Sigurðsson	Vararitari	Guðlaugur B. Arnaldsson
Gjaldkeri	Guðlaugur Leósson	Varagjaldkeri	Samúel Guðmundsson
Siðameistari	Jörgen Morstrup	Varasiðameistari	Ástvaldur Andrésson

Lionsklúbbur Laugardals

Númer klúbbs:	4072-021299
Stofndagur:	13.maí 1972
Fjöldi stofnfélaga :	22
Stofnskrárhátíð:	26. ágúst 1972
Fundartími:	2 og 4.fimmtudagur kl 20.30
Fundarstaður:	Dalbraut 12

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Jón Þór Ragnarsson
Ritari	Snæbjörn Sigurðsson
Gjaldkeri	Sævar Ástráðsson

Starfið hefur verið nokkuð hefðbundið, fundir einu sinni til tvisvar í mánuði.
Félagar aðeins 11 svo ekki er von á stórum afrekum.

Fjáraflanir:

Vinna við bryggju, sala á kertum og vextir af söluhagnaði á sölu bátaútgerðar.

Verkefni:

Tendruð ljós á jólatré, dreifum áburði og fræi á auða mela.
Seljum flotkerti á aðventu.
Tökum upp bryggju á haustin og setjum niður á vorin.

Félagsstörf:

Reglulegir fundir.

Einn sameignlegur fundur með Lkl. Skjaldbreið og Lkl. Geysi.

Hátíðarfundur ásamt ferðalagi með mökum var í maí.

Tveir félagar voru sæmdir viðúrkenningu Melvin Jones, báðir stofnfélagar, Böðvar Ingi Ingimundarson Laugarvatni og Hilmar Einarsson Laugarvatni.

Þriðji stofnfélaginn Guðmundur Rafnar Valtýsson var svo kosinn fjölumdæmisstjóri.

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður	Hilmar Einarsson
Ritari	Pálmi Hilmarsson
Gjaldkeri	Ólafur Jónasson

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar

Númer klúbbs:	4075 021296
Stofndagur:	18.mars 1965
Fjöldi stofnfélaga:	21
Fundartími:	2. og 4. fimmtudagur í mánuði kl. 19.00
Fundarstaður:	Félagsheimilið Hlégarður í Mosfellsbæ.
Netfang: kristh@mmedia.is	
Heimasíða: www.mmedia.is/kristh	

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Magnús B. Einarsson
Ritari	Andrés Arnalds
Gjaldkeri	Pétur Haukur Ólafsson

Virkir félagar voru 42 við upphafs starfsárs, en 45 við lok þess. Mæting á árinu var mjög góð. Elsti Lionsfélagi í heimi og einn af stofnfélögunum varð 101 ára á árinu.

Fjárafliar:

Vinna við uppsetningu rafmagnsgirðingar sem klúbburinn tók að sér vorið 2005 skilaði 350.000,- í líknarsjóð um haustið. Tekjur af fjölsóttu herrakvöldi voru óvenju góðar.

Verkefni:

Klúbburinn greiddi US\$ 5.000 í líknarsjóð Lionshreifingarinnar vegna verkefnisins Sight First II, og verður hann meðal svokallaðra módelklúbba fyrir þetta merka sjónverndaráttak. Reykjalundur var styrktur með kr. 250.000,- framlagi til kaupa á súrefnismettunarmæli, fulltrúar samtakanna Ljósið, sem er stuðningsfélag krabbameinssjúkra og aðstandenda þeirra, tóku við kr. 150.000,- styrk á fundi klúbbsins, dvalarheimili aldraðra var gefinn sérstakur hvíldarstóll að verðmæti kr. 200.000,-, starfsemi Medic Alert var styrkt með kr. 200.000,- framlagi og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar með kr. 100.000,-. Einnig sá klúbburinn um þorablót aldraðra í Mosfellsbæ í samstarfi við fleiri félagasamtök.

Félagsstörf:

Margir góðir fyrirlesarar heimsóttu klúbbinn með fjölbreyttan fróðleik. Auk þess var farið í heimsóknir m.a. á iðjuþjálfunardeild Reykjalundar, hvalskipin í Reykjavíkurhöfn og kaffihús. Sviðamessa mikil og skemmtileg var haldin í lok sláturtíðar og er nú orðin árlegur viðburður með fjölgandi gestum. Að venju voru fundir með fjölskyldum á jólaaðventu og að morgni sumardagsins fyrsta. Stjórnarskiptafundur var haldinn í veiðihúsinu við Grímsá í Borgarfirði og var þar mikil veisla. Stjórn klúbbsins ákvað í samráði við 40 ára afmælisnefnd að gera 5 féлага að Melvin Jones félögum fyrir fórnfúst starf í þágu klúbbsins, en þeir eru Björn Ástmundsson, Ingólfur Árnason, Jóhann Björnsson, Páll Guðjónsson og Sæberg Þórarson.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður:	Sigurður L. Einarsson
Ritari:	Einar Guðbjörnsson
Gjaldkeri	Hrafn Stefánsson

Lionsklúbburinn Muninn, Kópavogi

Númer klúbbs:	4072-021298
Stofndagur:	20.apríl 1971
Fjöldi stofnfélaga:	23
Fundartími:	1.og 3. miðvikudagur kl. 19:15
Fundarstaður:	Lionssalurinn Lundur, Auðbrekka 25

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Ástráður Magnússon
Ritari	Brynjar Eyjólfsson
Gjaldkeri	Einar Long

Fjáraflanir:

Þær fjáraflanir sem við höfum fastar eru sala jóladagatala í verslunum og öðrum sölustöðum í Kópavogi. Önnur fjáröflun er leiga á borðum sem við eigum í sameiningu við Lkl. Kópavogs og Lkl. Ýr. Aðrar fjáraflanir höfum við ekki. En tekjur af þessum fjáröflunum hafa staðið undir útgjöldum vegna líknarmála þeirra sem við höfum styrkt.

Verkefni:

Kirkjuferð aldraðra sem er fastur liður í starfi klúbbsins var 23. október. Farið var í messu í Neskirkju í Reykjavík en að henni lokinni buðu félagar í Lkl. Ýr upp á kaffihlaðborð í Lionsheimilinu Lundi. Mun þetta vera í 23ja sinn sem farið er með eldri borgara til kirkju. Í desember var nokkrum fjölskyldum í Kópavogi sem eru hjálpar þurfi færð jólagjöf frá klúbbum. Að venju styrktum við Íþróttafélagið Ösp með því að gefa þeim verðlaunin sem veitt eru á jólamóti þeirra. Í janúar var áramótagleði eldri borgara og var hún í umsjá Lkl. Muninn og Lkl. Kópavogs. Í tilefni 60 ára afmælis Skátafélagsins Kópa var ákveðið að stofna Menntunarstjóð Munins með 200.000 kr. stofnframlagi. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Guðmund Helgason málameistara, féлага í Muninn í tilefni 60 ára afmælis Skátafélagsins Kópa í Kópavog 22. febrúar 2006. Hlutverk sjóðsins er að styrkja og aðstoða einstaklinga sem vilja afla sér foringjamenntunar innan skátahreyfingarinnar eða menntunar sem sjóðsstjórn telur nýtast skátafélaginu í starfi þess á hverjum tíma. Um 460 þús. hafa verið varið til líknarmála.

Félagsstarf:

Áætlaða og skipulagða haustferð í byrjun september varð að blása af vegna þáttökuleysis svo stjórnarskiptil fóru fram 21. september. Stjórnin lagði fram fundaráætlun þar sem gert var ráð fyrir eins og venja hefur verið að fyrri fundur í hverjum mánuðu fjallaði um málefni klúbbsins en fyrirlesari eða heimsóknir yrðu á seinni fundi og hefur sú áætlun að mestu staðist. Gerð var tilraun til fjölgunar og settur upp kynningarbæklingur ásamt Lkl. Ýr. Félagar dreifðu 1500 blöðum í nýrri hverfi bæjarins þar sem boðað var til þessa fundar. Einn maður mætti (og nokkar konur) og er hann nú félagi í klúbbum og ritari í næstu stjórn hans. Gestir á fundi hafa verið séra Hjörtur Hjartar og kona hans auk umdæmisstjóra Guðmundar Rafnars Valtýssonar og Péturs Sveinssonar svæðisstjóra og féлага í Lkl. Kópavogs.

Og að venju var haldinn sameiginlegur fundur á síðasta vetrardag með Kiwanisklúbbum Eldey. Á næsta ári eru liðin 30 ár frá því að fyrsti fundur var haldin sameiginlegur og hefur aldrei fallið niður fundur í öll þessi ár. Þá förum við í vorferð og heimsóttum féлага í Lkl. Suðra sem tóku mjög vel á móti okkur og sýndu okkur ýmsilegt markvert í Mýrdalnum og nágrenni. Frábær og vel heppnuð ferð.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Brynjar E. Eyjólfsson
Ritari	Jóhann Ólafsson
Gjaldkeri	Gunnar F. Sigurjónsson

Lionsklúbburinn Múli Fljótsdalshéraði

Númer klúbbs:	4072 021334
Stofndagur:	28. desember 1970
Fjöldi stofnfélaga:	54
Stofnskrárhátíð:	7. mars 1971
Fundartími:	1. og 3. miðvikudagur kl. 20:30
Fundarstaður:	Hótel Hérað, Egilsstöðum

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Eðvald Jóhannsson
Ritari	Gróa Sigurbjörnsdóttir og Höskuldur Marinósson
Gjaldkeri	Ástráður Magnússon

Í upphafi starfsárs vorum við 19. En einn hætti og einn er um tíma í burtu en er væntanlegur aftur. Félagatala í lok starfsárs eru 18.

Fjáraflanir:

Eru að mestu leiti sömu og áður. Perusala, útgáfa auglýsingadagatala, sala á súkkulaðidagatölum, tekjur af rekstri útfararþjónustubíreiðar, einnig er hafin undirbúningur að útgáfu símaskrár fyrir Fljótsdalshérað.

Verkefni:

Starfsemi kúbbins hófst á fundi með umdæmisstjóra Guðmundi R Valtýssyni og frú. Perusala að hausti og söfnun auglýsinga á auglýsingadagatal. Aðstoð við Bocciamót á Seyðisfirði, séð um dómgæslu á því ásamt Lkl. Seyðisfjarðar. Þurfandi fjölskyldur fengu styrki fyrir jólin í samstarfi við Rauða krossinn, og með stuðningi verkalyðshreyfingarinnar (AFL) og Kaupfélags Héraðsbúa. Gefið konfekt á Sjúkrahúsið. Haldin jólatrésskemmtun í Fellabæ í samstarfi við foreldrafélög leikskólans og grunnskólans í Fellabæ og á Egilstöðum með peninga framlagi frá Fljótsdalshéraði. Veitt verða bókaverðlaun í fjórum grunnskólum fyrir framfarir í námi. Einum félagi Gísla Sigurðssyni sem var útnefndur Melvin Jones félagi á fyrra starfsári afhentur Melvin Jones skjöldurinn. Ákveðið er að félagar í Múla taki þrjá unglunga til gistingar hjá Lionsfjölskyldum í eina viku í sumar.

Félagsstörf:

Seld voru jólatré úr lundum kúbbins (Jónasarlundi) meðal félaga í Múla og öðrum nágrennasklúbbum. Ágóðinn rennur í félagssjóð Múla. Ákveðið að halda árhátíð á Seyðisfirði í félagi við Lkl. Seyðisfjarðar 20. maí næstkomandi. Einnig er ákveðið að senda þrjá félagar sem skipa næstu stjórn á umdæmisþingið á Akranesi.

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður	Haraldur Hrafnkelsson
Ritari	Höskuldur Marinósson
Gjaldkeri	Guðrún Sóley Guðmundsdóttir

Lionsklúbbur Nesþinga, Hellissandi

Númer klúbbs:	4075 021300
Stofndagur:	29. nóvember 1970
Stofnskrárhátíð	21. mars 1971
Fjöldi stofnfélaga:	28
Fundartími:	1. og 3. þriðjudagur, kl. 20:30
Fundarstaður:	Félagsheimilið Röst Hellissandi

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Kristinn Jónasson
Ritari	Ómar V. Lúðvíksson
Gjaldkeri	Ólafur Rögnvaldsson

Félagsstörf, verkefni og fjáraflanir.

Starfsárið hófst með ferð félaga til Danmerkur og Svíþjóðar. Var sú ferð mjög ánægjuleg og velheppnuð í alla staði. Undirbúningur og fjarstjórn var í höndum Tryggva L. Óttarssonar og konu hans, en hún er ættuð frá Svíþjóð. Haldnir voru 16 hefðbundnir fundir. Sala jóladagatala á aðventu. Haldið leikfangahappdrætti á Þorlákssmessu. Ágóði af auglýsingum á happdrættismiðum gefið til leikskólans á staðnum kr. 250.000,-. Sala fermingarskeyta í Snæfellsbæ. Haldið Kúttmagakvöld fyrir eldri borgarar í Snæfellsbæ ásamt öðrum félagasamtökum. Lionsfélagar sáu um músík og önnur skemmtiatriði. Klúbburinn færði einstæðum eldri borgurum og öðrum einstæðingum jólaglaðning.

Klúbburinn færði þeim nemanda sem fékk hæstu einkunn úr 10. bekk grunnskóla Snæfellsbæjar bókaverðlaun. Lionsklúbbur Nesþinga og Lionsklúbburinn Þernan færðu Slysavarnarskóla Landsbjargar á Gufuskálum hjartastuðtæki til kennslu og notkunar ef þörf krefur við bráðtilfelli.

Fyrirlesarar á fundum:

1. Haukur Þórðarson kennari við Lýsuhólsskóla sagði frá tilurð Stubbalækjarvirkjunar sem hann og nemendur unnu að við skólann.
2. Smári Björnsson frá tæknideild Snæfellsbæjar kynnti fyrir félögum þær framkvæmdir sem eru í gangi og hvað væri framundan.
3. Sæmundur Kristjánsson leiðsögu og sagnamaður fræddi félaga um fornar gönguleiðir og sögur þeim tengdum.
4. Séra Ragnheiður K. Pétursdóttir flutti hugvekju á jólafundi
5. Ingi Hans Jónsson sögumaður var með fyrirlestur um söguhetjuna James Bond. Telur hann að ekki sé um villst að hann sé ættaður af Snæfellsnesi.
6. Séra Magnús Guðmundsson prestur í Ólafsvík sagði frá uppvaxtarárum sínum úr Húnaþingi. Sagði hann sögur og flutti frumsamin ljóð.
7. Valdimar Þorvaldsson umdæmisstjóri mætti á fund með Lionsklúbbunum á staðnum.
8. Júlíana Magnúsdóttir flutti fróðlegt erindi um hvernig best væri fyrirkomið samskiptum konu og manns. Lokafundur haldinn á Hótel Hellissands í maí.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Sævar Friðþjófsson	Varaformaður	Þór Magnússon
Ritari	Pétur Ingi Guðmundsson	Vararitari	Kristinn Friðþjófsson
Gjaldkeri	Páll Stefánsson	Varagjaldkeri	Snæbjörn Kristófersson

Kristinn Jónasson og Ómar V. Lúðvíksson

Lionsklúbbur Njarðvíkur

Númer klúbbs:	4072 21301
Stofndagur:	2.mars 1958
Stofnfélagar:	15
Stofnskrárhátíð:	17.maí 1958
Fundartími:	1. og 3 miðvikudag kl 19:00
Fundarstaður:	Hólagata 15, Njarðvík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Haraldur Helgason
Ritari	Árni Brynjólfur Hjaltason
Gjaldkeri	Loftur Guðni Kristjánsson

Félagafjöldi í upphafi starfsárs 40. Hættir 2. Nýir félagar 8.

Fjáröflun:

Jólahappdrætti.

Verkefni:

Litabækur til grunnskólabarna.
 Verðlaun í 10.bekk fyrir hæstu einkunn í náttúrufræði.
 Spilakvöld fyrir aldraða í samvinnu við sóknarprest.
 Styrkir til: 12 spora hússins,
 Verkefnasjóðs Lionsfjöllumdæmis
 Götusmiðjunar,
 Tveggja kvenna vegna ráðstefnu um sjálfsvíg,
 Fjölskyldu vegna veikinda barns,
 LCIF vegna hamfaranna við suðurströnd Bandaríkjana,
 Aldraðra vegna vorferðar með sóknarpresti,
 Sjúklings vegna ferðar utanlands.

Styrkjum úthlutað alls fyrir 477 þúsund krónur.

Félagsstarfið:

Tveggja daga jeppaferð að hausti (Veidivötn), farið í heimsókn hjá Lkl. Keili, gestir og fyrirlesarar á fundum, óvissuferð (heimsókn í Hvalsneskirkju), menningarferð (heimsókn í fyrirtæki), jólafundur með mökum, herrakvöld (þorrafundur). Lokafundur og stjórnarskipti í fjögurradaga ferð í Kaupmannahöfn.

Fréttabréf til klúbbfélaga "Ljónfróði" hefur komið út 17 sinnum .

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Ólafur Magnússon	Varaformaður:	Árni Einarsson
Ritari	Carl Jóhann Gränz	Vararitari:	Þórarinn V. Sigurðsson
Gjaldkeri	Stefán B. Ólafsson	Varagjaldkeri:	Einar Jónsson

Árni Brynjólfur Hjaltason, ritari.

Lionsklúbburinn Njörður

Númer klúbbs:	4072-021308
Stofndagur:	20. apríl 1960
Fjöldi stofnfélaga:	15
Fundartími:	1. miðvikudagur kl. 18:00 (allt árið)
Fundarstaður:	Kaffi Reykjavík

Stjórn yfirstandi árs

Formaður	Logi Guðbrandsson
Ritari	Kristján Árnason
Gjaldkeri	Eiríkur Hannesson

Félagafjöldi í upphafi starfsárs 55. Þrír félagar hættu á árinu, einn félagi gekk í klúbbinn. Félagafjöldi í lok starfsárs 53.

Fjáraflanir:

Lionsklúbburinn Njörður er með eina aðal fjáröflun á ári sem er herrakvöld í byrjun hvers árs, með happdrætti og málverkaupboði. Tekjur af síðasta herrakvöldi námu ca. 4,3 milljónum króna.

Verkefni:

1. Sight First 2: kr. 1.500.000
2. Megrunarlausni dagurinn: kr. 400.000.-
3. Unglingaskipti: kr. 80.000.-
4. Jarðskjálftasvæðið í Pakistan: kr. 216.000.-
5. Gerð myndar um kæfisvefn: kr. 250.000.-
6. Orkester Norden: kr. 90.000.-
7. Medical Alert: kr. 300.000.-
8. Regnbogabörn: kr. 800.000.-
9. Götusmiðjan, til uppbyggingar tölvuvers: kr. 1.000.000.-

Félagsstörf:

Njörður heldur einn fund í mánuði allt árið og er síðan með aðra uppákomu seinna í hverjum mánuði. Í ágúst var farið í gönguferð í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Í september var helgarferð í Dalina, á slóðir Laxdælu. Í október var sviðamessa. Í nóvember var keilukvöld. Í desember jólaball. Í janúar herrakvöld. Í febrúar leikhúsfærð. Í maí sjóstöng og fyrirhuguð er golfærð í júní.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Jón Eyjólfur Jónsson
Ritari	Sighvatur Blöndahl
Gjaldkeri	Árni Stefán Guðnason

Kristján Árnason ritari.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Númer klúbbs:	4075 021302
Stofndagur:	21. janúar 1973
Fjöldi stofnfélaga:	38
Stofnskrárhátíð:	19. maí 1973
Fundartími:	2. og 4. sunnudagur kl. 20:30
Fundarstaður:	Safnaðarheimili Ólafsvíkur

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Aðalsteinn Snæbjörnsson
Ritari	Jóhannes Ólafsson
Gjaldkeri	Jens Brynjólfsson

Í upphafi starfsárs voru félagar 37, einn félagi gekk úr klúbbum svo að í lok starfsárs voru félagar 36.

Helstu fjáraflanir:

Sala á jóladagatölum, flugeldasala, skeytasala. Við tókum að okkur sem fjáröflun að safna saman notuðum jólatrjám og klúbburinn sér um rekstur kvikmyndahúss í Ólafsvík svo að eitthvað sé nefnt.

Verkefni:

Lkl. Ólafsvíkur hélt leikfangahappdrætti á Þorláksmessu, leitast er við að happdrættið komi ekki út í hagnaði heldur sé allri innkomu varið til kaupa á vinningum. Björgunarsveitin Sæbjörg var styrkt með fjárframlagi, Leikskólanum var afhent bókagjöf og á skólaslitum Grunnskóla Snæfellsbæjar var nemendum sem þóttu skara frammúr verðlaunaðir með veglegum bókagjöfum. Með félögum okkar í Lkl. Rán í Ólafsvík héldum við jólaball, þrettándagleði, þorrablót og héldum Lionssundmót þar sem öllum börnum og unglungum í Snæfellsbæ var boðið að taka þátt.

Félagstörf:

Félagsstarf klúbbsins var með hefðbundnu sniði, haldnir voru fundir tvisvar í mánuði, ýmist félagsmálafundir eða vinnufundir. Fyrirlesari var fenginn á einn fund og einn fundur var haldinn á Akureyri í tengslum við menningar- og skemmtiferð klúbbsins þangað. Á árinu hélt klúbburinn sinn fimmhundraðasta fund.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Illugi Jónasson	Varaformaður Hilmar Hauksson
Ritari	Jóhannes Ólafsson	
Gjaldkeri	Jens Brynjólfsson	

Ritari
Jóhannes Ólafsson

Lionsklúbbur Patreksfjarðar

Númer klúbbs:	4075 021338
Stofndagur:	19.febrúar 1962
Fjöldi stofnfélaga:	28
Stofnskrárhátíð:	19.febrúar 1962
Fundartími:	Annar hvorn laugardag, kl.10:00
Fundarstaður:	Félagsheimili Patreksfjarðar

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Ingimundur Guðberg Andrésson
Ritari	Kristján Páll Vigfússon
Gjaldkeri	Vignir Bjarni Guðmundsson

Í upphafi starfsárs voru félagar **35** talsins. Einn félagi lést, annar flutti burt en fjórir nýir skráðir á starfsárinu. Nú er tala félaga orðin **37**.

Fjáraflanir:

Venjubundnar fjáraflanir hafa verið haldnar þ.e.a.s. jóladagatalasala, jólahappadrætti, jólatrjáa- og grenisala, bögglaupboð á kútmagakvöldi og skötusala.

Skilaði þetta klúbbum um kr. 1.674.500,-.

Verkefni:

Sett upp tvö átta metra há jólatré úr járni, bundin greni, annað á Geirseyyri og hitt á Vatneyri, bæði á Patreksfirði. Haldið var barnajólaball og farin skemmtiferð með aldraða ásamt Kvenfélaginu Sif. Tekið þátt í Reiðhjóladegi með Svd. Unni.

Unnið að eineltisverkefni í grunnskólanum. Lionsklúbbur Patreksfjarðar hefur staðið að bíósýningum á Patreksfirði sem áður. Gróðursetning með Skógræktarfélaginu.

Til einstaklinga kr.350.000,-.

Sundlaugarlyfta á Patreksfirði, kaup og uppsetning. 650.000,-.

Íþróttafélagið Hörður, til verðlaunaskáps. 50.000,-.

Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn á Patreksfirði. 30.000,-.

Til uppsetningar vefmyndavélar. 60.000,-.

Styrkur til skemmtiferðar aldraðra. 100.000,-

Félagsstörf:

Flestir fundir voru sémilega sóttir eða 51% mæting að meðaltali á fund en 73% ef tekin eru með boðuð forföll. Ýmis málefni voru tekin fyrir og fengnir fyrirlesarar á marga fundi. Var eftir því tekið hve stjórnin var líflæg og virk á fundum. Konukvöld þótti takast mjög vel. Kútmagakvöld var vel sótt og skemmtilegt, voru samkomur þessar klúbbum í alla staði til sóma.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Einar Ásgeir Ásgeirsson
Ritari	Ingimundur Óðinn Sverrisson
Gjaldkeri	Matthías Ágústsson
Meðstjórnandi:	Ingimundur G. Andrésson.

Kristján Páll Vigfússon ritari starfsárið 2005 – 2005.

Lionsklúbburinn Rán, Ólafsvík

Númer klúbbs:	4075-921342
Stofndagur:	5. apríl 1994
Fjöldi stofnfélaga:	38
Stofnskrárhátíð:	29. október 1994
Fundartími:	2. þriðjudagur kl. 20:00
Fundarstaður:	Félagsheimilið Klif
www.lions.is/ran	

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Kristín Péturún Gunnarsdóttir
Ritari	Lára Margrét Pálsdóttir
Gjaldkeri	Bjarney Jørgensen

Fjárafliar:

Fjárafliar okkar í vetur voru erfidrykkur höfum við þá bakað tertur, kleinur og gert brauðtertur. Jólátrésskemmtun fyrir bæjarbúa, og kaffihús þegar Íslandsmótið í öldungarblaki var haldið hér.

Félagsstörf og verkefni:

Félagstarfið í vetur hefur verið mjög gott og var fyrsti fundur starfsársins 13. september, tók þá ný stjórn. Þann 6. október forum við Lionskonur til Kaupmannahafnar ásamt mökum og fengum hann Guðlaug Arason til að fræða okkur um borgina, en við vorum búnar að safna okkur síðastliðinn ár fyrir einhverri helgarferð. Á októberfundi héldum við fund með Hörpu- og Þernukonum, en við höfum haft þann háttinn á að hittast einu sinni á ári og þetta árið var komið að okkur að bjóða heim. Á nóvember fundi fengum við hana Björg Báru Halldórsdóttir eina af okkar félagskonum til að halda fyrirlestur, en henni var boðið til Rúanda vorið 2005, en þangað fór hún ásamt fleiri Íslendingum til að taka þátt í friðarhlaupi, sem Evrópusamband soroptimista hélt þar í fyrsta sinn. Gáfum við í hjálparsjóð Lions vegna flóðann í Bandaríkjunum. Í desember héldum við jólafundinn í gamla Pakkhúsinu í Ólafsvík þar lásum við jólasögu gáfum hvor annari jólapakka og borðuðum hangikjöt. Einnig héldum við jólaball ásamt öðrum félögum og klúbbum í Ólafsvík. Í desember gáfum við Lkl.Rán ásamt Lkl. Þernunni á Hellissandi þriðjubekkingum í Grunnskóla Snæfellsbæjar litabækur um brunavarnir.

Í janúar höldum við þrettándagleði með Lionsklúbbi Ólafsvíkur. Janúar og febrúarfundir voru með hefðbundnu sniði en á hverjum fundi drögum við út konu kvöldsins og ein kona les úr "skrafskjóðu" en það er dreginn kona á hverjum fundi til að lesa eithvað skemmtileg eða fræðandi á hverjum fundi. Í mars fundi tókum við inn nýjan félag. Við fengum fyrirlesara hana Sveinbjörgu Eyvindsdóttur hjúkrunarfræðing, en hún hélt fyrirlestur um geðheilbrigði eða geðheilsulæsi. Við gáfum sundlaug Snæfellsbæjar hjartastuðtæki, en í janúar barst okkur bréf frá Félagi hjartastuðtækja á Vesturlandi, en þar var verið að falast eftir fjárframlagi til kaupa á hjartastuðtækjum fyrir Íþróttahús á Vesturlandi, okkur fannst þetta alveg upplagt verkefni og var einróma samþykkt að kaupa tæki og gefa Íþróttahúsi/sundlaug Snæfellsbæjar.

Í apríl á sumardaginn fyrsta, heimsóttum við heimilisfólkið á Dvalarheimilinu Jaðri hér í bæ, en við höfum gert það í mörg ár. Við spilum bingo og lögðum jafnframt sjálfar fram vinninga, síðan er sest að snæðingi sem við stjórnarkonur höfðum bakað. Á apríl fundinum höfðum við páskabingó en á hverju ári fyrir páska er bingó. Þá var haldið hið árlega Lionssundmót líka sumardaginn fyrsta. Þetta er sundmót fyrir börn og unglina í Snæfellsbæ sem við höfuð haldið í nokkur ár ásamt Lionsklúbbi Ólafsvíkur. 31.öldungarmót í blaki var haldið hér í Snæfellsbæ og sóttu 1000 blakarar af öllu landinu þetta mót, við Ránarkonur settum á stofn kaffihús í Pakkhúsinu í Ólafsvík og tókst þessi fjáröflun bara vel. Þá veitum við verðlaun í skólaslitum Grunnskólans í Snæfellsbæ þeim nemenda sem hefur hæstu meðaleinkunn í 8-10.bekk. Lokafundurinn var haldinn á Hótel Hellissandi en við höfuð ár hvert reynt að gera, eða fara eitthvað hérna innanbæjar og buðum við mökum okkar með.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Olga Gunnarsdóttir
Ritari	Hafðís Rán Brynjarsdóttir
Gjaldkeri	Hafðís Konráðsdóttir

Ólafsvík 03.08.2005.

Lára Margrét Pálsdóttir, ritari

Lionsklúbbsins Ránar í Ólafsvík.

Lionsklúbbur Reykjavíkur

Númer klúbbs:	4072021303
Stofndagur:	14. ágúst 1951
Fjöldi stofnfélaga:	12
Fundartími:	3. fimmtudagur kl. 18:30
Fundarstaður:	Versalir, Hallveigarstíg

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Guðmundur Einarsson
Ritari	Garðar Sigursteinsson
Gjaldkeri	Guðmundur Jóhannsson

Í upphafi starfsárs voru félagar 28, tveir nýir félagar gengu í klúbbinn, þannig að félagar voru 30. í lok þessa 55. starfsárs.

Fjáraflanir:

Árlegt fjáröflunar- og skemmtikvöld klúbbsins var haldið þann 25. febrúar. Hagnaður af happdrætti kvöldsins nam tæpum 400 þús. kr.

Verkefni:

Klúbburinn styrkti kaup blindrafélagsins á Daisy-spilurum, gróðursetningarferð farin að Gunnfríðarstöðum í A-Húnavatnssýslu í áliðnum júnímánuði.

Félagsstörf:

Starfsemi klúbbsins var með hefðbundnu sniði á liðnu starfsári. Fundir voru alls níu, eða að meðaltali einn fundur í mánuði.

Mæting á reglulega fundi var að meðaltali um 65%, en fór hæst í 80%. Er það áhyggjuefni að mæting á fundi hefur dalað og nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að bæta þar úr. Þó skal áréttað að heilsubrestur nokkurra félaga setti þarna verulegt strík í reikninginn.

Jólafundur klúbbsins var haldinn á aðventunni, í Glersalnum í Kópavogi. Mæting var mjög góð. Auk hefðbundins lesturs jólaguðspjalls, las okkar ágæti félagi Gísli Halldórsson úr nýútkominni bók sinni um íþróttahreyfinguna á Íslandi.

Hefðbundið herrakvöld Lionsklúbbs Reykjavíkur hefur nú vikið fyrir Fjáröflunar- og skemmtikvöldi sem að þessu sinni var haldið þann 23. febrúar á Salatbarnum í Faxafeni.

Aðalfundur klúbbsins var haldinn í vorferð félagsins á Reykjanes þann 13. maí og var fundurinn sjálfur haldinn í skála golfklúbbsins Keilis í Leiru.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Ragnar Arnbjörnsson
Ritari	Þorsteinn Ragnarsson
Gjaldkeri	Birgir Þórisson

Garðar Sigursteinsson
ritari

Lionsklúbbur Sandgerðis

Númer klúbbs:	4072-021311
Stofndagur:	18. febrúar 1965.
Fjöldi stofnfélaga:	18
Stofnskrárhátíð:	1. maí 1965
Fundartími:	2. og 4. þriðjudagur kl. 20:00
Fundarstaður:	Lionshúsið Efra-Sandgerði.

Stjórn yfirstandi starfsárs:

Formaður	Björn Arason
Ritari	John Hill
Gjaldkeri	Ástvaldur Jóhannesson

Félagar í byrjun starfsárs voru félagar 28, en eru nú 27. Okkar ágæti félagi Sigurbjörn Stefánsson andaðist þann 19 mars s.l. en útförin hans fór fram frá Hvalsneskirkju þann 28. mars.

Fjáraflanir:

Árleg perusala, auglýsingatekjur af útgáfu jólablaðs.

Verkefni:

Hefðbundin perusala var í október og er ávalt tekið vel á móti okkur.

Þann 27. nóvember var eldri borgurum boðið á leiksýningu í Borgarleikhúsinu að loknum kvöldverði í Stapanum í Reykjanesbæ, sem var í boði Sandgerðisbæjar

Félagsstörf:

Eru nokkuð með hefðbundnu sniði, en á starfsárinu höfum við fengið 3 fyrirlesara í heimsókn sem flutt hafa gagnleg og skemmtileg erindi og þá höfum við farið og heimsótt tvo nágretta okkar þ.e. Lionsklúbb Keflavíkur og Lionsklúbb Grindavíkur. Haldin var árviss hangiketsfundur, þorablót og lokafundur í maí.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Sigurður Valur Ásbjarnason	Varaformaður	Gunnar B Guðmundsson
Ritari	Reynir Sveinsson	Vararitari	Ólafur Gunnlaugsson
Gjaldkeri	Óskar Gunnarsson	Varagjaldkeri	Ottó Þormar

John Hill
ritari

Lionsklúbbur Sauðárkróks

Númer klúbbs:	4075 021340
Stofndagur:	20. nóvember 1964
Fjöldi stofnfélaga:	20
Stofnskrárhátíð:	5. febrúar 1965
Fundartími:	2. og 4. miðvikudag kl. 19:30
Fundarstaður:	Ólafshús, Sauðárkróki

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Guðmann Tobíasson
Ritari	Eiríkur Loftsson
Gjaldkeri	Gísli Rúnar Jónsson

Í upphafi starfsárs voru félagar alls 41 talsins, þar af tveir aukafélagar og einn heiðursfélagi. Á starfsárinu lést einn félagi og þrír hættu en þrír nýir félagar hafa komið í klúbbinn. Við lok starfsárs eru félagar því 40, þar af einn aukafélagi.

Fjáraflanir:

Fjáraflanir klúbbsins voru þær sömu og verið hafa undanfarin ár en það er máluð bílastæða, perusala og sala jóladagatala. Hagnaður af þeim var kr. 932 þúsund.

Verkefni:

Klúbburinn stóð fyrir alþjóðlegum unglingsbúðum Lions á Íslandi undir nafninu “North Power” ásamt öðrum klúbbum á svæðinu sl. sumar. Voru búðirnar á Hólum í Hjaltadal en gist var á Siglufirði eina nótt og á Hólum í tvær nætur. Klúbburinn stóð fyrir jólaböllum fyrir börn og unglinga í Skagafirði í samstarfi við Lkl. Björk og klúbburinn stóð að ráðstefnu um karlaheilsu í maí ásamt Lkl. Skagafjarðar og Lkl. Höfða.

Sauðárkrókskirkju var afhentur tækjabúnaður til að senda mynd og hljóð frá fjölsóttum athöfnum í kirkjunni. Einnig var Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki afhentur þráðlaus hljóðnemi og vandað sjónvarpstæki. Öll voru þessi verkefni ákveðin á síðasta starfsári. Fyrir jólin færði klúbburinn þremur fjölskyldum peningagjafir, samtals 150 þúsund krónur. Ákveðið var að gefa Björgunarsveitinni Skagfirðingasveit 500 þúsund krónur til tækjakaupa og 80 þúsund í tækjakaup fyrir Grunnskólann á Hólum en það er sameiginlegt verkefni klúbbanna í Skagafirði. Einnig var ákveðið að gefa kr. 20.000 í alþjóða hjálparsjóð Lions til minningar um látinn félagi, Sæmund Hermannsson sem lést í ágúst á síðasta ári.

Félagsstörf:

Klúbburinn fundar tvisvar í mánuði og voru fundirnir á starfsárinu alls 16 talsins. Árhátíð lionsklúbbanna í Skagafirði var haldin fyrsta vetrardag og tókst vel að vanda. Á jólafund mæta félagar með mökum sínum eða öðrum gestum. Á þeim fundi voru teknir í klúbbinn tveir nýir félagar. Í mars heimsótti Lkl. Blönduóss okkur á fund. Á síðasta fund starfsársins var mökum boðið og tókst hann vel. Fór þá m.a. fram inntaka nýs félaga. Í febrúar hélt klúbburinn fjölskyldudag með Lkl. Björk.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Valgeir Kárason
Ritari	Páll Pálsson
Gjaldkeri	Símon Skarphéðinsson

Lionsklúbbur Selfoss

Númer klúbbs:	4072 021312
Stofndagur:	13.apríl 1965
Fjöldi stofnfélaga:	15
Fundartími:	1. og 3. mánudagur kl 19:30
Fundarstaður:	Steikhúsið, Selfossi / Hótel Selfoss
Stjórnarfundir	2. og 4. mánud. kl 18:00 í Kaffi Krús

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Guðmundur Geir Gunnarsson
Ritari	Halldór Magnússon
Gjaldkeri	Gunnar Magnús Einarsson

Í upphafir starfsárs voru 20 félagar. Einn stofnfélagi, Erlendur Daníelsson, kom aftur til liðs eftir nokkurt hlé. Félagatalan nú 21.

Fjáröflun:

Jólablað LIONS, auglýsinga og fræðslublað, sem klúbburinn gefur út á aðventu ár hvert til ágóða fyrir líknar- og menningarsjóð. Netto innkoma um 750.000,-.

Verkefni:

Félagar safna auglýsingum og sjá um dreifingu Jólablaðsins, sem gefið er út í 4000 eintökum. Blaðinu dreift í öll hús í Árborg og víðar.

Ungum manni sem slasaðist illa í síðastliðnu ári úthlutað kr. 250.000,-

Unglingi með sjaldgæfan sjúkdóm, úthlutað kr. 200.000,-

Unglingaskipti 2005: Kostnaðarhlutur krónur 15.654,-

Opinn fundur með Gunnari Eyjólfssyni pólfara.

10 félagar voru á starfsárinu heiðraðir sem Melvin Jones félagar.

Félagsstörf:

17 félagsfundir hafa verið haldnir á starfsárinu og 18 stjórnarfundir auk nefndarfunda.

Gestafyrirlesarar voru: Valdimar Bragason, prentari, leiðbeinandi um blaðaútgáfu. Guðmundur Karl Guðjónsson, verkfræðingur, um skipulagsmál í Hagalandi. Guðjón Sigfússon, verkfræðingur, lýsti nýju væntalegu íbúðahverfi. Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri, Búnaðarsambands Suðurlands. Hermann Árnason, sláturhússtjóri SS, lýsti sláturferlinu í sláturtíð. Ingvar Guðmundsson, formaður Björgunarsveitar Árborgar. Bárður Guðmundsson, byggingafulltrúi, um skipulagsmál í Árborg.

Klúbbfélagar heimsóttu: Sláturfélag Suðurlands sláturhús, Selfossbíó og skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands.

Á jólafundi var hefðbundið jólahlaðborð og mökum boðið.

Fyrri fundur í maí er vinnumæting í Hellisskógi.

Mæting félaga hefur verið ágæt á þessum vetri. Um það bil 85%.

Umdæmisstjóri 109A, Guðmundur Rafnar Valtýsson kom í heimsókn 7.nóv 2005. Guðmunda Auðunsdóttir svæðisstjóri kom í heimsókn 9.janúar 2006.

Stjórnarliðar o.fl. hafa setið þrjá svæðisfundi hjá svæðisstjóra.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Guðmundur Guðmundsson
Ritari	Birgir Árdal Gíslason
Gjaldkeri	Guðmundur Ægir Theódórsson

Halldór Magnússon, ritari

Lionsklúbbur Seltjarnarness

Númer klúbbs:	4072-043249
Stofndagur:	25. nóvember 1983
Fjöldi stofnfélaga:	35
Stofnskrárhátíð:	14. janúar 1984
Fundartími:	2. og 4. hvern þriðjudag kl 19:00
Fundarstaður:	Félagsheimili Seltjarnarness

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Guðjón Jónsson
Ritari	Anton Sigurðsson
Gjaldkeri	Jón Sigurðsson

Í upphafi vetrar voru félagar 20 einn hætti og annar strikaður út vegna skulda, einn nýr félagi gekk í klúbbinn virkir félagar 19 í lok starfsárs.

Fjáraflanir:

Voru með hefðbundnum hætti seld voru jóladagatöl Lions. Bóka og blóma markaður haldin á Eiðistorgi fyrsta virkan laugardag í maí. Heildartekjur klúbbsins til verkefna og líknarmála á starfsárinu kr. 700.000 og vinnuframlag 150 vinnustundir.

Verkefni:

Langtíma verkefni klúbbsins hefur verið að setja upp umhverfismerki við sögulega staði á Seltjarnarnesi og var því haldið áfram.

Heimsóttum íbúðir aldraðra við Skólabraut spiluðum við þá félagsvist og gáfum vinninga.

Félagsstörf:

Vegna breytinga á Félagsheimili Seltjarnarnes voru flestir fundir vetrarins haldnir í Golfskálanum á Seltjarnarnesi auk þess var farið með fundi á ýmsa staði til tilbreytingar svo sem Hereford Steikhús Lóuhreiður, Veitingahúsið Rauðará, heimsókn til bæjarstjóra og mætt á fund hjá Lionsklúbbnum Frey.

Konukvöld haldið á veitingahúsinu Einar Ben í nóvember og farið í reiðtúr með Íshestum í apríl.

Börnum og barnabörnum boðið á jólafund í desember.

Gestir á fundum voru Guðmundur Rafn Valtýsson umdæmisstjóri, Pétur Sveinsson svæðisstjóri, Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri, Sævar Karl Ólason og Sigrún Guðjónsdóttir.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður:	Kristján Georgsson
Ritari:	Sigfús Árni Guðmundsson
Gjaldkeri:	Sigurður Vilbergsson

Guðjón Jónsson
Formaður

Lionsklúbbur Seyðisfjarðar

Númer klúbbs:	4072 021341
Stofndagur:	21. maí 1965
Fjöldi stofnfélaga:	21
Stofnskrárhátíð:	29. október 1965
Fundartími:	1. og 3. fimmtudag kl. 19:00
Fundarstaður:	Öldutún, félagsheimili aldraðra

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Jóhann Grétar Einarsson
Ritari	Hjálmar Jóhann Níelsson
Gjaldkeri	Jón Halldór Guðmundsson

Félagar í upphafi starfsárs voru 26. Einn félagi hætti en einn nýr kom í staðinn, svo nú eru félagar áfram 26 við lok starfsárs.

Fjáraflanir:

Seld jóladagatöl fyrir krónur 40.000,-. Seld jólatré hagnaður kr. 10.000,-. Haldið árlegt Páskabingó hagnaður krónur 191.300,- krónur Einnig seldum við geisladisk og barna ævintýrabók fyrir krónur 100 þúsund.

Verkefni:

Sáum um dómgæslu ásamt Lkl. Múla á Egilsstöðum á landsmóti í Boccia sem haldið var á Seyðisfirði 30. september til 1. október 2005. Lionsklúbburinn gaf Seyðisfjarðarkirkju dýrindis flygil af Steinway gerð fyrir rúmar 5 milljónir króna. Tók klúbburinn að sér að safna peningum hjá fyrirtækjum fyrir hluta af verðinu. Klúbburinn tók að sér að greiða 1,5 milljónir sem greiðast á þremur árum. Haldin var jólatrésskemmtun fyrir börn 29. desember og hefur það verið verkefni klúbbsins undanfarin ár. Sendum ungling í unglingaskipti til Noregs í sumar og reiknum með að taka á móti fjórum unglingum til vikudvalar í júlí í sumar.

Félagsstörf:

Sameiginleg árshátíð í félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði þann 20. maí með Lionsklúbbum Múla á Egilsstöðum, einnig verður kirkjukórnum og starfsfólki sjúkrahússins boðið á árshátíðina. Ákveðið var að gera einn féлага okkar að Melvin Jones féлага og vonumst til þess að geta afhent honum skjöldinn á árshátíðinni. Þessi félagi okkar er Snorri Jónsson.

Stjórn næsta starfsár:

Formaður	Gunnar Sverrisson
Ritari	Lárus Bjarnason
Gjaldkeri	Sigurður Jónsson

Lionsklúbbur Siglufjarðar

Númer klúbbs:	4075 021342
Stofndagur:	16.nóv.1954
Stofnskrárhátíð	11.mars 1955
Fjöldi stofnfélaga	12
Fundartími:	1. og 3 föstudag hvers mán kl.19
Fundarstaður:	Lionshúsið

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Jón Ásgeir Ásgeirsson
Ritari	Júlíus Hraunberg Kristjánsson
Gjaldkeri	Heimir Birgisson

Fjárafilanir og verkefni:

Farin var ferð um bæinn á dráttarbil jólaskreyttum með ljósum og jólasveinum þegar jólatréð var tendrað. Ferðin endaði á torginu við jólatréð og jólasveinar áttu góðgæti handa börnunum.

Klúbburinn seldi jólatré og greni og sáu um að tengja ljósakrossa í kirkjugörðunum fyrir bæjarbúa eins og í fyrra. Einnig sér klúbburinn um sölu á jólatrjám og greni fyrir jól. Klúbburinn sér um áramótabrennuna fyrir bæinn. Aflafé klúbbsins rennur til æskulýðs- og íþróttamála auk þess sem nokkrar fjölskyldur voru styrktar. Enn verður að segjast að æ erfðara er að finna nýjar fjáröflunarleiðir.

Félagsstörf:

Starfsárið hófst 23.sept. og fundað var hálfmánaðarlega í vetur. Félagar elduðu og fengnir voru góðir fyrirlesarar á fundi. Jólafundur var haldin í desember með hefðbundnum hætti, konukvöld þar sem ekkjum Lionsfélaga er boðið, jólaball fyrir börn bæjarins og þorablót.

Skemmtifundir voru 2 þar sem félagar skemmta sér saman og er ævinlega jafngaman á þeim fundum.

Hefðbundin lokafundur var 5. maí. Haldnir voru 19 fundir á árinu auk nefndafunda og stjórnarfunda fyrir hvern fund. Vert er að taka fram að þann 19. maí var haldinn aukafundur sem helgaður var undirritun samninga um Héðinsfjarðargöng. Hugmynd að þessari samgöngubót kom fyrst fram á Lionsfundi þann 30. nóvember 1989. Í sumar stendur til að halda áfram með lagfæringar á Lionshúsinu.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Guðjón Bjarki Sverrisson
Ritari	Sigurður Fanndal
Gjaldkeri	Hörður Þór Hjálmarsson

Lionsklúbbur Skagafjarðar

Númer klúbbs:	4075 047304
Stofndagur:	20.apríl 1987
Fjöldi stofnfélaga:	29
Stofnskrárhátíð:	20.apríl 1987
Fundartími:	1. og 3. miðvikudagur kl. 21:00
Fundarstaður:	Löngumýri Varmahlíð

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Ragnar Gunnlaugsson
Ritari	Helgi Sigurðsson
Gjaldkeri	Agnar H Gunnarsson
Félagar 17	

Fjáraflanir:

Fjáraflanir eru hefðbundnar, perusala að hausti og blómasala fyrir páska. Vel var tekið á móti sölumönnum á svæðinu.

Verkefni:

Ýmsir aðilar voru styrktir á svæði klúbbsins og einnig veittir styrkir til almennra verkefna á landsvísu. Árlega er farið með eldri borgara í Skagafirði í eins dags ferð og var í sumar farið í Þingeyjarsýslu og tókst ferðin með ágætum. Einnig var farin fjölskylduferð.

Klúbburinn hefur tekið að sér uppgræðsluverkefni á Goðdalafjalli ásamt ábúendum að Goðdölum og Landgræðslunni. Felst verkefnið í því að aka rúllum upp á fjallið og dreifa þeim þar á örfoka land og í rofabörð, er gert ráð fyrir að þetta verði árleg ferð.

Félagsstörf:

Oft eru fengnir ræðumenn á fundi eða einhver félagi les úr hverri eða segir sögur. Farið var í heimsókn til Höfða í Hofsósi einnig var farið í skoðunarferð í Steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki.

Sameiginleg árshátíð allra klúbba í Skagafirði var haldin í Miðgarði.

Sameiginlegt jólahlaðborð var með Höfða Hofsósi og var það haldið að Löngumýri.

Höfðamenn komu í heimsókn á svokallaðan saltkjötsfund sem haldinn er oftast í kjallara Miklabæjarkirkju. Lionsklúbburinn Ösp frá Akureyri kom í heimsókn á fund að Löngumýri og tókst það með miklum ágætum.

Tekið var þátt í verkefninu Alþjóða unglingsamskipti sem haldið var eina viku að Hólum í Hjaltadal. Klúbburinn sá um unglingana sem voru frá ýmsum löndum í einn dag. Var farið í göngu yfir Merkigil í Austurdal ásamt skoðunarferð um fram Skagafjörð.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Gísli Gunnarsson
Ritari	Bjarni Bragason
Gjaldkeri	Sigfús Helgason

Lionsklúbbur Skagastrandar

Númer klúbbs:	4075 082544
Stofndagur:	5. júní 2004
Stofnhátíð:	5. júní 2005
Fjöldi stofnfélaga:	22
Fundartími:	2 miðvikudagur kl. 20:00
Fundarstaður:	Fellsborg, félagsheimili.

Stjórn yfirstandandi árs:

Formaður	Guðmundur Finnbogason
Ritari	Magnús Jónsson
Gjaldkeri	Guðjón Guðjónsson

Félagar voru 22 í upphafi starfsárs og í lok eru þeir 20, vegna flutnings manna, það verður fjölgað á næsta starfsári, enda nokkrir volgir.

Fjáraflanir:

Fjáraflanir klúbbsins voru perusala, konfektsala og Troskvöld.

Verkefni:

Það gengur vel með útsýniskífumálið, komnar eru um það bil milljón í pakkann, verður sett upp á næsta vori 2007, á Spákonuhöfðann. Klúbburinn er verndari söfnunar vegna alvarlegs sjúkdóms konu hér í bæ og gengur söfnunin vel.

Við tókum þátt í North Power, unglíngabúðum á Hólum í Hjaltardal, fengu unglíngana í hálfan dag og höfðu menn gaman að hafa ofan af þeim. Farið var í jeppaferð og silungsveiði, skoðað frystiskipið Arnar HU-1, aldraðir heimsóttir og í lokin var grillað.

Hjartarstuðtæki var afhent íþróttahúsinu á Skagaströnd sem Lionsklúbburinn hafði forustu um og fengum við félög og fyrirtæki til að leggja í pakkann.

Félagsstörf:

Haldin er einn fundur í mánuði og hefur það gefið góða raun, er fundurinn um klukkustund og annar settur á eftir sem spjall og sögu fundur. Félagar hafa sótt sviðamessu hjá Lkl. Blönduóss á haustin og vorum við með sjávarréttá kvöld sem nefnist Tros í febrúar og buðum við Lkl. Blönduós og öðrum gestum með okkur, fjöldi var um 100 manns og líklega verður meiri fjöldi á næsta starfsári. Umdæmisstjórinn, Valdimar Þorvaldsson kom í heimsókn 10.mái 2006.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Guðmundur Finnbogason
Ritari	Björn Ingi Óskarsson
Gjaldkeri	Stefán Sveinsson

Guðmundur Finnbogason, formaður.

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður

Númer klúbbs:	4072 041745
Stofndagur:	13.maí 1982
Fjöldi stofnfélaga:	21
Fundartími:	2.mánudagur kl. 20:30
Fundarstaður:	Veiðihúsið við Sog

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður	Ingvar Ingvarsson
Ritari	Torfi Arnarson
Gjaldkeri	Böðvar Pálsson burfell@simnet.is

Fjáraflanir:

Hreinsanir með vegum, sala á jóladagatölum og sala á sérvöldu beikoni.

Verkefni:

Barnaskólinn Ljósaborg.

Félagsstörf:

Almennur fundur, vel auglýstur, með Sigurði Böðvarssyni krabbameinslækni. Á öllum hefðbundnum fundum var fyrirlessari sem var með 15-20 mínúta erindi.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Torfi Arnarson
Ritari	Böðvar Pálsson
Gjaldkeri	Ingvar Ingvarsson

Lionsklúbburinn Skyggfir, Rangárvallasýslu

Númer klúbbs:	4072-021313
Stofndagur:	22. janúar 1973
Fjöldi stofnfélaga:	27
Stofnskrárhátíð:	14. apríl 1973
Fundartími:	2. og 4. mánudagur kl 20:30
Fundarstaður:	Hellubío

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Óskar Kristinsson
Ritari	Eggert Ólafsson
Gjaldkeri	Guðmundur Einarsson

Fjáraflanir:

1. Sala á jóladagatölum.
2. Seldar auglýsingar á almanak sem gefið er út og sent inn á hvert heimili í Rangárvallasýslu.
3. Lionsmót í golfi sem er haldið ár hvert á Strandarvelli.
4. Skyggnisfélagar sjá um viðhald trjáa og annars gróður kringum spennustöð RARIK við Hellu.

Verkefni:

Lundur hjúkrunar- og dvalarheimili aldraða á Hellu var sótt heim í desember að venju og boðið upp á jólaglögg fyrir starfsmenn og heimilisfólk sem að auki fær konfektikassa sem jólaglaðning. Einnig gefur klúbburinn Lundi veglegt jólatré sem er haft utanhús. Skyggfir gaf öllum yngri börnum grunnskóla í Rangárvallasýslu litabók um brunavarnir. Fjárframlag, tíuþúsund krónur, var veitt til LCIF til styrktar vegna fellibylsins Katrínu sem fór yfir Bandaríkin.

Félagsstörf:

Reglulegir fundir annan og fjórða hvern mánudag í mánuði haldnir í Hellubíói. Einn og einn fundur felldur niður ef önnur starfsemi er á svipuðum tíma. Tala félaga er 15 þar af einn ævifélagi. Góð mæting var á fyrstu fundum til áramóta og voru allir ákveðnir að starfa áfram í klúbbum. Í byrjun maí fóru félagar í skemmtiferð um Rangárvelli.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Svavar Bjarnhéðinsson
Ritari	Guðjón Guðnason
Gjaldkeri	Ragnar Þór Ólafsson

Hellu í ágúst 2006. Ritari Eggert Ólafsson.

Lionsklúbbur Stykkishólms

Númer klúbbs:	4075 021315
Stofndagur:	26. febrúar 1967
Fjöldi stofnfélaga:	20
Stofnskrárhátíð:	24. júní 1967
Fundartími:	2. og 4. fimmtudagur kl 21:00
Fundarstaður:	Lionshúsið í Stykkishólmi

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Lárus Franz Hallfreðsson
Ritari	Þór Örn Jónsson
Gjaldkeri	Páll J Hjaltalín

Fjáraflanir:

Fjáraflanir voru með hefðbundnum hætti svo sem blóma og skeytasölu að ógleymdri Aksjón Lionsmanna á Dönskum dögum sem löngu er orðin landsfræg en þar er meðal annars boðnir upp ýmsir nytjamunir að hætti Lionsmanna, en af öðrum verkefnum má nefna eru t.d. var stórt verkefni við uppsetningu veðurskiltis við Íþróttavöllinn og var það í sambandi við 160 ára afmæli veðurathugana í Stykkishólmi.

Tókst þetta verkefni mjög vel og er Lionsklúbbnum til mikils sóma, svo eru árviss verkefni í kringum jól og fermingar.

Verkefni:

Að venju styrktum við einstaklinga fyrir jól í sameiningu við fleiri félagsamtök í bænum, þá má til gamans geta að haldin var skemmtun fyrir eldri borgara á Hótelinu.

Félagsstörf:

Á starfsárinu voru haldnir 14 fundir auk annara verkefna sem ekki féllu að fundardögum . Félagar gera sér líka dagamun svo sem með jólabingó í léttum dúr einnig með sameiginlegum fundi með Hörpukonum.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Þórður Magnússon
Ritari	Ólafur Guðmundsson
Gjaldkeri	Þorgrímur Vilbergsson

Bestu kveðjur
Þór Örn Jónsson

Lionsklúbburinn Suðri, Vík

Númer klúbbs:	4072-021314
Stofndagur:	22. febrúar 1968
Fjöldi stofnfélaga:	29
Stofnskrárhátíð:	27. apríl 1968
Fundartími:	2. og 4. mánudagur
Fundarstaður:	Ströndin í Víkurskála, 870 Vík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Sigurður Ævar Harðarson
Ritari	Einar Kjartansson
Gjaldkeri	Þorsteinn Gunnarsson
Netfang:	lksudri@binet.is
Félagar voru 16 í ársbyrjun og 15 í árslok	

Fjáraflanir:

Perusala var á haustmánuðum og sælgætissala fyrir jólin. Þá gaf klúbburinn út almanak sem fyrirtæki á svæðinu greiða fyrir að auglýsa á.

Verkefni:

Aldraðir sem búa einir fá smá jólagjöf. Þá er árlega farið með aldraða í eins dags ferðalag og núna var farið um uppsveitir Árnassýslu vestanverða. Styrkur vegna náttúruhamfara á þessu ári. Fjárstyrkur til bágstads einstaklings á svæðinu. Gefin sùrefnisvél í Dvalarheimilið Hjallatún. Gefin tæki til Björgunarsveitarinnar Víkverja í Vík.

Félagsstörf:

Að venju voru haldnir tveir fundir í Samgöngusafninu í Skógum, einn fundir í Hjallatúni, einn fundur á Ketilstöðum og einn fundur í húsi Ferðaþjónustunnar við Mýrdalsjökul en aðrir fundir voru á Ströndinni í Víkurskála. Fundasókn var mjög góð. Umdæmisstjóri 109A mætti á einn fund og aðkomu fyrirlesarar á tvo fundi.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Guðmundur Elíasson
Ritari	Sveinn Þorsteinsson
Gjaldkeri	Birgir Hinriksson

Einar Kjartansson, ritari

Lionsklúbburinn Sunna, Dalvík

Númer klúbbs:	4075-055749
Stofndagur:	27. apríl 1994
Fjöldi stofnfélaga:	22
Fundartími:	2. þriðjudagur kl. 20:00
Fundarstaður:	Safnaðarheimili Dalvíkurkirkju

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður Helga Berglind Hreinsdóttir

Ritari Lilja Björk Ólafsdóttir

Gjaldkeri Hólmfríður Skúladóttir

Fjöldi félaga í upphafi starfsárs: 20. Fjöldi í lok starfsárs: 19.

Melvin Jones félagar. Kristján Ólafsson og Kolbrún Pálsdóttir.

Fjárafliar:

Pokasala, (106.897,-) jólatrésskemmtun, (113.749,-) og tveir basarar (118.600,-) Gáfu samtals: 339.246,-

Verkefni:

Litabækur um brunavarnir gefnar börnum í 3. bekk Dalvíkurskóla og Árskógsskóla. Í október elduðum við súpu fyrir 100 manns fyrir kirkjuna. Á þjónustudeginum fóru klúbbsystur á Dalbæ og buðu upp á vöflur með rjóma með kvöldkaffinu. Færðum vistmönnum Dalbæjar bókina Saga daganna í jólagjöf. Héldum jólaball í Víkurröst fyrir bæjarbúa. Stóðum að framkvæmd skíðamóts í samvinnu við Skíðafélag Dalvíkur og Lkl. Dalvíkur, vímuvarnarmót Lions. Héldum sundmót, Lionssundmót Ránar, með Lionsklúbbi Dalvíkur. Styrktum iðjuþjálfun á geðdeild FSA um 20.000,- krónur til tækjakaupa. Stefnum að umhverfisdegi í sumar í samvinnu við garðyrkjustjóra bæjarins.

Félagastörf:

Septemberfundur: Hefðbundinn. Hófum leynivinaleik.

Októberfundur: Hefðbundinn.

Nóvemberfundur: Gestafundur. Fengum 10 gesti.

Desemberfundur: Jólafundur.

Janúarfundur: Fórum í heimsókn til Asparkvenna á Akureyri og funduðum með þeim.

Febrúarfundur: Þorrablót, haldið með Lionsklúbbi Dalvíkur.

Marsfundur: Hefðbundinn.

Aprílfundur: Hefðbundinn og einnig héldum við óvissufund þar sem þemað var: sjöl.

Maífundur: Stjórnarskipti og ný varastjórn kynnt.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður Halla Steingrímsdóttir

Ritari Guðrún Elín Skarphéðisdóttir

Gjaldkeri Jóhanna F. Jóhannesdóttir

Lilja Björk Ólafsdóttir, ritari.

Lionsklúbburinn Svanur, Breiðdalsvík

Númer klúbbs:	4072 032330
Stofndagur:	30.apríl 1976
Fjöldi stofnfélaga:	20
Fundartími:	1. og 3. fimmtudagur kl 20:30
Fundarstaður:	Nesbúð

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Indriði Margeirsson
Ritari	Hallgrímur Guðmundsson
Gjaldkeri	Örn Ingólfsson

Félagar í byrjun starfsárs voru 9. Á árinu kom félagi inn í klúbbinn eftir tveggja ára hlé. Síðan voru 5 nýjir félagar teknir inn í klúbbinn og eru því 15 nú.

Fjáraflanir:

Peruslaa fyrir jóli og blómasala fyrir konudag. Þá var nokkur ágóði af félagsvistum. Aðalfjáröflun er laun fyrir sorptöku frá húsum á Breiðdalsvík vikulega allt árið.

Verkefni:

Klúbburinn tekur þátt í unglingskiptum og tekur til dvalar 2 erlenda unglunga í eina viku. Auk þess sem kúbbarnir á svæði 1-2 standa sameinginlega að ferð eins unglings af svæðinu til útlanda. Þá hefur klúbburinn styrkt nokkra aðila með fjárframlögum. Má þar nefna: Ljósið, félag aðstandenda krabbameinsgreindra, skammtímavistunina á Móaföt, nýja æskulýðsmiðstöð í Breiðdal, íþróttahúsið á Breiðdalsvík vegna kaupa á hlaupabretti, LCIF, alþjóðahjálparsjóð Lions og tvo aðila vegna langvarandi veikinda og fötlunar.

Félagsstörf:

Reglulegir kúbbfundir hafa verið frá september til maí og annar maífundurinn eftir. Þá var haldinn 30 ára afmælishátíð og inntökuathöfn 5 nýrra félaga 28.apríl s.l. á Hótel Bláfelli á Breiðdalsvík. Tvær þriggja kvölda félagsvistir voru haldnar.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Sigurður Magnússon
Ritari	Sigríður Árnadóttir
Gjaldkeri	Sveinn Benediktsson

Hallgrímur Guðmundsson, ritari

Lionsklúbburinn Týr

Númer klúbbs:	4072 0210310
Stofndagur:	28. mars 1973
Fjöldi stofnfélaga:	26
Fundartími:	2. og 4. miðvikudagur kl 18:45
Fundarstaður:	Versalir, Hallveigarstíg, Rvk

Stjórn starfsársins var skipuð eftirfarandi félögum:

Formaður:	Kjartan Kjartansson
Ritari:	Jóhannes Karlsson
Gjaldkeri:	Björn Þorvaldsson

Félagar í klúbbum eru 35.

Fjárafliar:

Fjáröflun klúbbsins var fölginn í því að klúbbfélagar tóku að sér undir stjórn eins félagans sem er byggingameistari að einangra 3 íbúðarblokkir.

Verkefni:

Klúbburinn gaf Umsjónarfélagi einhverfra barna tvö útileiktæki og gengu félagar í klúbbum frá þeim í garði heimilisins.

Félagsstarf:

Farin var haustferð á Akranes, Borgarnes og í Reykholt þar sem snæddur var kvöldverður. Farið var á jólahlaðborð, haldið upp á Þorrann með sonum, tengdasonum og þjóðháttufræðingi, farið í keilu og grillað á Mógilsá. Lokafundur var haldinn að Laugarvatni eftir að hafa skoðað draugasetur á Stokkseyri og byggðasafn á Flúðum. Á lokafundi voru tveir félagar sæmdir Melvin Jones orðu.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Ámundur Jóhannsson
Ritari	Kristján Krisjánsson
Gjaldkeri	Finnbogi Ólafsson

Jóhannes Karlsson, ritari

Lionsklúbburinn Úlfar Grafarholti

Númer klúbbs:	4075 88894
Stofndagur:	20. apríl 2005
Fjöldi stofnfélaga:	20
Fundartími:	1. fimmtudagur hvers mánaðar kl 18
Fundarstaður:	Baðstofan Prestastígur 7, Grafarholti

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Hákon Hákonarson
Ritari	Hringur Pálsson
Gjaldkeri	Júlíus H. Eyjólfsson
Meðstjórnendur	Óskar Örn Ólafsson, Aðalsteinn Lyngdal Gíslason og Óttarr Guðlaugsson

Í upphafi starfsárs voru 19 félagar en í lok þess 23, einn sagði sig úr klúbbum.

Fjáraflanir:

Engar.

Verkefni:

Fræðslukvöld um barnaheilsu 24.október í Ingunnarskóla sem bar yfirskriftina “*Barnaheilsa og uppeldi barna í nútíma þjóðfélagi*” Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra setti fundinn. Atli Dagbjartsson yfirlæknir á Barnaspítala Hringins flutti erindi um nýja barnaspítalann. Árni V. Þórsson læknir flutti erindi um sykursýki hjá börnum. Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti flutti erindi um næringu barna með tilliti til ofnæmis, óþols og offitu. Ingibjörg Karlsdóttir formaður ADHD-samtakana og stjórnarmaður í Sjónarhóli flutti erindi um hegðun, aga og atferli barna.

Félagar sáu um að útvega eitt jólatré með ljósum á fyrirhugaða kirkjulóð í samstarfi við safnaðarprestinn í Grafarholti. Einnig sáu félagar um bálkóst sem var haldinn í kringum þrettándann við Reynisvatn í samstarfi við foreldrafélag skólanna og íþróttafélagið Fram.

Félagsstörf:

Haldnir voru alls 11 félagsfundir á árinu. Stjórn og varastjórn fór í Leiðtogaskóla Lions sem haldin var í Munaðarnesi 22.-23. okt og 12.-13. nóv. Stofnskrárhátíð klúbbsins var haldin í gólfskála GR 18. nóvember.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Hákon Hákonarson	Varaformaður	Óttarr Guðlaugsson
Ritari	Hringur Pálsson	Vararitari	Andrés Guðmundsson
Gjaldkeri	Júlíus H. Eyjólfsson	Varagjaldkeri	Óskar Örn Ólafsson

Hringur Pálsson ritari

Lionsklúbburinn Váli, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072-0466745
Stofndagur:	11. október 1986
Stofnskrárhátíð	30. desember 1986
Fjöldi stofnfélaga:	25
Fundartími:	2. og 4. þriðjudagur kl. 20.00
Fundastaður:	Grensáskirkja Háaleitisbraut

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður:	Oddur Ólason
Ritari:	Magnús Steingrímsson
Gjaldkeri:	Kristján Kristjánsson

Félagar í upphafi starfsárs voru 16. og erum við enn 16. Mæting það sem af er starfsárs er viðunandi

Fjáraflanir:

Ýmis smáverkefni aðallega vinna.

Verkefni:

Klúbburinn hefur eins og undanfarin ár séð um áletrun á Medic Alert merkin í sjálfböðavinnu. Grafið hefur verið á ca. 440 merki (15 min. á merkið). Þannig hefur klúbburinn lagt ekki minna en 110 kls til MedicAlert á árinu. Þá hefur farið talsverður tími í gámaverkefnið. Klúbburinn færði Líknardeild Landspítala Háskólasjúkrahúss í Kópavogi og M.S. samtökunum sitthvora rafskutluna að gjöf með aðstoð J. Eiríksson ehf sem við þökkum aðstoðina.

Félagsstörf:

Fundir voru færðir nokkrum sinnum af venjulegum fundarstað t.d í Keiluhöllina og víðar. Skemmtanir voru með hefðbundnum hætti.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Þorgeir Ólafsson
Ritari	Jón Sigurðsson
Gjaldkeri	Jón Sigurðsson

Magnús Steingrímsson , ritari

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Númer klúbbs:	4072-029143
Stofndagur:	6. apríl 1974
Stofnskrárhátíð:	8.apríl 1974
Fjöldi stofnfélaga:	30
Fundartími:	2. og 4. mánudagur kl. 20.30
Fundastaður:	Arnardrangur Hilmisgötu

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Ingimar Heiðar Georgsson
Ritari	Friðrik Harðarson
Gjaldkeri	Sigmar Georgsson

Fjáraflanir:

Verkefni :

Félagsstörf :

Starfsárið hófst með almennum félagsfundi 19.september 2005. Í byrjun október var óvissuferð í boði fráfarandi stjórnar, og þann 14. október fóru fram stjórnarskipti, og er sá háttur nýr hjá okkur að hafa stjórnarskipti á 3ja fundi starfsársins, okkar reynsla er sú að oft dregst í nokkrar vikur að hefja vetrarstarfið ef ný stjórn tekur við á vorin, því verður þessi háttur hafður á hjá okkur aftur næsta vetur.

Vetrarstarfið hófst síðan formlega hjá nýrri stjórn þann 14. október og framan af vetri var starfið mjög hefðbundið, við fórum í okkar árlegu fyrirtækjasöfnun sem er ein af okkar stærstu fjáröflunum, einnig seldum við jóladagatöl til fyrirtækja og einstaklinga og pokasjóður verslunarinnar Vöruval hér í Vestmannaeyjum skilaði okkur verulegum fjármunum.

Guðmundur Valtýrsson, umdæmisstjóri, heimsótti klúbbinn í október og áttum við saman skemmtilega kvöldstund.

Eins og undanfarin ár gladdi klúbburinn skjólstaðinga sína með jólagjöfum. Um miðjan desember tók klúbbstarfið á sig töluvert breytta mynd. Klúbbnum barst beiðni frá Vestmannaeyjadeild Rauðakross Íslands, hvort Lionsfélagar í Vestmannaeyjum tækju að sér endurbætur á eldhúsi neyðaríbúðar Rauðakrossins en þessi íbúð er staðsett á þriðju og jafnframt efstu hæð Arnardrangs, þar sem Lionsklúbbur Vestmannaeyja hefur aðstöðu fyrir starfssemi sína. Vel var tekið í beiðni þessa og var hafist handa um miðjan desember, fljótlega komu í ljós hinir ýmsu gallar á téðri íbúð, og lyktaði málum þannig að klúbbfélagar gerðu íbúðina nánast upp á nýtt. Lauk endurbótum á íbúðinni nú í lok mars. Var vinnuframlag okkar Lionsmanna rétt um þúsund vinnustundir. Því endaði þessi "litla" eldhússkvering sem okkar stærsta fjáröflun þetta starfsárið.

Alls voru haldnir 12 félagsfundir í vetur að auki fleiri, fleiri, fleiri smíðafundir. Við lyftum okkur upp þrisvar sinnum saman í vetur, og ljúkum formlegu vetrarstarfi með vorfögnuði þann 24.mai 2006.

Eins og undanfarin ár tók klúbburinn þátt í hreinsunardegi Vestmannaeyja, 6. maí 2006. Eins og öðrum sköpurum þá er okkur annt um sköpunarverk okkar því fóru nokkrir klúbbfélagar suður í Stórhöfða og oliubáru Útsýnispallinn góða sem við Lionsfélagar smíðuðum síðastliðið vor, og gáfum Vestmannaeyjabæ, ásamt fleiri aðilum sem komu að því verkefni.

Á síðasta starfsári voru í Lionsklúbbi Vestmannaeyja 12 félagar. Stefnt er að fjölgun fyrir næsta starfsár.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður
Ritari
Gjaldkeri

Með Lionskveðjum.

Vestmannaeyjum 23. maí 2006.

Ingimar H Georgsson formaður Lionsklúbbs Vestmannaeyja starfsárið 2005-2006.

Lionsklúbburinn Vitaðsgjafi, Eyjafjarðarsveit/Svalbarðsströnd

Númer klúbbs:	4075 029520
Stofndagur:	28. apríl 1974
Stofnskrárhátíð:	7. desember 1974
Fundartími:	Annar hver þriðjudagur kl. 20:30
Fundarstaður:	Hrafnagilsskóli, Eyjafjarðarsveit

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Hjörtur Haraldsson
Ritari	Rögnvaldur R Símonarson
Gjaldkeri	Sveinn Egilsson

Fjáraflanir:

Fáraflanir kúbbsins voru með hefðbundnu sniði. Sala á ljósaperum í september og október. Leiðarlýsing í öllum 6 kirkjugörðum í Eyjafjarðarsveit frá fyrsta sunnudegi í aðvenu og fram yfir þrettánda.

Verkefni:

Vinna fyrir Eyjafjarðarsveit og Kristnesspítala.

Félagsstörf:

Í klúbbum eru 20 félagar, þar af einn ævifélagi og einn Melvin Jones félagi. Starfsárið hófst í september og lauk í maí. Haldnir voru 16 fundir sem skiptast þannig: átta fundir í Hrafnagilsskóla, þrjár fundir annarsstaðar, ein óvissuferð, þrjár vinnufundir og ein leikhúsfélag. Á sjö fundi komu fyrirlesarar.

Styrkir voru veittir til eftirtalinna: Hjálparveitin Dalbjörg, meðferðarheimilið á Syðra Laugarlandi, Íþróttasamband Fatlaðra og SPOEX (samtek psoriasis og exemsjúklinga á Akureyri).

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Aðalsteinn Hallgrímsson
Ritari	Sigurgeir Pálsson
Gjaldkeri	Tryggvi Jóhannesson

Hjörtur Haraldsson, formaður.

Lionsklúbburinn Víðarr

Númer klúbbs:	4072-042568
Stofndagur:	28. mars 1983
Fjöldi stofnfélaga:	29
Stofnskrárhátíð:	14. apríl 1983
Fundartími:	1. og 3. miðvikudagur kl. 18:45
Fundarstaður:	Lionsheimilið Sóltúni 20

Stjórn yfirstandi starfsárs

Formaður Gizur Gottskálksson

Ritari Halldór Halldórsson

Gjaldkeri Óskar Guðjónsson

Í upphafi starfsárs voru 48 félagar og tveir gengu úr klúbbum, félagar eru núna 46.

Fjáraflanir og verkefni

Hið landskunna Víðarrsblót, sem gaf af sér um 1.000.000.-

Verkefni

Ljósinu sem er félag krabbameinssjúkra barna og aðstandenda þeirra í formi fjárframlaga.

Styrkur vegna veikinda Jóns Halldórs Harðarsonar.

Íþróttafélag fatlaðra vegna kaupa á verðlaunapeningum. Tillaga um framlag kr. 250.000.- var samþykkt af fundinum án umræðna.

Umsókn frá Hjálparsjóði fjöllumdæmisins vegna náttúruhamfara erlendis. Tillaga um kr. 500.- pr félagsmann samþykkt án umræðna.

Erindi Lkl. Eikar um kaup á litabókum um brunavarnir. Samþykkt að kaupa 60 eintök sem stjórn klúbbsins dreifi eftir nánari könnun á högum barna á vegum Stígamóta og Barna- og unglingsgeðdeild LSH.

Styrkur til Götusmiðjunnar með fjárframlögum.

Umsókn frá Hjálparsjóði fjöllumdæmisins vegna náttúruhamfara erlendis. Tillaga um kr. 500.- pr félagsmann samþykkt án umræðna.

Og fleiri smáaðilar voru studdir með ýmsum móti.

Félagsstörf:

Tveir félagar, Guðmundur Bjarnason og Pétur Már Jónsson voru heiðraðir sem Melvin Johns félagar. Annars var félagsstarfið með hefðbundnum hætti. Svólítil lægð var í klúbbnum í vetur og menn uppteknir í ýmsum störfum.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður Haukur Harðarson

Ritari Jón Gauti Jónsson

Gjaldkeri Grímur Leifsson

Halldór Halldórsson ritari

Lionsklúbburinn Ýr, Kópavogi

Númer klúbbs:	4072 053265
Stofndagur:	29. mars 1984
Fjöldi stofnfélaga:	34
Fundartími:	2. og 4. mánudagur kl. 19:15
Fundarstaður:	Lionsheimilið Lundur, Auðbrekku 25

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Katrín Karlsdóttir
Ritari	Sólveig Helga Jónasdóttir
Gjaldkeri	Kristín Björgvinsdóttir

Í byrjun starfsárs voru félagar 30. Um miðjan vetur hættu tveir félagar. Í febrúar bættust 7 nýir félagar við og eru félagar því 35 talsins. Tíu fundir voru haldnir á starfsárinu.

Markmið

Félagar ákváðu að hafa einn fund í mánuði á þessum vetri. Stjórnin setti sér þrjú markmið í upphafi starfsárs. 1. Að fjölga félögum, 2. Að efla jákvæðan félagsanda 3. Að finna verðug fjáröflunarverkefni.

Fjölgun

Fimm nýir félagar voru teknir inn í klúbbinn og tveir fluttust frá öðrum klúbbum utan af landi og gengu til liðs við okkur.

Félagsandi – langtímamarkmið: Hugmyndablöðum var dreift til félaga þar sem þeir fengu tækifæri til að tjá sig um starfsemina og segja sínar skoðanir og koma með nýjar hugmyndir. Niðurstöður hafa verið kynntar og mun næsta stjórn fá þær í hendur til að fylgja þeim eftir. Lögð var áhersla á að fá fyrirlesara til að ræða um jákvæðan félagsanda. Nokkuð var reynt að virkja félagana sjálfa til frekari þátttöku á fundum, lesa ýmsa fróðlega texta, segja brandara og syngja saman í upphafi funda. Mikilvægt að allir félagar eigi þátt í að efla félagsandann og standi saman að þeim ákvörðunum sem teknar verða.

Fjáröflunarleiðir: Ekki tókst að finna fjáröflunarverkefni við hæfi. Það hefur verið mjög vandamt að finna leiðir sem ekki önnur félagasamtök eru með, Félagar allir sem einn verða saman að finna nýjar leiðir.. Fyrri stjórn stóð fyrir konukvöldi sem tókst mjög vel og er áætlað að taka það upp aftur og hafa það annað hvert ár.

Verkefni: Klúbburinn með Líknarefnd í fararbroddi stóð fyrir því að gefa rafknúnar loftfylltar yfirdýnur til hjúkrunarþjónustunnar Karítas og hjartalínurit til Sunnuhlíðar. Sú síðastnefnda var gefin til minningar um hjónin Huldu Alexandersdóttir og Ingimar Sigurðsson sem voru bæði mikilvirtir félagar í Ýr og Muninn. Hlutaðeigandi aðilar mættu á fund til að taka við fyrrnefndum gjöfum, útskýrðu starfsemina og lýstu yfir þakklæti sínu, fyrir hönd sinna samtaka.

Félagsstarf

Ýrarkonur tóku þátt í hinni árlegu kirkjuferð fyrir aldraða sem Muninn skipuleggur og sér um. Þá er öldruðm boðið til kirkju og kaffi á eftir í Lundi. Ýrar konur sjá um allt meðlæti og veitingahald. Dagskrá og útivistarnefnd skipulagði góða vetrar og vorferð sem tókust mjög vel. Í vetur voru ýmsir fyrirlesarar fengnir á fundi til að fjalla um ýmis málefni sem gerður var góður rómur að.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Erla Stefánsdóttir
Ritari	Dollý Nielssen
Gjaldkeri	Guðrún Einarsdóttir

Lionsklúbburinn Þengill, Grenivík

Númer klúbbs:	4075 021344
Stofndagur:	11. apríl 1969
Fjöldi stofnfélaga:	20
Stofnskrárhátíð:	6. desember 1969
Fundartími:	1. og 3. miðvikudagur kl. 21
Fundarstaður:	Grenivíkurskóli

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Þórarinn I Pétursson
Ritari	Björn Ingólfsson
Gjaldkeri	Grétar Guðmundsson

Fjáraflanir:

Sölubíll á Gljúfurárrétt, peru- og pappírssala, jólasælgæti.
Hagnaður samtals 276.092,- kr.

Verkefni:

Til Grýtubakkahrepps vegna leikvallar, 50.000,- kr.
Handa langveikum manni, 25.000,- kr.
LCIF sjóður, 10.000,- kr.
Þengillinn, menningarverðlaun Grýtubakkahrepps, 98.500,- kr.
Íþróttafélag fatlaðra, 10.000,- kr.
Sjónvarp í Grenivíkurskóla, 32.900,- kr.
Samtals gjafir og styrkir 226.400,- kr.

Félagsstörf:

Árshátíð með Búnaðarfélagi Grýtubakkahrepps og Hestaíþróttafélaginu Þráni.
Félagar tóku að sér að flokka og dreifa jólakortum í sveitarfélaginu.
Þengilsfélagar heimsóttu Lkl. Húsavíkur á jólafund þeirra í desember.
Húsvíkingar endurguldu heimsóknina á fyrsta fundi í janúar sem er hefðbundinn hangikjötsfundur.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Gísli Jóhannsson
Ritari	Pétur Þórarinsson
Gjaldkeri	Jóhann Ingólfsson

Björn Ingólfsson
ritari

Lionsklúbburinn Þernan, Hellissandi

Númer klúbbs:	4075-055895
Stofndagur:	5.maí 1994
Fjöldi stofnfélaga:	35
Stofnskrárhátíð:	29.okt 1994
Fundartími:	2.miðvikudag kl 20:30
Fundarstaður:	Félagsheimilið Röst

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Guðrún Fríða Pálsdóttir
Ritari	Hjördís Alexandersdóttir
Gjaldkeri	Harpa Björnsdóttir

Félagar á árinu voru 28, 5 í fríi, 23 virkar

Fjáraflanir:

Helsta fjáröflun klúbbsins er þrif á Félagsheimilinu Röst og á sumarbústöðum LÍÚ á Hellnum.

Verkefni:

Lionsklúbburinn Þernan ásamt Lionsklúbbi Nesþinga gáfu björgunarskóla Landsbjargar á Gufuskálum, hjartastuðtæki til að nota við kenslu.

Félagsstörf:

Haldir voru 9 fundir þar af einn sameiginlegur fundur með Lionsklúbbum Rán í Ólafsvík og Lionsklúbbum Hörpu í Stykkishólmi og tveir fundir með Lionsklúbbi Nesþinga Hellissandi

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður	Steinun Júlíusdóttir
Ritari	Guðbjörg Gunnarsdóttir
Gjaldkeri	Guðrún Gísladóttir

Lionsklúbbur Þorlákshafnar

Númer klúbbs:	4072 030971
Stofndagur:	27. maí 1975
Fjöldi stofnfélaga:	16
Stofnskrárhátíð	8. október 1975
Fundarími:	2. og 4. miðvikudagur í mánuði
Fundarstaður:	Egilsbraut 9, Þorlákshöfn

Stjórn þessa starfsárs

Formaður	Sigurður Garðarsson
Ritari	Páll Halldórsson
Gjaldkeri	Hermann Dan Másson

Félagafjöldi á starfsárinu 16.

Fjáraflanir:

Herðatrjáaflokkun fyrir verslanir HAGA. Vegahreinsun með Þorlákshafnarvegi, Þrengslavegi og Eyrarbakkevegi. Á aðfangadag klæðast félagarnir í jólasveinabúning og færa börnunum gjafir.

Verkefni:

Starfsemi klúbbsins hefur verið með hefðbundnum hætti. Veittar eru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í Grunnskóla Þorlákshafnar. Einnig styrkur í L.C.I.F. sjóðinn. Þá vinnur klúbburinn einnig að jarðrækt og plantar lúpínu í sandinn norðan Þorlákshafnar. Einnig gróðursetur klúbburinn talsvert af trjám í skógarreit sem hann hefur komið sér upp.

Félagsstörf:

Gestir klúbbsins á starfsárinu voru Guðmundur Rafnar Valtýrsson umdæmisstjóri 109 A og Guðmunda Auðunnsdóttir svæðisstjóri. Þá var haldinn opinn fundur í Versölum í Þorlákshöfn. Fundarefnið var að fræðast og spyrja út í hitakerfi heimilanna. Fyrirlesari var Sigurður Grétar Guðmundsson orkuráðgjafi og pistlahöfundur. Sigurður Grétar hefur um árabíl skrifað pistla í fasteignablað Morgunblaðsins um orkumál heimilanna og fl. Á fundinn mættu 30 manns og urðu miklar umræður eftir erindi Sigurðar. 25. febrúar var konukvöld sem haldið var í Hestakránni sem er í Skeiða-og Gnúpverjahreppi. Þá vor tveir nýir félagar teknir inn í klúbbinn, sá þriðji búin að mæta þrisvar. Einn hefur sagt sig úr klúbbnum.

Stjórn næsta starfsárs.

Formaður	Jón Hjartarson
Ritari	Sigurður Garðarsson
Gjaldkeri	Svanur Kristjánsson

Páll Halldórsson ritari.

Lionsklúbburinn Þór, Reykjavík

Númer klúbbs:	4072 021309
Stofndagur:	6. janúar 1956
Fjöldi stofnfélaga:	19
Stofnskrárhátíð:	6. janúar 1956
Fundartími:	1. og 3. þriðjudagur kl. 19:00
Fundarstaður:	Lionsheimilið, Sóltúni 20, Reykjavík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður:	Þórir Magnússon
Ritari:	Jón Viðar Guðjónsson
Gjaldkeri:	Jón Gunnar Gíslason

Fjáraflanir:

Jólamerkjasala 382.500-

Verkefni:

Starfsemi klúbbsins var með nokkuð hefðbundnu sniði. Hjúkrunarheimilinu að Droplaugastöðum var gefið stuttbylgjutæki að verðmæti 590.000 kr. Ýmsir styrkir voru veittir m.a. til hestaþróttar, Hjálparstofnunar kirkjunnar, ferðastyrkur til blindra og ferðastyrkur til leikhóps þroskaheftra.

Félagsstörf:

Haldnir voru alls 18 fundir á starfsárinu. Fyrirlesarar mættu á nokkra fundi, auk þess sem umdæmisstjóri og svæðisstjóri heimsóttu klúbbinn. Félagar og makar fóru skemmtilega haustferð um suðurland, með viðkomu á fjölmörgum stöðum.

Jólafundur var haldinn með þátttöku eiginkvenna. Sameiginleg afmælishátíð Lionsklúbba Keflavíkur, Hafnarfjarðar, Akraness og Lionsklúbbsins Þórs var haldin í tilefni af 50 ára afmæli klubbanna. Skemmtileg vorferð var farin með mökum, þar sem komið var við á Hvalfjarðarströnd, Akranesi og víðar, áður en lokaskemmtun var haldin á stórkostlegum stað, veitingahúsinu “Tíminn og Vatnið” við Grímsá.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Gunnar Már Hauksson
Ritari	Sigurjón Kristjánsson
Gjaldkeri	Sigurður J. Kristinsson

Jón Viðar Guðjónsson, ritari

Lionsklúbburinn Ægir

Númer klúbbs:	4072 021304
Stofndagur:	6. mars 1957
Fjöldi stofnfélaga:	17
Fundartími:	2. og 4. miðvikudag í hverjum mánuði
Fundarstaður:	Fundarsalur Sundaborgar, Sundaborg 1, Rvk

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Andrés Erlingsson
Ritari	Halldór Steingrímsson
Gjaldkeri	Erlingur Kristinn Stefánsson

Í upphafi starfsárs voru 31 skráðir félagar í klúbbum og þar af einn ævifélagi. Enginn nýr félagi gekk í klúbbinn og tveir félagar hættu í klúbbum. Einn félagi lést á árinu. Félagatalan varð því 28 félagar í lok starfsárs.

Fjáraflanir:

Kútmagavöldið var haldið annan fimmtudag marsmánaðar samkvæmt hefð og venju og bar hann upp þann 9. mars á því herrans ári 2006. Þetta er eina og jafnframt aðalfjáröflun Lionsklúbbsins Ægis og tókst kvöldið afar vel. Í heildina safnaðist vel rétt um 2 milljónir króna. Veislustjóri að þessu sinni var Þorgeir Ástvaldsson, útvarpsmaður. Ræðumaður kvöldsins var Árni Björnsson, þjóðhátafræðingur. Fór hann fór víða í sínu máli, og tók á óvenjulegum málum með sérlega skemmtilegum hætti. Skemmtikraftur kvöldsins var Jóhannes Kristjánsson, eftirherma frá Ingjaldssandi. Jóhannes fór á kostum þetta kvöld og uppskar gifurleg hlátrasköll og fagnaðarlæti. Happraætti kvöldsins stjórnaði Þorgeir Ástvaldsson, með dyggri aðstoð Haraldar Sigurðssonar, formanns framkvæmdarnefndar. Þorbergur Aðalssteinsson fyrrverandi landsliðsþjálfari, einn af gestum kvöldsins, sá um að draga úr hattinum til að fyllsta hlutleysis yrði gætt.

Verkefni:

Fyrsta verkefni klúbbsins nú, eins og undanfarin ár var að heimsótt var heimilisfólkið að Hátúni 12 og spilað bingó þann 12. október 2005. Er það gert að venju í tengslum við alþjóðlegan þjónustudag Lions þann 8. okt. ár hvert.

Litlu-jólin á Sólheimum voru haldin með heimilisfólki á Sólheimum sunnudaginn 11. desember 2005. Sótt var um fyrir 2 félaga vegna Melvin Jones.

Framlög úr Líknarsjóði Ægis fyrir þetta starfsár voru eftirfarandi:

BUGL (Barna og unglingsgeðdeild Landsspítalans): Gefið var framlag í byggingarsjóð BUGL. Var það eyrnamerkt svokölluðum "Ljónagarði" sem er hluti af uppbyggingu BUGL. Samtals 500 þús. kr.

Sólheimar í Grímsnesi: Gefin var heitur pottur við sundlaugina á staðnum. Samtals kr. 450 þús. kr.

Orkestra Norden. Samtals krónur 20 þús. kr.

Götusmiðjan. Styrkur vegna starfseminnar. Samtals kr. 30 þús. kr.

Líknarsjóður Umdæmisins. Samtals 15.500 kr.

Gigtarfélag Íslands og Krabbameinsfélagið. Samtals kr. 25 þús. kr. í minningu látins félaga.

Íþróttafélag fatlaðra. Samtals krónur 50 þús. vegna þátttöku í íþróttamótum á árinu 2006.

Ljósíð, félag krabbameinssjúkra og aðstandenda þeirra. Samtals kr. 50 þús. kr.

Félagsstörf:

Konukvöld var haldið 4. nóvember 2005 í Kornhlöðunni á Lækjarbrekku í Rvk.

Jólafundur var haldin þann 11. desember 2005 með þeirri nýbreytni að bjóða mökum félaga með og fór hann fram í fundarsal Sundaborgar. Lokafundurinn var haldinn 28. apríl 2006, á veitingastaðnum Caruso í Bankastræti Rvk og var mökum boðið með.

Gestir á fundum: Svæðisstjóri á svæði 7A, Egil Skúla Ingibergsson kom 26. október 2005 og umdæmisstjóri umdæmi 109A, Guðmundur Rafn Valtýsson kom 9. nóvember 2005.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Haraldur Sigurðsson	Varaformaður	Björn Gunnarsson
Ritari	Gunnar Pálsson	Vararitari	Hafsteinn Gunnarsson
Gjaldkeri	Magnús Narfason	Varagjaldkeri	Erlingur Kr. Stefánsson

Með Lionskveðju.

Andrés Erlingsson, formaður. Halldór Steingrímsson, ritari, Erlingur Kr. Stefánsson, gjaldkeri.

Lionsklúbburinn Æsa, Njarðvík

Númer klúbbs:	4072 059302
Stofndagur:	26. apríl 1997
Fjöldi stofnfélaga:	29
Stofnskrárhátíð:	26. apríl 1997
Fundatími:	1. og 3. þriðjudagur kl. 18:30
Fundarstaður:	Flughótel Keflavík.

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Kolbrún Sigurðardóttir
Ritari	Ingibjörg Elín Bjarnadóttir
Gjaldkeri	Ólína Margrét Haraldsdóttir
Stallari / siðameistari	Rannveig Lilja Garðarsdóttir

Í upphafi starfsárs voru félagar 29. Einn félagi hætti. Virkir félagar í lok starfsárs eru 28.

Fjárafliarir:

Pokasala.

Verkefni:

Gefnar voru litabækur til 3ja bekkjar Grunnskóla Njarðvíkur. Styrkur veittur til LCIF og Orkester Norden. Fjárhagsstuðningur til einstaklings í Reykjanesbæ vegna ráðstefnu erlendis. Ung hjón voru styrkt vegna veikinda barns. Ungir bræður sem eiga við alvarleg veikindi að stríða voru styrktir til tækjakaupa. Dagvistun geðfatlaðra, árlegur styrkur. Fórum með jólapakka að jólatré mæðraskyrksnefndar í Kringlunni. Lkl. Æsa gerðist Modelklúbbur í apríl og skuldbindur sig þar til að styrkja Sight First II verkefnið til næstu 5 ára. Stúlka var valin til að fara í unglingskiptabúðir á vegum Lions í sumar.

Félagsstörf:

Félagsstarfið hefur verið með hefðbundnum hætti. Fyrri fundur mánaðarins er matarfundur með hefðbundinni dagskrá. Seinni fundinn skiptast nefndir á að skipuleggja, er þá farið að heimsækja listamenn eða fyrirtæki á svæðinu, farið á kaffihús, í göngutúra og annað í þeim dúr. Á hverjum matarfundi hefur einn félagi það verkefni að koma með efni til upplestrar að eigin vali, nefnum við þennan lið Fróða. Umdæmisstjóri Guðmundur Rafnar Valtýsson, Hrund Hjaltadóttir fræðslustjóri Lions, Kristinn Hannesson verkefnisstjóri Sight First II og Kristjana E. Guðlaugsdóttir, unglingskiptastjóri heimsóttu okkur í vetur. Indiana E. Þorsteindóttir sagði okkur frá ráðstefnu um sjálfsvíg og Hulda Guðmundsdóttir guðfræðingur/djákni flutti okkur jólahugvekjju. Óvissuferðin var um Suðurnesin og snæddum við kvöldverð í Salthúsinu í Grindavík eftir skemmtilegan dag. Sameiginlegur fundur Lionsklúbbana í Njarðvík, svokallað Hungurkvöld var haldinn í janúar, þá elda Æsur og selja herrunum matinn á vægu verði. Lokafundurinn var haldinn ásamt mökum að Hótel Hamri við Borgarnes þann 6. maí, þar fóru fram hefðbundin stjórnarskipti.

Stjórn næsta starfsárs:

Formaður	Kristjana Guðlaugsdóttir
Ritari	Geirþrúður F. Bogadóttir
Gjaldkeri	Brimhildur Jónsdóttir
Stallari / siðameistari	Hallfríður A. Matthíasdóttir.

Gert í maí 2006 Ingibjörg Elín Bjarnadóttir, ritari.

Lionsklúbbur Önundarfjarðar

Númer klúbbs:	4705-021337
Stofndagur:	7. ágúst 1971
Fjöldi stofnfélaga:	30
Fundartími:	2. mánudag kl. 20:00
Fundarstaður:	Lionshúsið, Flateyri

Formaður	Björn Birkisson
Ritari	Jón Friðgeir Jónsson
Gjaldkeri	Kristján Jóhannesson

Félagar eru 10.

Fjáraflanir:

Aðalfjáröflun klúbbsins er skötuverkun og sala. Þetta er unnið frá október og allt til febrúar eftir því sem hráefni fæst, en mest er unnið í október og nóvember. Einnig hefur verið unninn hnoðmör til að hafa með skötunni. Þá eru seld jóladagatöl Lions en þau veða ekki þungt. Jólamarkaður hefur verið haldinn í byrjun desember í samvinnu við önnur félög á Flateyri.

Verkefni:

Aðalverkefni klúbbsins er viðhald hússins að Grundarstíg 27 og rekstur þess, en Tónlistarskóli Önundarfjarðar er þar til húsa. Krabbameinsfélagið Sigurvon á Ísafirði var styrkt um 100 þúsund krónur.

Félagsstörf:

Fáir kaffifundir hafa verið haldnir á árinu en oftast komið saman vegna fjáraflana og hafa þar mætt þeir sem getað hafa hverju sinni. Félagsmenn eru fáir og margir önnur kafnir svo mæting hefur verið misjöfn og þunginn mætt á fáum en dugmiklum félögum. Klúbburinn hefur staðið fyrir blysför á Flateyri hvert gamlárskvöld í meira en 30 ár. Víðavangshlaup féll niður vegna ónógrar þátttöku.

Stjórn næsta starfsár:

Formaður	Björn Birkisson
Ritari	Jón Friðgeir Jónsson
Gjaldkeri	Kristján Jóhannesson

Jón Fr. Jónsson, ritari

Lionsklúbburinn Ösp Akureyri

Númer klúbbs:	4075-055812
Stofndagur:	22. apríl 1994
Fjöldi stofnfélaga:	33
Stofnskrárhátíð:	8. október 1994
Fundatími:	2. fimmtudagur kl. 19:30
Fundastaður:	Hótel KEA

Stjórn þessa árs:

Formaður Hallfríður Magnúsdóttir

Ritari Áslaug Magnúsdóttir

Gjaldkeri Jóna Þórðardóttir

Klúbbfélaga voru lok síðasta starfsárs 21. Einn félagi sagði sig úr klúbbnum en nýr félagi Ragnheiður Antonsdóttir bættist í okkar hóp á marsfundi, þannig að félagafjöldi er sá sami.

Fjárafliar:

Sala á jólastjörnum, hreingerningar og veitingar á fundum.

Verkefni:

Fastir liðir klúbbsins er fjárframlag til Mæðrastyrksnefndar Akureyrar fyrir jólin, greiðsla í LCIF sjóðinn, þjónustuverkefni í gegnum SOS barnaþorpið og verið er að vinna að verkefni fyrir Heilsugæslustöðina á Akureyri.

Félagstörf:

Haldnir voru 9 fundir á ýmsum stöðum í bænum. Erla Hallgrímsdóttir sem tilnefnd hafði verið sem Melvin Jones félagi var sæmd sínu heiðursmerki á fyrsta fundi starfsársins og eru nú 3 Melvinsfélagar í klúbbnum.

Jólafundur var hátíðlegur að vanda, séra Sólveig Halla Kristjánsdóttir var gestur fundarins auk maka og vina klúbbkvenna.

Heimsóknir milli klúbba voru með meira móti. Félagar í Lkl. Sunnu á Dalvík komu í heimsókn eftir áramótin og á vordögum heimsóttum við Lkl Skagafjarðar og sátum með þeim fund að Löngumýri. Lokafundur starfsársins var mjög ánægjuleg óvissuferð sem endaði með gistingu á Reykjum í Fnjóskadal.

Fyrirlesarar á fundum á starfsárinu voru skiptineminn okkar Harpa Sif Sigurðardóttir sem sagði frá ferð sinni í til Belgíu í máli og myndum og Bryndís Þórhallsdóttir hjúkrunarfræðingur sem flutti erindi um líknandi meðferð sjúkra, en Lkl Ösp er ásamt öðrum Lionsklúbbum og félagasamtökum aðili að BJARMA nýstofnuðu félagi um líknandi meðferð.

Lkl. Ösp hefur nú starfað innan Lionshreyfingarinnar í 20 ár og af því tilefni var aldursforseti klúbbsins Ingibjörg Dan Kristjánsdóttir tilnefnd sem ævifélagi.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður Sunna Árnadóttir

Ritari Árdís Sigvaldadóttir

Gjaldkeri Anna Hallgrímsdóttir

Áslaug Magnúsdóttir ritari

Lionessuklúbbur Keflavíkur

Númer klúbbs:	4072-21295
Stofndagur:	26. maí 1982
Fjöldi stofnfélaga:	33
Stofnskrárhátíð:	26. maí 1982
Fundartími:	2. þriðjudagur hvers mánaðar kl. 19:00
Fundarstaður:	Flughótel Keflavík

Stjórn þessa starfsárs:

Formaður	Erla Zakaríasdóttir
Ritari	Særún Ólafsdóttir
Gjaldkeri	Drífa Maríusardóttir

Fjáraflanir:

Vinna við jólasælgætið hófst í október og lauk í byrjun desember, hagnaður af sölu þess var rúmlega kr. 1.200.000,-

Listmunahappdrættið á Góugleði gaf kr. 268.000,- sem fóru til líknarmála.

Verkefni:

Styrkir voru veittir til líknarmála, einstaklinga og félagasamtaka á starfsárinu 2005-2006. Afhentar voru litabækur í grunnskóla Keflavíkur í samvinnu við Brunavarnir Suðurnesja. Hjólastólar voru keyptir fyrir dagdvöl aldraðra Suðurgötu og Hlévang Reykjanesbæ.

Styrki fengu m.a. Sjálfsbjörg, Krabbameinsfélag Suðurnesja og Hjartaheill.

Félagsstörf:

Níu fundir voru haldnir á starfsárinu og var mæting þökkaleg. Guðmundur Rafnar Valtýsson umdæmisstjóri 109A kom til okkar í apríl. Hin árlega Góugleði var haldin í Stapa þann 24. febrúar og var húsfylli af glæsilegum konum nær og fjær. Heiðursgestur var rithöfundurinn Kristín Marja Baldursdóttir.

Starfsárinu lauk með óvissuferð sem var dagsferð austur fyrir fjall.

Stjórn næsta starfsárs

Formaður	Hulda Matthíasdóttir
Ritari	Gunnþórunn Gunnarsdóttir
Gjaldkeri	Hrafnhildur Gunnarsdóttir

Erla Zakaríasdóttir, formaður